



**SKOÐUN** Ef til vill var lán í óláni að flytja ekki flugvöllinn eftir atkvæðagreiðslu, segir Guðmundur Andri. **17**



**FÓLK** Svandís Dóra, dóttir Einars Bollasonar, fer með hlutverk í leikriti um Guðmundar- og Geirfinnsmál. **38**



**SPORT** Ólafur Gústafsson er að slá í gegn hjá Flensburg í Pýskalandi. Hann er ekki á leið aftur heim. **32**

**FARTÖLVUR**  
15,6" FARTÖLVUR FRÁ **69.990**  
YFIR 50 GERÐIR Á LAGER  
TÖLVU LISTINN  
tl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
25. mars 2013  
71. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**FRÉTTIR**



**Einstakur fundur**

Feðgar fundu þrjú vel tennta rostungshausa í fjöruferð á Snæfellsnesi. **2**

**Aftur heim**

Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistan, hefur snúið aftur heim þrátt fyrir morðhótanir. **6**

**Færri fljúga innanlands**

Farþegum í innanlandsflugi hefur fækkað um rúmlega 180 þúsund frá árinu 2007. **10**

**Fjárskortur**

Hönnuðir standa ekki undir póntunum vegna vandkvæða við fjármögnun verkefna. **12**



Bolungarvík	1°	NA	3
Akureyri	2°	NA	2
Egilsstaðir	2°	SV	2
Kirkjubæjarkl.	6°	A	4
Reykjavík	5°	A	6

**VÍÐA BJART** Yfirleitt austan eða norðaustan 5-10 m/s á landinu í dag og bjartviðri eða stöku skúrir eða slyduél S- og SA-til. Hiti 0-7 stig. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Útivist | Fólk



**VILTU LÆRA LISTINA AÐ MUNA?**

TIPLAÐ MEÐ EINSTEIN

www.forlagid.is

## Við erum öll harmi lostin

Hópur íslenskra fallhlífarstökkvara á Flórída er í áfalli eftir að tveir úr þeirra röðum fórust í óvenjulegu slysi á laugardag. Lögregla ytra rannsakar tildrög slyssins, sem hefur vakið heimsathygli og þykir nánast einstakt.

**SLYS** Tveir Íslendingar, Andri Már Þórðarson og Örvar Arnarson, fórust í fallhlífarstökksslysi í Zephyrhills í Flórída á laugardag. Lögregla þar ytra rannsakar nú málið. Aðalfallhlífar mannanna opnuðust ekki en óljóst er hvað olli því. Slysini eru lýst sem nánast einstöku og málið hefur vakið heimsathygli. Íslenskir lögreglumenn bönkuðu upp á hjá ættingjum þeirra beggja klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags og tilkynntu þeim um slysið. Fjölskyldurnar eru báðar í losti vegna málsins. „Hér eru allir í áfalli,“ segir Atli Már Gylfason blaðamaður, sem er staddur í Ventura í Flórída og fór í gær í sitt fyrsta fallhlífarstökk. „Það er mikill óhugur í fólk að

fara að stökkva núna,“ sagði hann í gær. „Ég og allir Íslendingarnir hér erum harmi lostnir og viljum senda öllum aðstandendum þeirra okkar dýpstu samúðarkveðjur.“ Örvar var fertugur og þalreyndur fallhlífarstökkvari – átti yfir þúsund stökk að baki. Andri var nemandi og hafði stökkið sjö sinnum. Þeir voru í Flórída í um tuttugu manna hópi Íslendinga frá fallhlífarstökksfélaginu Frjálsu falli og höfðu fyrr í vikunni stökkið nokkrum sinnum með fyrirtækinu Skydiving City. Á laugardag fóru Andri og Örvar upp í flugvél á ellefta tímanum ásamt sautján öðrum, þar af tveimur Íslendingum. Allir



ANDRI MÁR ÞÓRÐARSON ÖRVAR ARNARSON

aðrir en þeir komust heilu og höldnu og án nokkurra vandkvæða úr stökkinu. Tvímenningarnir skiluðu sér hins vegar ekki og fljótlega upp-

„Það er mjög sorglegt þegar nemandi lætur lífið – nemandur eiga ekki að deyja og við gerum gríðarlega mikið til að tryggja öryggi þeirra.“

T.K. Hayes  
annar eigenda Skydive City

höfst leit að þeim sem lauk ekki fyrr en níu tímum síðar, um hálfátta að staðartíma, þegar þeir fundust látnir, á sama stað, í skóglendi sunnan við flugvöllinn í Zephyrhills.

- sh, fsb / sjá síðu 4



**MEISTARI Í KARLA- OG KVENNAFLOKKI** „Það er ekki hægt að kvarta yfir þessum degi og helginni í heild sinni,“ segir Elsa Sæný Valgeirsdóttir. Hún varð í gær tvöfaldur bikarmeistari, fyrst sem þjálfari karlaíðs HK og síðan sem liðsmaður kvennaíðs HK. Sjá síðu 34.

## Mörg sveitarfélög ósjálfbær: Fá allt að 70 prósent úr jöfnunarsjóði

**STJÓRNSÝSLA** Nítján sveitarfélög á Íslandi hafa yfir fjórtíu prósent af tekjum sínum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Einstök sveitarfélög fá allt að sjötíu prósent af tekjum sínum úr sjóðnum. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir þessa umræðu koma upp reglulega. „Það er hægt að segja að þessi sveitarfélög séu svo háð sjóðnum að þau gætu ekki lifað án hans. Svo má líka snúa þessu við og segja að ef jöfnunarsjóðurinn væri ekki hefðu sveitarfélögin ekki getað tekið yfir stór verkefni eins og þjónustu við fatlaða og grunnskólann,“ segir Halldór. Halldór segir það því ótrúlegt hvað íslensk sveitarfélög veiti mikla þjónustu í samanburði við sveitarfélög í flestum öðrum löndum.

- shá / sjá síðu 6

## Fjölskylda í Reykjanesbæ er ósatt eftir að tík var aflífuð: Beit hundafangara og var lógað

**DÝRAHALD** Þýskur fjárhundur var aflífaður í Reykjanesbæ eftir að hafa ráðist á hundafangara. Malgorzata Mordon Szacon og fjölskylda hennar höfðu átt tíkina Funiu í sex ár. Fjölskyldan hefur ráðið sér lögfræðing og íhugar að leita réttar síns, þar sem þau nutu ekki andmælaréttar áður en ákvörðun um að drepa hundinn var tekin. Magnús H. Guðjónsson, dýralæknir og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, segir málið einsdæmi. „Það hafði verið kvartað til lögreglu frá leikskólanum Gimli um að það væri hundur að þvælast fyrir utan og þær þyrðu ekki að setja börnin út,“ segir Magnús.

„Þegar dýraeftirlitsmaður fór á staðinn sá hann að þarna var hundur sem hafði áður verið tekin laus og bitað áður.“ Hann segir hundinn hafa ráðist á eftirlitsmanninn og bitað hann illa í handlegg og hendi og hlaupið svo inn í garðinn sinn. „Þetta er í fyrsta skipti sem við látum ekki viðkomandi njóta andmælaréttar, vegna þess að við einfaldlega gátum það ekki,“ segir Magnús, sem tók ákvörðun um að aflífa Faniu. „Ég mat það þannig að þarna væri almannaheill í húfi og að það væri best að svæfa hana strax á meðan hún var með mól.“ Magnús segir tíkina hafa verið „stórkostlega hættulega“.



**FUNIA** Malgorzata ásamt syni sínum og hundinum Funiu áður en tíkin var aflífuð.

- þeb / sjá síðu 8

Heimilis RIFINN OSTUR

370 g 100% ÍSLENSKUR OSTUR



## SPURNING DAGSINS



Jóhanna, er ekki í lagi að ég hafi slegið á þráðinn til þín?

„Jú, jú, það er í góðu lagi.“

Jóhanna Pálmadóttir, bóndi á Akri, hefur verið ráðin til Pekkingarsetursins á Blönduós til að kortleggja sögu þráðlistar í Húnaþingi.

Flokkarnir funduðu stíft yfir helgina um ýmis mál þar sem reynt var að ná samkomulagi um þinglok:

## Mörg mál undir á fundum þingflokka

**ALÞINGI** Fjölmarginir fundir voru haldnir um helgina til að reyna að ná samkomulagi um þinglok. Ekki var um formlega formannafundi að ræða, eins og gjarnan eru haldnir til að semja um þinglok, heldur hafa margir hópar fundað. Reynt var að ná saman um helstu málin sem koma á í gegn fyrir þingfrestun. Samkvæmt starfsáætlun átti að fresta þingi föstudaginn 16. mars.

Þingflokkar stjórnarflokka funduðu í gærkvöldi og í kjölfar þeirra fundu áformað að halda fundarhöldum stjórnar og stjórnarandstöðu áfram.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti

Alþingis, vonast til að flokkarnir fari að ná saman. Hún hefur boðað til þingfundar klukkan 13.30 í dag.

„Menn eru að reyna að tala sig niður á niðurstöðu og hafa fundað í nokkrum hópum yfir helgina. Það er verið að reyna að ná samkomulagi í helstu ágreiningsmálunum,“ segir Ásta Ragnheiður, sem vonast til þess að það náist að ljúka störfum þingsins fyrir páska.

Á meðal mála sem eru á dagskrá þingsins í dag má nefna heildarlög um náttúruvernd, rýmkun heimilda varðandi gjaldþyrskaup og frumvarp um stjórn fiskveiða, að ógleymdu stjórnarskrármálinu.

- kóp

„Menn eru að reyna að tala sig niður á niðurstöðu og hafa fundað í nokkrum hópum.“

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir forseti Alþingis



**ALDREI OF SNEMMT**  
Hann Ari Lár, sem er fjögurra ára, er efni- legur veiðimaður.

Feðgar æfðu sig í blíðunni í Laugardalnum í gær:

### Æfðu fluguköst fyrir sumarið

**FÓLK** Hann Ari Lár Örvarsson, sem er fjögurra ára, æfði fluguköst af mikilli íþrótt í Laugardalnum í gær ásamt föður sínum Örvari Daða Marinóssyni.

Örvar Daði segir að mikið standi til og því hafi kennslan verið nauðsynleg. „Við erum að fara með átta og níu ára gutta, syni okkar, norður í land til að opna Arnarvatnsá og Helluvatnsá. Við vorum að nota blíðuna til að kenna handtökin, því í ánum er bara veitt á flugu,“ segir Örvar. „Sá litli fylgdi með og heimtaði að fá að kasta líka. En það er auðvitað aldrei of snemmt að byrja.“

Búið er að fara með guttana í veiðibúðir til að velja vænlegar flugur, leynivopn. „Dýrbítur varð fyrir valinu. Þetta verður ævintýri hjá þeim því árnar geta gefið ævintýrlega urriðaveiði, sérstaklega svona snemma,“ segir Örvar.

- shá

Kerry harðorður í Bagdad:

### Vilja banna flug yfir Íran

**BAGDAD AP** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði á blaðamannafundi í Bagdad í gær að hann hefði gert stjórnvöldum í Íran ljóst að Bandaríkin vildu ekki að Íranir leyfðu Írökum að fljúga í gegnum lofthelgi landsins til að flytja vopn og herlið til Sírylands.

Kerry átti í einkaviðræðum við Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, og sagði eftir á að þær samræður hefðu verið „mjög líflegar“. Bandaríkjamenn telja að með því að leyfa þessi flug séu Íranir að styðja Bashar Assad, forseta Sírylands, og vinna gegn andspyrnuhópum sem Vesturlönd styðja.

- fsb

Skýrsla starfshóps kynnt:

### Geirfinnsmálið lýkst upp í dag

**STJÓRNSÝSLA** Starfshópur innanríkisráðherra um Guðmundar- og Geirfinnsmálið hefur skilað skýrslu sinni til ráðherra. Hún verður kynnt á blaðamannafundi í ráðuneytinu í dag klukkan 14.00.

Hópurinn var skipaður til að fara yfir öll gögn málsins á nýjan leik, bæði málgögn og annað sem kann að skipta máli, og fara svo yfir málið í heild sinni. Ekki síst var hlutverk hans að kanna hvort eitthvað hefði aflaga farið við rannsókn þess. Honum var jafnframt falið að meta hvort til efni væri til einhverra aðgerða í kjölfarið.

- sh

## Fjörufurð gaf tennur og hausa af rostungi

Feðgar fundu þrjá vel tennta rostungshausa í fjörufurð á Snæfellsnesi. Einstakur fundur í sögunni. Nýttir til skrauts hjá fjölskyldunni en tennurnar eru mjög eftirsóttar. Náttúrufræðistofnun afpakkaði að rannsaka hausana vegna fjárskorts.

**NÁTTÚRA** „Ég og synir mínir vorum að ganga á ströndinni þegar við hnutum um heilan rostungshaus með tveim tönnum. Eitthvað fórum við að snuðra þarna um og þá fann ég stóra tönn og bráðlega annan haus, aðeins minni, og svo þann þriðja,“ segir Örn Erlends- son, forstjóri Triton, sem fann þrjá rostungshausa og stakar rostungstennur í fjörinni við sumarhús sitt í Staðarsveit á Snæfellsnesi í apríl 2008.

Örn segir að innan um rostungshausana hafi verið þó nokkuð af hvalbeini. Það segir hann ekki óalgengan fund í fjörinni í Staðarsveit en rostungshausa, eða tennur, hefur hann ekki fundið fyrr eða síðar. Hann segir að tíu dögum fyrir fundinn hafi gert sunnan og suðvestan rok ofan í stórstraum. „Það virðist sem þessu hafi skol- að á land í óveðrinu á afmörkuðu svæði,“ segir Örn.

Fundur sem þessi sætir tíðindum og er jafnvel einstakur á Íslandi. Rostungstennur voru nefndar flabein norðursins fyrr á tíð, svo verðmætar voru þær. Tennur frá Grænlandi voru taldar gersemi og þóttu gjaldgengar sem gjafir til konunga á miðöldum.

Eftir því sem næst verður komist er sjaldgæft að rostungstennur finnast hérlandis, hvað þá vel tenntar hauskúpur, fleiri en ein. Þær finnast þó annað slagið og helst á Snæfellsnesi. Eins hafa fundist tennur við fornleifauppgroft, eins og í skálanum í Aðalstræti í Reykjavík á sínum tíma.

Örn segir að líffræðingar hafi ekki rannsakað tennurnar til að freista þess að skýra gátuna um



**EINSTAKUR FUNDUR**  
Stærsti hausinn er af fullorðnu dýri og er vel á annan tug kílóa.

MYNDJÖRN ERLENDSSON

### Rostungur getur orðið tonn að þyngd

Rostungar eru stórar skepnur og eru sjaldgæfir flækningar við Íslandsstrendur. Karldýrin, brimlarnir, eru um þrjú metrar á lengd og veiga 800 til þúsund kíló. Kvendýrin, urturnar, eru um 2,5 metrar og veiga 600 til 800 kíló. Tennurnar eru oftast um 50 sentímetrar á lengd en þó hafa mælst tennur sem hafa verið allt að 100 sentímetrar.



fundinn. „En ég var svo upprifinn eftir að ég fann þetta að ég hafði samband við Náttúrufræðistofnun. Það var haft á orði að mjög kostnaðarsamt væri að aldursgreina þetta og þeir væru peningalítlir. Það var ekki sóst eftir því að líta á þetta hjá mér,“ segir Örn.

Hann segist ekki hafa gert frekari tilraunir til að koma gripunum í hendur sérfræðinga, heldur gert aðrar ráðstafanir. „Ég setti þá á statif og gaf sonum mínum þessa gripi. Þeir hafa hausana til skrauts í stofunni hjá sér,“ segir Örn.

svavar@frettabladid.is

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Vilhjálmur Óli Valsson safnaði vel á aðra milljón í Mottumars 2013:

### „Vonandi bjargar þetta lífi“

**FÓLK** „Tilfinningin er æðisleg,“ segir Vilhjálmur Óli Valsson, sigurvegari í Mottumars árið 2013, sem hafði safnað 1.639.000 krónum í átaki Krabbameinsfélagsins þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Vilhjálmur segist ekki hafa sett sér neitt sérstakt markmið áður en keppnin hófst; innst inni taldi hann að 150.000 krónum yrðu stórgóður árangur. „Á síru- trippi hefði ég ekki sett mér svona markmið,“ segir Vilhjálmur hlæjandi. Hann tók þátt fyrir tveimur árum og safnaði þá 35.000 krónum og var sáttur.

„Stuðningsnetið mitt sá um þetta og það virðast vera miklar keppnismanneskjur þar inni á milli,“ segir Vilhjálmur, sem hefur barist við krabbamein í rúm ár. Hann hefur starfað í mörg ár sem sigmaður hjá Landhelgisgæslunni. Hann viðurkennir að söfnunin hafi hjálpað honum að sætta sig við orðinn hlut; það hafi verið gott fyrir sálina að vel gekk í söfnuninni.

Vilhjálmur veit ekki hversu mörgum hann hefur bjargað í störfum sínum hjá Gæslunni. „Það eru ein- hverjir tugir, býst ég við. En það er gott að skilja eitthvað svona eftir sig, og geta haldið áfram mínu starfi við að hjálpa fólki. Vonandi verður það mitt síðasta verk að bjarga lífi. Að hjálpa aðeins til,“ segir Vilhjálmur.

- shá



**SIGURVEGARI MOTTUMARS** Sem sigmaður Gæslunnar hefur Vilhjálmur bjargað tugum manna í neyð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





zoom-zoom  
zoom-zoom  
zoom-zoom

# AKSTURSÁNÆGJA + SPORTLEG HÖNNUN = GÆSAHÚÐ

EYÐIR AÐEINS  
**4,3** l/100 km\*

VELDU ÁREIDANLEIKA OG  
LÆGSTA REKSTRARKOSTNAÐINN  
SKV. J.D. POWER AND  
ASSOCIATES OG KELLEY BLUE BOOK\*\*



Mazda3 er skemmtilegur bíll sem státar af 5 stjörnu öryggi. Í Mazda3 er huggulegur hiti í sætum, aksturstölva sem gefur upp margvíslegar upplýsingar um eyðslu, minnir þig á þjónustusköðun og býður upp á hraðaviðvörðun. Spólvörnin kemur sér vel í þungri færð og loftkælingin og hraðastillirinn gera ferðir á heitum sumardögum ánægjulegar. Glansandi fínar 16" álfelgurarnar gera svo bílinn enn sportlegri.

Finndu akstursgleðina í nýjum Mazda3 – fáðu gæsa húð.

MAZDA.IS

**MAZDA3 FRÁ 3.290.000 KR.\***

Útbúnaður bíls getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

\*Mazda3 1,6i Advance bensín beinskiptur 3.290.000 kr. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 147 g/km.

Mazda3 1,6 TDi Advance dísil beinskiptur 3.590.000 kr. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 115 g/km. Frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg í 90 mínútur í senn.

\*\* J.D. Power and Associates skipaði Mazda3 meðal þriggja efstu bílana í sínum flokki í áreiðanleikakönnun 2013. Mazda vann einnig heiðursverðlaun Kelley Blue Book fyrir lægsta 5 ára heildarrekstrarkostnaðinn þar sem m.a. er tekið mið af endursöluverði/afföllum bílsins, hverslags gjöldum, ásamt eldsneytis- og viðhaldskostnaði. Fáðu lágan rekstrarkostnað með nýjum Mazda.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





# Slysið í Zephyrhills nær einstakt á heimsvísu

„Nemendur eiga ekki að deyja,“ segir eigandi Skydive City, sem fór með Örvar Arnarson og Andra Má Þórðarson í örlogaríkt fallhlífartökk á laugardag. Þeir létust báðir í slysi sem vakið hefur heimsathygli. Stóra spurningin er af hverju varahlífin opnaðist of seint.

**SLYS** Fallhlífartökksslysið í Zephyrhills í Flórída á laugardag, sem dró tvo Íslendinga til dauða, er svo til einstakt á heimsvísu. Þetta segir T.K. Hayes, annar eigenda fyrirtækisins Skydive City, sem annaðist ferðina örlogaríku á laugardag.

„Allur fallhlífartökkssheimurinn hefur áhuga á því sem gerðist hérna. Það er mjög sorglegt þegar nemandi lætur lífið – nemendur eiga ekki að deyja og við gerum gríðarlega mikið til að tryggja öryggi þeirra. Að nemandi og leiðbeinandi deyi báðir er ótrúlega óvenjulegt, svo ekki sé meira sagt,“ segir hann.

Hayes segist aðeins muna eftir einu slíku tilviki í fallhlífartökki í heiminum, árið 1982 í Kanada. Síðan þá hafi menn stökkið í tugi ef ekki hundruð milljóna skipta án þess að þetta hafi hent.

Málið er nú til rannsóknar hjá lögreglunni í Pasco-sýslu í Flórída. Embættið hefur allan búnað manna undir höndum.

„Allir bíða í ofvæni eftir niðurstöðum rannsókna og ég vona, þótt það sé vont að segja það, að þetta hafi einfaldlega verið mannleg mistök og að ekkert hafi verið að búnaði eða öðru. En við vitum það ekki,“ segir Hayes.

Hayes hafði í gær fengið hundruð beiðna um viðtöl vegna slyssins frá fjölmörgum um heim allan, jafnvel frá sjónvarpsstöðvum í Japan.

Fyrir liggur að aðalfallhlíf

Örvars og Andra opnuðust aldrei. Það gerðu sjálfvirkar vara-fallhlífarnar hins vegar, en of seint og of nálægt jörðu.

Hayes segir erfitt að segja til um hvers vegna aðalfallhlífarnar opnuðust ekki. „Annaðhvort gleymdu þeir sér einfaldlega og áttuðu sig ekki á því hversu nálægt jörðu þeir voru komnir – sem er mjög ólíklegt – eða þeir voru truflaðir af einhverju öðru sem kom upp á. Kannski hefur nemandinn misst stjórnina og leiðbeinandi reynt að hjálpa honum.“

Hann segir búnað Örvars bera með sér að hann hafi reynt að toga í einhver handföng, sem bendi til þess að hann hafi verið með meðvitund. Það hafi þá hins vegar verið um seint. Stóra spurningin sé hvers vegna vara-fallhlífarnar hafi ekki opnast í tæka tíð til að bjarga lífi þeirra.

Hayes þvertur fyrir að veður á svæðinu hafi verið of vont til að fara í loftið. „Það var léttskýjað þennan dag og ekkert óeðlilegt við aðstæður. Það var smávegis vindur en neminn hafði stökkið sjósinnum og átti vel að ráða við smá vind. Fyrir utan það kemur vindurinn þessu ekkert við. Það sem gerðist var einfaldlega að fallhlífarnar voru aldrei opnaðar.“

Hann segir Íslendingunum í hópnum að vonum verulega brugðið. „Þau hafa varið deginum saman og huggað hvert annað. Við höfum síðan veitt þeim allan þann stuðning sem við getum.“ stigur@frettabladid.is



**EIGANDINN** T.K. Hayes hefur stundað fallhlífartökk í áratugi en man aðeins eftir einu slysi í líkingu við það sem varð í Zephyrhills á laugardag.



**ANDRI MÁR ÞÓRÐARSON**



**ÖRVAR ARNARSON**

## → Mennirnir sem létust

Mennirnir sem létust hétu Andri Már Þórðarson og Örvar Arnarson.

Andri var 25 ára, fæddur 16. apríl 1987, og var búsettur í Hraunbæ í Reykjavík. Hann var ókvæntur og barnlaus. Andri lagði stund á fallhlífartökkssnám.

Örvar var fertugur, fæddur í Reykjavík 20. nóvember 1972. Hann var einnig ókvæntur og barnlaus.

Örvar lærði múrverk og starfaði við það þar til hann söðlaði um og fór til náms í byggingateknifræði og var á síðasta ári í Syddansk Universitet í Danmörku.

Örvar hafði í fjölmörg ár starfað sem fallhlífartökksskennari og rak fyrirtæki í þeim geira ásamt félögum sínum. Hann var einn af reyndustu fallhlífartökkvurum á Íslandi.

GEORGÍA

Tallahassee

Jacksonville

FLÓRÍDA

Orlando

Zephyrhills

Tampa  
St. Petersburg

Andri og Örvar fundust látnir í skóglendi sunnan við flugvöllinn í Zephyrhills. Þeirra hafði þá verið leitað í níu klukkustundir í vonskuveðri sem skall á nokkrum klukkustundum eftir að þeir stukku í hinsta sinn.

Naples

Miami

Key Largo

## Um tugur látist á tuttugu árum



Fallhlífartökkssvæði Skydive City í Zephyrhills er gríðarlega vinsælt. Þangað koma þúsundir manna hvaðanæva að úr heiminum á ári hverju og stökkva, og það hefur kostað nokkur mannlíf í tuttugu ára sögu fyrirtækisins.

Alls hafa tíu til tólf látist þar, að sögn T.K. Hayes. Síðast lést sextug kona í janúar í fyrra. Þá létust kona og karl á fimmtugsaldri hvort í sínu slysinu árið 2008 og árið 2007 fékk 68 ára maður hjartaáfall á leiðinni niður. -sh

## Allir í áfalli

„Hér eru allir í áfalli,“ segir Atli Már Gylfason blaðamaður, sem staddur er í Ventura í Florida í þeim tilgangi að stökkva í fallhlíf í fyrsta sinn. „Við erum hér á eigin vegum og ekki á sama stað og í frjálsum falli hópurinn sem stökk í Tampa í gær, það er svona þriggja klukkutíma akstur þangað. Við áttum pantað stökk í gær en því var frestað vegna veðurs. Það var skýjað og miklir sviptivindar og eiginlega ekki stökkveður, þannig að stökkþjónustan sem við nýtum okkur hérna frestaði stökkinu. Ég setti status á Facebook í gær um að ég væri að fara að stökkva en gleymdi að setja nýjan um að stökkinu hefði verið frestað, þannig að í morgun var innhófið á Facebook fullt af skelfingu lostnum skilaboðum og óteljandi ósvörud símtöl á símanum.“

Þegar náðist í Atla Má í gær voru tveir tímar þangað til hann ætlaði að stökkva og hann segir slysið daginn áður vissulega hafa dregið úr lönguninni. „Það er mikill óhugur í fólki að fara að stökkva núna. Við vorum þrjú sem ætluðum að stökkva í dag, en einn er hættur við og við erum tvö sem erum enn að hugsa málið. Þetta átti að vera stórt moment í lífi mínu, að koma hérna út, standa andspænis óttanum og stökkva í fyrsta skipti. Þetta skelfilega slys dregur vissulega úr lönguninni og ef ég stekk núna á eftir þá fer ég með kennara og stekk með honum.“



**ATLI MÁR GYLFASON**

Er vitað hvað fór úrskeiðis? „Nei, það eru stjarnfræðilega litlar líkur á að þetta gerist miðað við hversu mörg stökk eru framkvæmd. Að tveir menn í sama stökki með sitthvora fallhlífina farist er nokkuð sem enginn skilur. Lögreglan hér hefur ekki viljað gefa neitt út um það hvernig þetta bar að en rannsókn er í fullum gangi og búist við frekari fréttum þegar líður á daginn.“

Þekktirðu mennina sem fórust? „Ég þekkti til þeirra, en þekkti þá ekki persónulega, en ég og allir Íslendingarnir hér erum harmi lostnir og viljum senda öllum aðstandendum þeirra okkar dýpstu samúðarkveðjur.“ -fsb

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

OPÍÐ MÁN-FÖS 8.30-18 og LAU 10-14

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis

**LITLAR BREYTINGAR** Það verður áfram fremur hæg austanátt ríkjandi á landinu næstu daga og bjart veður. Kólnar smám saman í veðri einkum norðan til.

Alicante 21°	Billund 1°	Gautaborg 2°	London 3°	Orlando 20°	San Francisco 15°
Basel 3°	Frankfurt 4°	Kaupmannahöfn 2°	Mallorca 20°	Ósló 1°	Stokkhólmur -1°
Berlín 0°	Friedrichshafen 6°	Las Palmas 21°	New York 5°	París 7°	

**Á morgun**  
3-8 m/s.

**Miðvikudagur**  
Víða 5-10 m/s en hvassara við S-ströndina.

**Elísabet Margeirsdóttir**  
veðurfréttamaður





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR RAV4

## ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR

ISLSSKASULS0103010311



Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4. Ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi akstursegginleika. Komdu og reynsluaktu alveg nýrri kynslóð af RAV4. Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 6.300.000 kr.



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.  
RAV4 2.2 dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver var stórtækasti eggjaræninginn í rannsókn á vistfræði spóa?
2. Hve miklu velta stangveidar á Íslandi árlega?
3. Hver skrifaði leikverkið The Sea Between Us?

SVÖR

1. Kindur, 2. 20 milljónir, að talið er.  
3. Sólveig Jónsdóttir.

Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistan, snýr heim þrátt fyrir morðhótanir og ákærur:

## Á yfir höfði sér dóma fyrir fjölda glæpa

**PAKISTAN AP** Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistan, hefur þrátt fyrir morðhótanir snúið aftur heim og þannig bundið enda á fjögurra ára sjálfskipaða útleög. Tilgangurinn með heimförinni er að leiða flokk Musharrafs í þingkosningunum í maí. Mikið herlið tók á móti flugvél forsetans þegar hún lenti á flugvelli í Karachi og var mótmælagöngu sem skipulögð hafði verið í borginni aflýst. Meðan þessu fór fram í höfuðborginni féllu sautján hermenn í norðvesturhluta Pakistan í sjálfsmorðsárás sprengjumanna.

Árásin átti sér stað við öryggisleitarhlið nálægt Norður-Waziristan, á svæði þar sem talibanar og al Kaída hafa mikil ítök. Talið er að árásin tengist

heimkomu forsetans fyrrverandi, þar sem talibanar birtu fyrir skömmu myndskjöð þar sem honum var hótad árásum sjálfsmorðsprengjumanna og leyniskyttna. Hann á yfir höfði sér dóma vegna fjölda ákæra, meðal annars fyrir morðsamsæri, en á föstudag lofuðu pakistönsk stjórnvöld honum vernd og þannig slapp hann við handtöku um leið og hann steig á pakistanska grund. Musharraf var þó hvergi banginn og sagði við fréttaritari BBC áður en hann flaug frá Dubai til Karachi að honum liði eins og hann væri á leið í brúðkaupsveislu.

Forsetinn fyrrverandi hefur búið í London og Dubai síðan hann lét af embætti og flúði Pakistan árið 2009.



**FAGNAÐ** Mikill fjöldi stuðningsmanna fagnaði forsetanum fyrrverandi við komuna til Pakistan.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Sveitarfélög fá allt að 70% frá jöfnunarsjóði

Nítján sveitarfélög á Íslandi fá stærstan hluta af tekjum sínum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Skýringin er stór verkefni eins og þjónusta við fatlaða og rekstur grunnskóla. Sveitarfélögum hefur verið fækkað úr 229 í 74 á tiltölulega stuttum tíma.

**STJÓRNSÝSLA** Eitt af hverjum fjórum sveitarfélögum á Íslandi hefur yfir fjörfutíu prósent af tekjum sínum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Einstök sveitarfélög fá allt að sjötíu prósent af tekjum sínum úr sjóðnum.

Þetta kemur fram í svari Ögmundar Jónssonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, um hversu hátt hlutfall tekna sveitarfélaga komi úr sjóðnum.

Sveitarfélögin sem hafa hátt hlutfall af tekjum sínum úr sjóðnum eiga það sammerkt að vera fámennt en þau sem hafa lægsta hlutfall tekna sinna úr sjóðnum eru þau fjölmennustu. Þar er hlutfallið oft frá rúmlega fjórum upp í tíu prósent. Því er spurt hvort ástæða sé til að knýja á um frekari sameiningar sveitarfélaga til að fleiri séu sjálfbær, en frá árinu 1950 hefur sveitarfélögum á Íslandi fækkað um 155, úr 229 í 74.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir þessa umræðu koma upp reglulega. „Það er hægt að segja að þessi sveitarfélög séu svo háð sjóðnum að þau gætu ekki lifað án hans. Svo má líka snúa þessu við og segja að ef jöfnunarsjóðurinn væri ekki hefðu sveitarfélögin ekki getað tekið yfir stór verkefni eins og þjónusta við fatlaða og grunnskólann,“ segir Halldór.

Halldór minnir á umræðu um að skipta sveitarfélögum í A og B; borgin og stóru sveitarfélögin tækju að sér stærri verkefni en B-sveitarfélögin ekki. Það sé hins vegar mjög flókið og ekki ráðlegt, að mati Halldórs.

Spurður hvort litlu sveitar-



**BREIÐDALSVÍK** Þau sveitarfélög sem fá hlutfallslega hátt framlag eru mörg með 100 til 300 íbúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Meðalsveitarfélagið 4.300 íbúar

Á Íslandi er meðalstærð sveitarfélaga 4.300 íbúar og 2.700 íbúar ef Reykjavík er skilin frá heildinni. Halldór segir það því ótrúlegt hvað íslensk sveitarfélög veiti mikla þjónustu í samanburði við sveitarfélög í flestum öðrum löndum. Í Danmörku eru 53.000 manns í hverju sveitarfélagi að meðaltali. Á Grænlandi var sveitarfélögum fækkað úr átján niður í fjögur, og ekkert þeirra er minna en 8.000 manns.

félögin lifi á þeim stóru segist Halldór ekki vilja nálgast málið með þeim hætti. Hins vegar megi færa fyrir því rök að engin skynsemi felist í því að vera með mörg litil sveitarfélög. Rökin fyrir því að hafa færri og stærri sveitarfélög séu að stjórnsýslan sé nægilega burðug til þess að takast á við stór og flókin verkefni, og það sé hagkvæmt. Halldór bætir við að andstaðan við sameiningu sveitarfélaga sé oft byggð á tilfinningalegum rökum; íbúar lítilla jadar-

byggða óttist að missa spón úr aski sínum og hluta af sjálfsmynd sinni. Í umræðunni hefur verið rætt um að fækka megi sveitarfélögum á Íslandi niður í sautján. „Það hafa oft komið fram tillögur á vettvangi Sambands sveitarfélaga um að lágmarksstærð sveitarfélaga hér væri þúsund manns, sem myndi breyta miklu. Það hefur alltaf verið fellt og því stefna sveitarstjórnarfólks að það eigi ekki að stíga þetta skref,“ segir Halldór.

svavar@frettabladid.is

www.lifland.is



LIFLAND



### Fermingargjöfin fæst í Líflandi

Lifland hefur að bjóða frábærar gjafir fyrir æsku landsins. Vandaðar og notadrjúgar flikur með klassísku sniði. Fatnaður fyrir unga hestamenn, beisli, hnakkar og aukahlutir í úrvali.

Lifland verslun Reykjavík | Lynghálslí 3  
110 Reykjavík | sími 540 1125

Lifland verslun Akureyri | Lónsbakka 601  
Akureyri | sími 540 1150

Ástríða í matargerð

### KJÖTBOLLUR í brúnni sósu



ÍSLENSK  
FRAMLEIÐSLA

Fljótlegt  
& gott

Ný uppskrift - Nýtt og betra bragð



**HAFBERG**  
fiskbúð sælkerans

### PÁSKATILBOÐ

**FRÍ HUMARSÚPA\***

\*ef keypt er 1 kg af humri

**20% afsláttur af laxaflökum**

**Heitur matur í hádeginu**

**Opið laugardaga kl. 11-14**

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

Áætlað gangvirði eigna Framtakssjóðsins ekki undir 46,7 milljörðum:

## Virði eigna FSÍ hækkað mikið

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóður Íslands (FSÍ) hagnaðist um 6,1 milljarð króna á síðasta ári. Til samanburðar var hagnaður sjóðsins 2,3 milljarðar árið 2011. Alls voru níu milljarðar greiddir til hluthafa á árinu.

FSÍ birti á miðvikudag uppgjör sitt vegna ársins 2012 en heildareignir félagsins nema 29,6 milljörðum króna. Eignarhlutir flestra eigna Framtakssjóðsins eru færðir til bókar á kostnaðarverði en áætlað gangvirði eigna hans er aftur á móti ekki undir 46,7 milljörðum samkvæmt mati endurskoðenda.

Hagnaður félagsins skýrist því einungis af hækkan á hlutabréfa-verði Icelandair Group og Vodafone, sem eru einu skráðu félögin sem sjóðurinn á eignarhlut í, og

**Eignir FSÍ** Framtakssjóðurinn á nú eignarhluti í sjö fyrirtækjum:

advania	75%	ICELANDAIR	12%
PROMENS	49,5%	vodafone	19,7%
IG INVESTMENTS	100%	N1	45%
ICELANDIC GROUP PLC	100%		

söluhagnaði vegna sölu á hlutum í þessum félögum og sölu á Plastprenti.

FSÍ er fjárfestingarsjóður í eigu sextán lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS. Sjóðurinn sérhæfir sig í fjárfestingum í óskráðum

félögum og viðskiptaþróun fyrir-tækja. Hann var stofnaður árið 2010 til að taka þátt í uppbyggingu íslensk atvinnulífs eftir bankahrunið og til að ávaxta fjármuni stofnendanna.

- mpi





## Audi Q7 4,2 FSI 350 hö

Árgerð 2006, bensín  
Ekinn 79.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð:

**4.790.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi A4 Avant 2,0TDi**  
Árgerð 2011, dísil  
Ekinn 38.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**5.490.000,-**



**VW Polo Comfort 1,4**  
Árgerð 2012, bensín  
Ekinn 29.000 km, beinskiptur

Ásett verð:  
**2.450.000,-**



**Audi A4 1,8T**  
Árgerð 2008, bensín  
Ekinn 56.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**4.950.000,-**



**Skoda Fabia Combi**  
Árgerð 2009, bensín  
Ekinn 57.000 km, beinskiptur

Ásett verð:  
**1.790.000,-**



**VW Golf Trendl. 1,6TDi**  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 29.000 km, beinskiptur

Ásett verð:  
**3.090.000,-**



**VW Passat Highline Ecofuel**  
Árgerð 2011, bensín/metan  
Ekinn 50.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**4.690.000,-**



**MM Outlander 2,4 AT**  
Árgerð 2008, bensín  
Ekinn 133.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**2.450.000,-**



**Audi A4 2,0 AT**  
Árgerð 2007, bensín  
Ekinn 47.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**3.190.000,-**



**Porsche Cayenne V6**  
Árgerð 2005, bensín  
Ekinn 103.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**3.650.000,-**



**MM Pajero 3,2 Intense**  
Árgerð 2009, dísil  
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**5.890.000,-**



**Toyota Land Cruiser VX**  
Árgerð 2004, dísil  
Ekinn 180.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**3.490.000,-**



**M.Benz ML350 4MATIC**  
Árgerð 2005, bensín  
Ekinn 131.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**3.990.000,-**

**Kíkið inná:**  
[heklanotadirbilar.is](http://heklanotadirbilar.is)  
[lykill.is](http://lykill.is)

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**  
Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



**NOTAÐIR  
BÍLAR**



MEISTARINN EFTIR HJORTH OG ROSENFELDT



KOMIN Í KILJU!

## HJORTH ROSENFELDT MEISTARINN

„Meistarinn er sannlega besta spennusagan á íslenska haustmarkaðnum og hún á skilið fullt hus stiga.“

STJÓRNÉÐUR GUÐJÓNSSON, MORGUNBLAÐIÐ

LESENDUR ELSKA AÐ HATA RÉTTARSÁLFRAÐINGINN SEBASTIAN BERGMAN  
HANN ER ÓGRANDI, HROKAFULLUR – OG ELDKLÁR



EFTIR HÖFUND  
SIÓNVARPSPÁTTANNA  
BRÚIN

FRÉTTABLAÐIÐ

Hörkuspennandi saga, þar sem réttarsálfraðingurinn Sebastian Bergman – sem lesendur elska að hata – fær tækifæri til að koma lífi sínu á réttan kjöl. En greiðir það dýru verði. Ekta sænskur eðalkrimmi!

„Hvergi er slegin feilnóta, textinn er vel skrifaður og þýðingin góð.“

STEINIÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐIÐ

ÞÝÐANDI: HALLA KIARTANSÓTTIR

BJARTUR

# Greiða smærri fyrirtækjum til að seinka markaðssetningu samheitalyfja: Obama sækir að lyfjafyrirtækjum

**BANDARÍKIN, AP** Opinberir eftirlitsmenn leggja hart að Hæstarétti Bandaríkjanna að hindra að stór lyfjafyrirtæki greiði minni lyfjafyrirtækjum fyrir að fresta því að setja ódýrari samheitalyf á markað. Greiðslurnar eru sagðar kosta bandaríska neytendur stórfé. Verðmunur á lyfjum stóru fyrirtækjanna og samheitalyfjunum geti í sumum tilfellum numið 90 prósentum.

Ríkisstjórn Obama, studd af neytendasamtökum og samtökum lækna, heldur því fram að þessar

svokölluðu „greiðslur fyrir seinkun“ færi lyfjafyrirtækjunum stórgróða á hverju ári en kosti neytendur allt að 3,5 milljörðum dollara árlega í auknum lyfjakostnaði.

Lyfjafyrirtækin segja að þau þurfi á seinkuninni að halda til að endurheimta þær milljónir dollara sem farið hafi í þróun lyfjanna. Bæði stóru lyfjafyrirtækin og framleiðendur samheitalyfjanna halda því jafnframt fram að stundum flýti greiðslurnar fyrir markaðssetningu samheitalyfja.

- fsb



**GRÓÐABRALL** Lyfjafyrirtækin græða á að seinka markaðssetningu samheitalyfja.



**REYKJANESBÆR** Dýraeftirlitsmaður tók hundinn eftir að starfsfólk leikskólans Gimli hafði kvartað undan því að hundur væri að þvælast fyrir utan skólann. Það þyrði ekki að setja börnin út.

## Óð tók aflífuð án samráðs við eiganda

Kona í Reykjaneshæ er í áfalli og hefur leitað til sálfræðings eftir að hundur fjölskyldunnar var tekinn og aflífaður fyrr í mánuðinum. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja segir hundinn hafa hrætt og bitið menn og verið „algjörlega hamslaus“.

**DÝRAHALD** Fjölskylda í Reykjaneshæ hefur ráðið sér lögfræðing eftir að þýskur fjárhundur hennar var aflífaður af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, án þess að hún væri látin vita eða gefinn andmæla- réttur.

Malgorzata Mordon Szacon og fjölskylda hennar höfðu átt tíkina Funiu í sex ár. Hún segist hafa haldið að innbrotshjófur væru komnir að húsi hennar að morgni 13. mars og hljóp út í garð.

„Þeir sögðu að þeir væru komnir til að taka hundinn minn og að hann hefði bitið hunda- fangara. Ég setti mál á hann en svo byrjaði litli strákurinn minn, sem er sextán mánaða, að gráta og ég hljóp inn til að hlúa að honum. Þá tóku þeir hundinn. Ég hringdi í manninn minn og þegar hann komst í samband við þá var búið að svæfa hann,“ segir Malgorzata. Hún er afar ósatt við að hafa ekki fengið að andmæla ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins

um að aflífa tíkina, eins og hún hefði átt rétt á.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við látum ekki viðkomandi njóta andmælaréttar, vegna þess að við einfaldlega gátum það ekki,“ segir Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins og dýralæknir. Hann tók ákvörðun um að aflífa Faniu.

„Ég mat það þannig að þarna væri almannaheill í húfi og að það væri best að svæfa hana strax á meðan hún var með mál. Það hafði verið kvartað til lög- reglu frá leikskólanum Gimli um að hundur væri að þvælast fyrir utan og þær þyrðu ekki að setja börnin út. Þegar dýraeftirlitsmaður fór á staðinn sá hann að þarna var hundur sem hafði áður verið tekinn laus og bitið áður,“ segir Magnús. Hann segir hundinn hafa ráðið á eftirlitsmanninn og bitið hann illa í handlegg og hendi og hlaupið svo inn í garðinn sinn. Malgorzata kom út úr húsinu og

„Hann réðist svo ítrekað að á dýragæslumanninn, hundurinn var algjörlega hamslaus.“

Magnús H. Guðjónsson  
Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja

Magnús segist hafa sagt henni að hundurinn yrði tekinn í geymslu.

„Hann réðist svo ítrekað á dýragæslumanninn, hundurinn var algjörlega hamslaus. Þegar við vorum komin á hundahótel, dýralæknastofu í Keflavík, kom í ljós að hundurinn var algjörlega óviðráðanlegur og réðist á alla í kringum sig.“ Hann segist ekki hafa getað lagt það á starfsfólk að taka múlinn af tíkinni.

„Hún hafði áður bitið mann í hverfinu og fólk hafði séð hana lausa. Hún var stórkostlega hættuleg þarna í hverfinu. Ég tók þessa ákvörðun og stend með henni.“

thorunn@frettabladid.is

FASTEIGNASALAN  
**TORG**  
KRAFTUR – TRAUT – ÁRANGUR



### GRENSÁSVEGUR 13

**FASTEIGNASALAN TORG OG EDDA BJARNADÓTTIR SÖLUF GSM 6-600-700 KYNNNA TIL SÖLU STÓRGLÆSILEGA 342FM ALGJÖRLEGA ENDURNÝJADA SKRIFSTOFUHÆÐ Á EFSTU HÆÐ MEÐ FALLEGU ÚTSÝNI**

Verð 65.000.000,-

Húsnæðið var algjörlega endurnýjað að innan árið 2007. Þá var húsnæðinu skipt upp stóran sal/opið rými, fundarherbergi/skrifstofu, eldhúsi, móttöku, fatahengi og snyrtingar. Gólfefni eru parket og flísar. Screen sólarvarnargardinur eru á allri hæðinni. Sérhannað kerfisloft með loftræsting og hátalarakerfi er í öllum rýmum. Einnig er stór skjalageymsla með eldvarnarhurð í húsnæðinu. Hægt er að skipta aðalsalnum niður í tvö rými með hjóðeinangrandi hurð. Lyfta er í húsinu.

Þetta er glæsilegt húsnæði miðsvæðis í Reykjavík sem hægt er að nýta á fjölbreyttan hátt.

Bókið skoðun hjá Eddu Bjarnadóttur söluf í síma 6-600-700 eða edda@fasttorg.is



Edda  
Sölufulltrúi  
660 0700




Halla  
Lög, fasteignasali



# Ferðapjónustan stefnir hátt

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna hjá ferðapjónustunni. Við stefnum á frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna stoðum undir atvinnulíf landsins.

○ Kortavelta erlendra ferðamanna  
Fast verðlag desember 2012, milljarðar króna



Reyðarfjörður

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





## Matvælasvindlið í Evrópu: Gefa fátækum hrossalasanja

**SVÍPJÓÐ** Sænski matvælarisinn Axfood ætlar að gefa fátækum lasanjað sem fjarlægð var úr verslunum þegar í ljós kom að það innihélt hrossakjöt en ekki nautakjöt. Um er að ræða fimm tonn af hrossalasanja sem ekki er hægt að selja vegna rangra merkinga.

Matvælastofnunin í Svíþjóð hefur leyft að lasanjað verði gefið með þeim skilyrðum að það verði tekið úr umbúðunum og að innihaldslýsing verði aðgengileg þar sem matnum verður dreift. - ibs

## Aðeins veiðist hængur og hrygnd loðna á miðunum við Snæfellsnes, segir skipstjórinn á Faxa RE: Loðnuvertíðin svo gott sem á enda runnin

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuvertíðinni er gott sem lokið, en rúmlega 96% af kvótanum hafði verið skráður veiddur hjá Fiskistofu á föstudaginn.

Aðeins eitt skip var á miðunum út af Svörtuloftum á Akranesi, Faxi RE og hafði náð 700 tonnum á rúmum sólarhring með ærinni fyrirhöfn.

Að sögn Alberts Sveinssonar, skipstjóra á Faxa, þurfti ekki færri en 15-16 köst til að ná þessum afla. „Við vorum komnir á miðin í gærmorgun [fimmtudagsmorgun] og það er óhætt að segja að það hafi töluvert verið haft fyrir þessum afla. Í sumum köstum var aflinn enginn en mest fengum við um

160 tonn í kasti. Þetta var mest hængur og hrygnd loðna en ekkert varð vart við hrognafulla loðnu,“ segir Albert en hann á von á því að með þessum síðasta túr Faxa sé loðnuvertíðinni formlaga lokið.

Loðnukvóti HB Granda er allur kominn á land. Fyrirtækið gerði út þrjú skip, Faxa, Ingenni AK og Lundey NS, á loðnuveiðar framan af vertíðinni í vetur en eftir að aukði var við kvótann bættist Víkingur AK í hópinn.

Nú tekur við páskafrí en að sögn Vilhjálmssonar, forstjóra HB Granda, verður næst hugað að kolmunnaveiðum í byrjun aprílmánaðar, segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins. - shá



**FAXI** Var einskipa á miðunum og ekki vitað um önnur skip á útleið. MYND/HBGRANDI


Ómissandi

**SMJÖR**


Hrein íslensk náttúruafurð

ms.is

### FLUGUMFERÐ UM ÍSLAND OG FJÖLDI FARPEGA



#### Flugumferð um Ísland 2012



#### Helstu flugfélög sem fljúga millilandaflug í gegnum Ísland

Icelandair	13,70%
United Airlines	7,43%
Delta	5,30%
British Airways	5,15%
Lufthansa	5,03%

Önnur flugfélög eru með innan við fimm prósent hlutfall

SAN FRANCISCO  
LOS ANGELES

■ Millilandaflug  
■ Innanlandsflug

**1.366 FLUG**  
Þriðja algengast var flug frá **LONDON** til **KEFLAVÍKUR**, 1.366.

**1.541 FLUG**  
Næstflestar vélar voru á leið frá **LONDON** til **SAN FRANCISCO** eða 1.541.

**2.035 FLUG**  
Flestar flugvélar sem lentu á Íslandi í fyrra voru á leið frá **LONDON** til **LOS ANGELES** eða 2.035 flug.

## Farþegum fækkar um 4 prósent á ári

Farþegum í innanlandsflugi hefur fækkað um rúmlega 180 þúsund frá árinu 2007, eða um fjögur prósent á hverju ári síðustu fimm ár. Flestir eiga erindi til Reykjavíkur. Á sama tíma hefur farþegum í millilandaflugi fjölgað um 2,4 prósent á ári.

**SAMGÖNGUR** Farþegum í innanlandsflugi hér á landi hefur fækkað um fjögur prósent á ári síðastliðin fimm ár. Þetta kemur fram í flugtölum Isavia fyrir árið 2012. Sé litið til síðustu tíu ára hefur farþegum fjölgað um 1,4 prósent á ári síðustu tíu ár.

Um 48 prósent allra farþega áttu leið um Reykjavíkurlugvöll í fyrra, eða 363 þúsund farþegar. 26,5 prósent, eða tæplega 200 þúsund far-

þegar, áttu leið um Akureyrarflugvöll og tæplega 100 þúsund um Egilsstaði.

Á sama tíma og farþegum í innanlandsflugi fækkar hefur farþegum í millilandaflugi fjölgað um 2,4 prósent á ári síðastliðin fimm ár og 7,5 prósent á ári síðastliðin tíu ár. Tæplega 2,5 milljónir farþega höfðu viðkomu á Íslandi í fyrra, 300 þúsundum fleiri en árið áður.

thorunn@frettabladid.is

Staðfestir samkeppnisbrot:

### Sorpa sektuð um 45 milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest 45 milljóna króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Sorpu bs. vegna misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu.

Í ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar er staðfest sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Sorpa hafi misnotað stöðu sína með því að veita sveitarfélögum sem eiga fyrirtækið betri kjör en öðrum viðskiptavinum sem áttu í sambærilegum viðskiptum. - bj

**SEKT** Sorpa veitti sveitarfélögum sem eiga félagið meiri afslátt en öðrum viðskiptavinum.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„... þingmaður og svarið er?“

Fundur ÖBÍ um kjör öryrkja verður haldinn laugardaginn 13. apríl frá kl. 14.00–16.30 á Hilton Reykjavík.

Frambjóðendur munu svara spurningum. Sendu inn þína spurningu fyrir 3. apríl á [www.obi.is](http://www.obi.is).



**ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS**



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGHLUTUM  
MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.



GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

# Fermingar rúmin

frábært verð á  
heilsudýnum

**ÝMIR** NÝ FRÁBÆR HEILSUDÝNA  
VINSÆLASTA FERMINGARDÝNAN OKKAR

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting  
á svefnflötum. Verð með botni og fótum. - Til í mörgum stærðum



90x200 cm	89.900 kr.
100x200 cm	94.900 kr.
120x200 cm	109.900 kr.
140x200 cm	119.900 kr.
153x203 cm	129.900 kr.

**12** mán.  
vaxtalausar  
greiðslur\*

**GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ**

**MINE**  
gæða dúnsæng  
og koddí

**Nú kr. 29.900.-**  
Verð áður kr. 42.900.-

**20%**

afsláttur af  
sængurverasettum

**Mikið úrval**

Dúndur  
**tilboð**

á stillanlegum rúmum

**Hjónarúm 2x80 cm**  
frá kr. 339.900.-



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

\*3.5% lántökugjald

**Svefn & heilsa**



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum





# PÁSKATILBOÐ

Sölumenn okkar eru komnir í páskagírinn og bjóða margar gerðir af sparneytnum fjórhjóladrifnum bílum á spennandi páskatilboði



**DACIA DUSTER – 4x4**

Disil, beinskiptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km\***

**VINSÆLASTI SPORTJEPPINN**  
Samkvæmt Umferðarstofu 2012



**NISSAN QASHQAI – 4x4**

Disil, beinskiptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km\***

**SPARNEYTINN SUBARU**  
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



**SUBARU XV – 4x4**

Bensín, beinskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km\***

**SKEMMTILEGASTI KOSTURINN**  
Ei þú vilt góðan jepping með öllu



**NISSAN X-TRAIL – 4x4**

Disil, sjálfkiptur. Verð 6.690 þús. kr.

Eyðsla: **7,1 l/100 km\***

## SPENNANDI TILBOÐ

Verið velkomin í reynsluakstur og látið sölumenn okkar gera ykkur spennandi tilboð í nýjan fjórhjóladrifinn bíl – fyrir páska.

# Standa ekki undir framleiðslukostnaði

Íslenskur hönnunariðnaður stendur í blóma og eftirspurn er mikil. Hönnuðir eiga oft erfitt með að standa straum af framleiðslukostnaði og geta því ekki afgreitt pantanir. Lánsfé, styrkir og aðrar fjárfestingarleiðir eru af skornum skammti.

**ÍÐNAÐUR** Eitt stærsta vandamál íslenskra hönnuða er ónógt aðgengi að fjármagni til að standa undir framleiðslukostnaði við að afgreiða stórar pantanir. Þetta segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvarinnar.

Halla segir margt að gerast á markaðnum og eftirspurn eftir íslenski hönnun fari vaxandi. Nýafstaðinn Hönnunarmars 2013 hafi heppnast vel og fjölmargir sótt hátíðina. Hún segir framleiðsluferlið vissulega geta hindrað frekari atvinnusköpun þegar fjármögnun er torsótt. „Ég tel heilmikil tækifæri liggja í hönnun en til að Ísland verði öflugt framleiðsluland á því sviði þarf margt að breytast,“ segir Halla.

Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri hjá ATMO, tekur í sama streng og segir hökt í fjármögnun geta haft letjandi áhrif á annars mjög blómlega grein. Hjá fatahönnuðum sé oft um að ræða stórar vörupantanir sem þeim reynist nær ómögulegt að afgreiða nema með aðstoð fjárfesta eða lánnum. Aðgengi að slíku sé takmarkað. Vegna þessa séu dæmi um að hönnuðir gefist upp á markaðssetningu utan landsteinanna. Aukinheldur séu ungir hönnuðir oft taldir áhættusöm fjárfesting og því hörgull á áhugasömum fjárfestum.



Í LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS Eftirspurn eftir íslenski hönnun hefur aukist. Fyrirtæki á sviði fatahönnunar láta flest framleiða varning sinn í útlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eins segir Ásta skatta- og tolla- umhverfi hér fatahönnuðum fjötur um fót. „Ef hægt væri að lækka virðisaukaskatt úr 25 í 7 prósent eða núll eins og tíðkast í öðrum skapandi greinum væri komið til móts við fatahönnuði,“ segir Ásta.

Ríkisstjórnin ákvað nýlega að setja á laggirnar sérstakan Hönnunarsjóð til að styrkja uppbyggingu á þessu sviði. Í honum eru 45 milljónir og nú er verið að skipa stjórn sem á eftir að móta úthlutunarreglur og áherslur.

Markmið Hönnunarmiðstöðvar er til úthlutunar í sjóðnum verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

„Flest fyrirtæki á sviði fatahönnunar láta framleiða megnið af sinni vöru erlendis en hugvitið og hönnunin er öll hérna á Íslandi. Með auknum stuðningi sem skiptir þessi fyrirtæki virkilegu máli getum við hraðað þessari þróun og smám saman byggt hér upp útflutningsfyrirtæki sem munu skipta þjóðarþúið verulegu máli,“ segir Halla.

- msk



## ER BROTIÐ Á ÞÉR?

Slys valda heilsutjóni og þjáningum. En það er ekki síður sárt þegar starfsorkan skerðist.

Ef þú hefur orðið fyrir slysi þá skaltu hafa samband við Bótarétt sem fyrst. Það kostar ekkert að kanna málið hjá okkur.

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100 OG ÞÚ FÆRD ÞITT.

**BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt



Öryggisstjóri Mílu segir ríkið gegna veigamiklu hlutverki í netöryggismálum:

# Netöryggi er mikilvægur málaflokkur

**FJARSKIPTI** Ríkið hefur mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar netöryggi og áriðandi er að lokið verði við gerð heildstæðrar stefnu um málaflokkinn. Þetta segir Benedikt Rúnarsson, öryggis- og gæðastjóri Mílu.

Í umfjöllun Fréttablaðsins að undanförmu hefur meðal annars komið fram að ekki er búist við því að heildstæð stefna um net- og upplýsingaöryggi og vernd ómissandi upplýsingainnvíða er varða þjóðaröryggi verði tilbúin á næsta ári. Auk þess á enn eftir að ljúka gerð reglugerðar um hlutverk netöryggisveitar, svokallaðs CERT-teymis, sem hefur þó tekið til starfa.



**BENEDIKT RÚNARSSON**

gegn netárásum.“

Benedikt segir þó mikilvægt að stjórnvöld ljúki við mótun boðaðrar heildar-

Benedikt segir að hjá Mílu sé fólk afar meðvitað um mál tengd netöryggi.

„Við fylgjumst mjög vel með því sem er að gerast og höfum meðal annars látið gera öryggisúttekt á stofnneti okkar og teljum okkur vera í góðum málum í dag hvað varðar varnir

stefnu, enda gegni ríkið veigamiklu hlutverki í netöryggismálum. Nokkuð skorti á samræmi milli opinberra aðila í þessum málum.

„Það stangast margt á eftir því við hvern maður talar og það væri að sjálf-sögðu miklu betra ef allir væru að vinna eftir sama skipulagi. Aðalatriðið er að til staðar sé ákveðið verklag sem allir geta unnið út frá.“

Benedikt bætir því við að Míla hafi átt gott samstarf við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Þar er nú einmitt unnið að gerð viðbragðsáætlauna gegn netárásum.

- þj

## AUKIÐ SAMSTARF ALMENN SKYNSEMI

Netöryggisteymið CERT-IS hefur þegar verið stofnað og er starfandi innan Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). Hlutverk teymisins, sem er skipað þremur starfsmönnum, er að standa vörð um upplýsingainnvíði gegn tölvuárásum og halda tjóni sem getur hlotist af slíkum árásum í lágmarki. Ekki hefur enn verið lokið við allar reglugerðir um starfsemi teymisins, meðal annars hvað við kemur samskiptum og samvinnu þess við einkafyrirtæki og stofnanir á fjarskiptamarkaði, sem og í öðrum geirum.

Benedikt Rúnarsson hjá Mílu segir mjög jákvætt að teymið hafi hafið störf. „Við höfum átt í góðum samskiptum við tæknideild PFS, sem CERT-teymið tilheyrir, og höfum tilkynnt þeim um óeðlileg atvik sem hafa komið upp, án þess að okkur beri alltaf skylda til þess. Okkur finnst það bara vera almenn skynsemi.“



**Á LANDSPÍTALA** Góður tækjakostur er lyklatríði í rekstri nútíma spítala.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Gáfu tvö ný tæki:

## Tækjagjafir til Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur afhenti nýlega styrk til kaupa á tveimur tækjum til krabbameinslækninga á Landspítala. Hvor gjöf nam einni milljón króna.

Annað tækið er línuhraðall til geislameðferðar krabbameina. Slíkt tæki hefur verið notað á spítalanum í áratugi en orðið brýnt að endurnýja það. Hitt tækið er nýrra, svonefndur aðgerðarþjarkur, og hefur ekki verið til hér á landi. Tilurð gjafarinnar eru áhyggjur Krabbameinsfélagsins af því að samdráttur síðustu ára hafi bitnað á þjónustu við krabbameinssjúklinga. Góðir hálsar, Ristilfélagið og Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum standa einnig að gjöfunum.

- sh

Prír gripnir við kókaínsmygl:

## Tveir í farbanni fram í apríl

**LÖGREGLUMÁL** Lithái um þrítugt hefur verið úrskurðaður í farbann til 17. apríl í tengslum rannsókn á smygli á hálfu kíló af kókaíni til landsins.

„Maðurinn var handtekinn fyrir hálfum mánuði ásamt öðrum Litháa, sem er á fimmtugsaldri, en mennirnir komu hingað til lands frá Bretlandi,“ segir í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Mennirnir voru um tíma í gæsluvarðhaldi, en sá eldri var í síðustu viku úrskurðaður í farbann til 12. apríl. Þá var Íslendingur á þrítugsaldri einnig í gæsluvarðhaldi um tíma vegna rannsóknarinnar en hefur nú hafið afplánun vegna annarra mála, að sögn lögreglu.

- óká

Merkel tekur ákvörðun:

## Bannar ekki þjóðernisflokk

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að ríkið muni ekki reyna að banna starfsemi flokks þjóðernissinna, NPD, heldur láta nægja að starfsemi hans sé bönnuð innan þýsku sambandslandanna, sem eru 16 talsins.

Óvíst er hvort stjórnlagadómstóllinn myndi fallast á bann ríkisins. Fyrir tíu árum var gerð tilraun til að banna flokkinn en sú tilraun strandaði á afstöðu stjórnlagadómstólsins. Í framhaldinu jókst fylgi flokksins, sem þykir á köflum öfgafullur í málflutningi gegn innflytjendum.

- gb

# #inGlasgow

Njóttu vorsins í miðborginni.

**ICELANDAIR**

kr19.800 aðra leið með sköttum og gjöldum

**seeglasgow.is**

Náðu frítt í Glasgow appið

**Glasgow:**  
Scotland with style®



# NÝR VEFUR Í LOFTIÐ



**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ** því að smella sér inn á nýja vefinn okkar. Hann var að fara í loftið og við erum allveg í skýjunum með hann. Af þessu tilefni erum við með bráðsmellin tilboð á skemmtiferðum suður á bóginn, norður eftir, vestur á firði eða austur á land. Komdu um borð á flugfélag.is

**NÚ Á NETINU**

## 01. BÓKAÐU, BREYTTU EÐA AFBÓKAÐU

Þú bókar flugið einfaldlega á netinu þegar þú veist hvert þú ætlar. Ef þú hættir við þá geturðu líka afbókað á netinu eða breytt bókun – það máttu bóka.



## 02. KAUGHTU GJAFABRÉF

Láttu það ekki vefjast fyrir þér að kaupa gjöfna. Þú finnur pakka fulla af ævintýrum og ferðafrelsi í gjafabréfum frá okkur. Nokkrir smellir á netinu og allir glaðir.





### 03. FLUGSLÁTTUR = AFSLÁTTUR AF FLUGI

Flugsláttur er afsláttarkóði sem stundum fylgir kynningarefni Flugfélags Íslands. Með því að skrá Flugslátt við bókun á flugi á netinu færðu umsvifalaust afslátt. Flugsláttur færir niður verðið og þú sparar. Fylgstu vel með Flugslættinum í auglýsingum okkar.



\* Flugsláttur „NYTT10“ veitir 10% afslátt af öllum fríðinda- og ferðasætum til Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar ef bókað er 25.-27. mars fyrir ferðatímabilið 3.-15. apríl.

**NYTT10** \*

(Þetta er flugsláttur fyrir bókunartímabilið 25. - 27. mars)

### 04. ENN FLEIRI SÆTI Á NETVERÐI

Viltu sæti, sæti? Nú eru enn fleiri sæti á netverði. Nú er bara að sæta lagi og stökkva á næsta nettilboð. Þú mátt velja milli sæta, sæta.



### 05. VELDU ÞITT UPPÁHALDSSÆTI



Hérna er uppáhaldssætið þitt, sætyndið mitt. Já, hérna á netinu. Við getum bókað það núna strax og ég ætla að sitja þér við hlið. Ekkert smá hentugt.

### 06. GÆLUDÝRIÐ, GOLFSETTIÐ, EÐA YFIRVIGTIN

Þú færð 50% afslátt af yfirvigtinni með því að bóka far fyrir hana á netinu. Það er kjörið fyrir skíðin, golfsettið eða gæludýrið. Alveg klikkað auðvelt að pakka.



Þ  
O  
B  
L  
I  
T

**500  
SÆTI  
Á 6.000  
KALL**

Í TÍLEFNI AF OPNUN NÝJA VEFSINS  
BJÓÐUM VIÐ 500 SÆTI  
Á 6.000 KR. HVERT  
TIL ALLRA OKKAR ÁFANGASTAÐA  
INNANLANDS. FÁÐU ÞÉR SÆTI  
OG SÝNDU AF ÞÉR KÆTI.  
FERÐATÍMABIL 15. APRÍL - 15. MAÍ.  
BÓKAÐU Á FLUGFELAG.IS



**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**



Lögregluna vantar 14 milljarða viðbót næstu 4 ár:

## Skorið niður að slagæð lögreglu

Verkefni ríkisvaldsins númer eitt er stundum sagt vera að tryggja öryggi borgaranna. Til þess þurfum við öflugra lögreglu. Í nýrri skýrslu innanríkisráðuneytisins kemur fram að niðurskurður hjá lögreglu síðustu ár er óhugnanlega nálægt slagæð.

Samkvæmt skýrslunni, sem rædd var á Alþingi í síðustu viku, þarf lögreglan 14 milljarða aukalega næstu fjögur árin, 3,5 milljarða á ári. Niðurskurður síðustu ára nemur 2,8 milljörðum samkvæmt Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, fullyrti í Fréttablaðinu um helgina að skýrslan væri eitthvert mesta framfaraspör sem stigið hefði verið í skipulagningu löggæslumála síðustu ár, ef ekki áratugi.

„Það eru í raun allir sammála um niðurstöðurnar, hverjar svo sem efndirnar verða síðan,“ sagði Snorri í Fréttablaðinu og hann er skiljanlega varkár því niðurskurður síðustu ára sýnir að löggæslumál mæta oft afgangi. Það virðist auðvelt að skera niður hjá lögreglu því fyrir okkur flest er málaflokkurinn ekki áþreifanlegur. Við notum öll velferðarþjónustu og menntakerfi en það er sjaldan sem maður stendur sig að því að hringja í lögregluna.

Við hins vegar ættum öll að vera meðvituð um að aldrei hefur verið jafn mikilvægt og nú að efla lögregluna. Hingað til lands eru komin erlend glæpagengi sem fest hafa rætur. Glæpirnir verða sífelld skipulagðari og óhugnanlegri. Við þurfum nauðsynlega á sýnilegri og öflugri löggæslu að halda.

Í fyrrnefndri skýrslu kemur einmitt fram að fjölga þurfi lögreglumönnum um tæplega 60 á ári næstu fjögur árin. Á höfuðborgarsvæðinu eru nú 303 lögreglumenn en þeim verður að fjölga um 78 næstu fjögur árin samkvæmt skýrslunni.

Þessar tölur eru sláandi og segja okkur að við höfum gengið of langt í að skera niður fé til lögreglu. Ögmundur óskar eftir því að þingi myndi um það samstöðu á næstu árum að verja umtalsverðum fjárhæðum í að styrkja löggæsluna:

„Til að reisa hana að nýju þannig að hún standi eigi verr að vígi en fyrir hrún, og gott betur,“ sagði Ögmundur í Fréttablaðinu á laugardag og það er óskandi að ný ríkisstjórn muni taka undir með honum.

Ef hins vegar ekkert verður að gert og niðurstaða skýrslunnar hundsúð horfum við fram á skelfingarastand. Lögreglan er of fálíuð. Ekki bara í Reykjavík heldur um allt land. Hún getur illa sinnt skyldum sínum þótt einstaka lögreglumenn eigi hrós skilið fyrir að skila góðri vinnu í erfiðu árferði.

Löggæsla á Íslandi hefur oft verið afgangsstærð. Við höfum stundum staðið okkur að því að flissa þegar talað er af alvöru um lögregluna. Af því að okkur finnst við stundum svo smá og glæpirnir okkar svo léttvægir. Það ku vera rétt að einu sinni nægði okkur að senda Sæma rokk til að róa niður partí en í dag mætti Sæmi sín lítills í partí með harðsvíruðum glæpaklíkum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen [olafur@frettabladid.is](mailto:olafur@frettabladid.is), Mikael Torfason [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is) Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Glös fyrir stór og smá tilefni



Hjá Fastus fæst mikið úrval af glösum fyrir stóra og litla veitingastaði. Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og látið fagmenn hjálpa ykkur við að velja réttu glösin.



Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | [www.fastus.is](http://www.fastus.is)  
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Lofað fram í tímann

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra kynnti merkilega skýrslu um fyrirhugaðar umbætur í löggæslumálum, en þær eru háðar því að fjárframlög til lögreglunnar verði aukin um 3,5 milljarða á ári næstu fjögur árin. Ögmundur sagði við það tilefni að vissulega væri málefnið gott en það væri þó háð velvilja næsta þings að koma því áfram. „Það gefur augaleið að ekkert þing getur lofað fram í tímann,“ sagði ráðherrann og vísaði þar til þess að núverandi þing gæti ekki lofað fjárveitingum sem næsta þing þyrfti að samþykkja. Eðlilega.



#### Innanflokksdeilur

Hér var sagt frá því á dögunum að Sigurður Ingi Jónsson, vara-

#### Lofað fram í tímann

Það leiðir hugann að þingsályktunartillögu Árna Páls Árnasonar, Katrínar Jakobsdóttur og Guðmundar Steingrímssonar, um að Alþingi samþykki að vinna áfram að breytingum á stjórnarskrá og ný stjórnarskrá verði samþykkt árið 2014. Núverandi þing getur ekkert frekar bundið hendur næstkomandi þings hvað varðar stjórnarskrár-breytingar en aukin framlög til löggæslumála.



formaður Framsóknarflokksins, hefði kallað það að setja auðlindaákvæði í stjórnarskrá lið í því að koma á sósíalísku hagkerfi. Vigdís Hauksdóttir, samþingmaður Sigurðar í Framsóknarflokki, var í umræðum um störf þingsins á föstudag. Þar sagði hún flokk þeirra Sigurðar Inga hafa haft það á stefnuskrá sinni lengi að hafa auðlindaákvæði í stjórnarskrá. „Við höfum ætíð talað fyrir því að breyta stjórnarskránni og setja auðlindaákvæði inn í hana.“ Þessi orð flokkssystkinanna fara ekki saman, nema Sigurður Ingi telji Framsókn vera að berjast fyrir sósíalísku hagkerfi? [kolbeinn@frettabladid.is](mailto:kolbeinn@frettabladid.is)

### HALLDÓR



## Landsdómur?

### NÁTTÚRU-VERND



Bjarni E. Guðleifsson  
prófessor emeritus, búsettur á Möðruvöllum í Hörgárdal

Ég ætlaði alltaf að hlekkja mig við vinnuvélarnar við Kárahnjúka en mig brast kjark.

Það hefði líklega ekki breytt miklu. Davíð, Halldór, Friðrik, Valgerður og Siv höfðu öll völd. Þau hunsuðu vísindalegar viðvaranir fræðinga. Í útvarpsviðtali taldi Davíð sérfræðinga Skipulagsstofnunar „ókjörna“ fulltrúa og þess vegna væri ekki mark á þeim takandi. Siv taldi efnahagslegan ávinning mikilvægari en nokkra „fermetra“ gróðurlendis á heidum og líf Lagarfljóts. Valgerður gerði grein fyrir atkvæði sínu í atkvæðagreiðslunni á Alþingi: „Þetta er stór dagur í íslenskri atvinnusögu, ég segi já.“ Þetta var hins vegar sorgardagur í sögu íslenskrar náttúru.

Mest er ábyrgð og skömm Sivjar Friðleifsdóttur sem „drap“ Lagarfljót. Einn borgarfulltrúi (reyndar „kjörinn“) sagði að „skömm þessara manna mun uppi meðan land byggist“. Nú ætti skömmin að vera öllum ljós. Skyldi þetta fólk biðjast afsökunar? Ekki heyrir mér það á Siv, það skammast sín ekki og biðst ekki afsökunar fremur en útrásarvíkingarnir. Landsdómur er sérdómstóll sem fer með og dæmir mál sem Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra. Ég held að þetta fólk ætti

→ Mest er ábyrgð og skömm Sivjar Friðleifsdóttur sem „drap“ Lagarfljót.

að draga fyrir landsdóm miklu fremur en Geir. Mig minnir að Geir hafi verið dæmdur fyrir athafnaleysi. Má ekki á sama hátt dæma Siv umhverfisráðherra (sem á að vera verndari íslenskrar náttúru) fyrir að aðhafast ekkert til verndar náttúrunni, eða öllu heldur að aðhafast gegn henni með því að sniðganga mat Skipulagsstofnunar? Líklega eru þessi mál fyrnd eða Landsdómur á ekki við. Ég veit ekkert um það, en mér finnst að þetta fólk eigi að sæta ábyrgð. Ég hef trú á að það ætli bara að standa af sér umræðuna eins og hvert annað óveður, í von um að þetta gleymist í umræðunni um Evrópusamband og stjórnarskrá.

Nú heyrir mér í kosningabaráttunni að sigurstranglegustu flokkarnir ætli að koma skriði á atvinnulífið, væntanlega með því að ýta náttúruverndarsjónarmiðum til hliðar. Þeim finnst þau alltaf flækjast fyrir. Látum umrætt skemmdarverk verða víti til varnaðar. Maðurinn getur vel lifað í og af náttúrunni án þess að valda óafturkræfum spjöllum. Spurning um hugkvæmni og vilja.



# 102 Reykjavík

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Sum mál eru aldrei útrædd hér á landi og kannski varla rædd: um þau er kapprátt eins og þetta sé íþróttakeppni þar sem sá/sú sigrar sem „á síðasta orðið“ og nær með því að kæfa umræðuna. Þessi mál koma skyndilega til tals og fólk keppist við að kveða hvert annað í kúttinn – og hefur svo hver sitt að kveða í sínum kút. Svo hverfur umræðan jafn snögglega og hún hófst, án þess að leiða til annars en að herða fólk í sinni kúttakveðandi, en það þykir mikil dyggð hér á landi að „vera harður á meiningunni“ – „standa fastur á sínu“ – skipta aldrei um skoðun, jafnvel þótt allt bendi til þess að sú skoðun sé fráleit. Því fólk hefur ekki skoðanir. Skoðanir hafa fólk.

## Að valda reitinn

Flugvallarmálið er eitt þeirra mála sem mörg geta sagt um: „ég var ung gefin skoðun“. Við rifumst um það á um það bil fimm ára fresti og nú erum við stódd þar í skoðanarhringnum að það er allt í einu á döfinni en verður það ekki í næstu viku. Þá verður komið vopnahlé í stríðinu.

Eins og oft er í íslenskum hita-málum er eitthvað ósagt í þessu máli. Eitthvað virðist kynda undir tilfinningahitanum en samt er eins og það sé aldrei beinlínis orðað. Af hverju á tölvufræðingur á Akureyri að hafa meira um staðsetningu flugvallar í Reykjavík að segja en borgarstjórn Reykjavíkur? Af hverju er þetta rakara á Egilsstöðum slíkt kappmál? „Flugvöllurinn er ekkert einkamál Reykvíkinga,“ er iðulega sagt en stundum fær maður á tilfinninguna að öllum eigi að koma það við hvar Reykvíkingar hafa flugvöllinn sinn – öðrum en Reykvíkingum sjálfum.

Snýst málið um flugvöll? Snýst það um vald? Snýst það um sanngirni? Snýst málið um að Reyk-

víkingar skuli greiða „landsbyggðinni“ eitthvert gjald fyrir það hversu mikið aðdráttarafli borgin hafði á síðustu öld og hversu mörgu góðu fólki fámenn byggðarlög máttu sjá á eftir til Reykjavíkur? Er þetta spurning um þá ánægju að geta valdað reit inni í miðri borg? Af hverju finnst tónlistarkennara á Djúpvögi að hann eigi að hafa skoðun á skipulagsmálum í Reykjavík? Ókei, við skulum leyfa Reykjavík að vera höfuðborg landsins en þá verðum við líka að fá í staðinn yfirráð yfir flæmi í miðri borginni, svona eins og Vestur-Berlín var lítil frelsisvin í alræði kommúnismans í Austur-Pýskalandi.

Umræðan spólar. Kynnt var skýrsla um hugsanlega flugvallargerð á Hólmsheiði og á örfáum dögum sveiflaðist nýtingarhlutfallið þar frá því að vera rúm 99 prósent og niður í að vera 96 prósent, sem er víst óásættanlegt. Sjálfar forsendurnar í umræðunni gliðna jafnharðan, og vonlaust er fyrir leikmann að átta sig á því hvaðan honum kemur rykið í augun í öllu þessu moldviðri.

## En hvað nú ef...

Hefur svo hver nokkuð að iðja. En það hvarflar að manni að ef til vill sé það lán í óláni fyrir Reykjavík að flugvöllurinn skyldi ekki fluttur í kjölfar atkvæðagreiðslu þar sem samþykkt var að gera það – af þeim sárafáu Reykvíkingum sem ómökkuðu sig á kjörstað í þeirri mislukkðu tilraun til beins lýðræðis.

EKKI þarf annað en að líta á nýleg mannvirki til að geta gert sér í hugarlund hvað hefði risið í staðinn: Nýja Hringbrautin; háhýsin sem reist hafa verið í miðborginni; nýju draugahverfin í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu... Allt vitnar um rótgróna andúð á mannlífi en þeim mun innlegri ást á steypu og malbiki, bílum en þó einkum stærð. Grimmardarstórleikur bygginganna er keppikeflið og mælikvarðinn. Stórt og ljótt skyldi það vera. Alls staðar máttu sjónarmið um fegurð og manneskjulegt umhverfi víkja fyrir römmum nýtingarsjónarmiðum. Lítið var á fegurð eins og óþarfa brúð sem vitni um deiglyndi og aumingjaskap; ljótt

Vonlaust er fyrir leikmann að átta sig á því hvaðan honum kemur rykið í augun.

hús þykir hér á landi sýna skynsemi og lausnamiðaðan þankagang. Fyrst og fremst þurfti að hámarka gróðann: verktakar höfðu keypt land og lóðir í skáldlegu æði á uppsprengdu verði og urðu að fá eitthvað fyrir sinn yfirveðsetta snúð; þar með voru allar reglur um stærð húsnæðis þverbrotnar.

Það er ósennilegt að 102 Reykjavík hefði orðið smáfrítt hverfi krúttlegra húsa með rauðum og bláum þökum – og það vaxa blóm á þakinu – gróðri við hvert fótmál og glaðlegu mannlífi þar sem nágrannar kankast á yfir þvottasnúrum milli þess sem þeir hjóla í vinnuna og út í búð við undirleik lúðrasveitar barna í fjárflyun fyrir tónleikaferð og harmonikkannunum og glaðvær glymja hrópin frá götusölunum: Nýafskorin blóm! Rófur! Rófur! Nýveiddi löna! Ríkingur að vestan!... Þetta er að vísu hverfið sem við þráum öll að búa í en fáum aldrei fyrir köllunum sem ráða öllu þegar á hólminn er komið. Þetta hefði orðið svona: drungalegar góðarísblökkir með svartri álklæðningu þrumandi í súldinni innan um kraðak af mislægum gatnamótum fullum af gráum bílum með ólúndarlegu fólki hóstandi upp úr sér svifrykinu.

Kannski rennur sú tíð upp á Íslandi að hús verði reist handa fólki. Og kannski rennur upp sú tíð að flugvallarumræðan snýst um þarfir borgarinnar og íbúa hennar. Því er jafnan haldið fram að það þurfi að gera eitthvað til að „koma hjólum atvinnulífsins í gang“ – bara eitthvað – eitthvað nógu mikið og fráleitt – og stundum skilst manni að framkvæmdir séu því þjóðhagslega hagkvæmari sem minni sjáanleg not virðist fyrir þær. Er alveg óhugsandi að framkvæmdir við nýjan flugvöll á góðum stað – og svo í kjölfarið framkvæmdir við að byggja upp nýtt hverfi þar sem jafnvel einhver myndi vilja búa – gætu haft slík áhrif líka?

## Yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi

tilkynnir:

Framboðsfrestur til alþingiskosninga 27. apríl 2013 rennur út hinn 12. apríl 2013, kl. 12:00 á hádegi.

**Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis tekur á móti framboðslistum föstudaginn 12. apríl 2013, kl. 10:00-12:00 á skrifstofu Héraðsdóms Suðurlands að Austurvegi 4 á Selfossi.**

Á framboðslistum skulu vera nöfn 20 frambjóðenda, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili. Listanum skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.

Þá skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmalasamtök listinn er borinn fram frá kjósendum í Suðurkjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera að lágmarki 300 en 400 að hámarki. Við nöfn meðmælenda skal greina kennitölu og heimili.

Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans í kjördæminu.

Yfirkjörstjórn mælist til þess að öllum listum verði einnig skilað á rafrænu formi, ef þess er nokkur kostur.

**Framboðslistar verða úrskurðaðir á fundi yfirkjörstjórnar sem haldinn verður á sama stað, laugardaginn 13. apríl 2013 kl. 12:00.**

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu, er þess farið á leit að framboðslistar og meðmælendalistar verði sendir með rafrænum hætti á exelskjali til oddvita yfirkjörstjórnar um leið og unnt er í netfangið: gauti@syslumenn.is sími 898 1067.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl 2013 verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis í Fjölbrotarskóla Suðurlands á Selfossi og þar fer fram talning atkvæða.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis  
22. mars 2013

Karl Gauti Hjaltason  
Grímur Hergeirsson  
Pórir Haraldsson

Unnar Þór Böðvarsson  
Sigurður Ingi Andrésson

## Forgangsröðum á heillavænlegan hátt

Á dögnum sendi samráðshópur Fjölskylduráðgjafar og Nýja barnsins á Heilsugæslustöðinni á Akureyri ákall til ráðamanna um að efnu gefin heit og efla þjónustuna. Fjölskylduráðgjöfin hefur búið við allt of þröngan stakk í mörg ár og sætt niðurskurði eftir hrun, sem hefur bitnað illa á notendum þjónustunnar, foreldrum og börnum þeirra. Þetta er sérlega alvarlegt þegar það kemur niður á þeim verðandi og nýorðnum foreldrum sem eru að takast á við erfiða líðan eða þung áföll. Þar getur skortur á stuðningi haft afdrifarík áhrif á tengslamyndun við barnið og framtíðarheilsu þess og fjölskyldunnar. Á sama tíma heyrum við í fjölmiðlum ákall úr ýmsum áttum, frá einstaklingum, foreldrum, stofnunum og hjálparstökum um að leysa bráðavanda barna og fullorðinna með geðraskanir og efla forvarnir gegn ofbeldi, misnotkun og vanrækslu.

Við viljum fylgja þessu ákalli samráðshópsins eftir og vekja athygli á hve brýnt það er að við, fagfólk, fjölmiðlar, stjórnvöld og fólk sem vill láta sig málið varða, eflum umræðuna og aukum skilning á samhengi þessa vanda og skoðum hvernig við markvisst getum eflt fjölskyldu- og geðvernd, samtímis því að við tökumst á við bráðavanda.

„Engin einstök forvörn er jafn öflug og stuðningur við foreldra“ segir Sæunn Kjartansdóttir í bók

SAMFÉLAG



Karólína Stefánsdóttir  
félagsráðgjafi f.h.  
Fjölskylduráðgjafar  
HAK

→ Fjölskylduráðgjöfin hefur búið við allt of þröngan stakk í mörg ár og sætt niðurskurði eftir hrun, sem hefur bitnað illa á notendum þjónustunnar...

sinni Árin sem enginn man – Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna. Höfundur segir á ljósan hátt frá nýlegri þekkingu og rannsóknum á áhrifum tilfinningatengsla á vöxt heilans og hve hin fyrstu tengsl hafa gríðarmikil áhrif á þroska okkar og framtíðarheilsu. Hún lýsir líka vel hvernig afneitun eða bæling innri sársauka veldur mestri hættu á að fólk komi illa fram við eða meidi aðra. Við tökum undir með henni að einmitt þess vegna „...er góð tenging fólks við tilfinningar sínar öflugasta forvörn gegn ofbeldi og vanrækslu sem til er.“ Við visum sérstaklega í þessa bók þar sem við teljum hana í senn gott innlegg í umræðuna og gagnlega foreldrum.

Við sem vinnum með fjölskyldutengsl og forvarnir sjáum hve mikilvægt það er að fólk horfi á líf sitt í samhengi tengsla og sögu og læri að hlusta eftir innri styrk og vitund um mátt tengslanna, til að takast á við áföll, erfiðar tilfinningar og ótta. Þannig getum við saman byggt upp heilbrigð tengsl og betri framtíðarsögu.

# 40% afsláttur á Jonnesway verkfærum í mars

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

JONNESWAY®  
PROFESSIONAL TOOLS SERIES

20% afsláttur á öllum öðrum verkfærum í mars

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



# Iceland

## HAKK NAGGAR BORGARAR Á EINSTÖKU VERÐI

4 þykkir 115 g, stórir hamborgarar með brauði aðeins 999 kr.



Á meðan birgðir endast

**ÞÚ FÆRÐ MEIRA  
FYRIR PENINGINN  
Í ICELAND**



Opið frá kl. 11–20 alla daga  
Engihjalla og Granda

## Misrétti er dýrkeypt: Jafnrétti er efnahagsleg velferð

Árið 1984 var hlutfall kvenna á Alþingi 15%. Karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverki en konur. Útivistandi foreldrar áttu ekki tryggja heilsdagsvistun fyrir börn sín, sem oftast bitnaði á tekjumöguleikum kvenna. Ástæða þess að þetta ár er nefnt er að þá hófst hinum megin á hnettinum, í Ástralíu, merkilegt verkefni. Það fólst í því að rannsaka ólík áhrif útteilingar sameiginlegra fjármuna á kynin. Markmiðið var að sameina þekkingu á kynjasmisrétti og fjármálum hins opinbera í því skyni að skapa ný og betri skilyrði.

Smátt og smátt skynjuðu fleiri lönd nauðsyn þess að beita kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð sem tæki til þess að stuðla að jafnrétti. Ísland er í þessum hópi, enda hefur jafnrétti kynjanna ekki verið náð og konur og karlar búa við mismunandi aðstæður. Nefna má að konur bera í meiri mæli en karlar ábyrgð á umönnun- og heimilisstörfum og að kynbundinn launamunur er enn fyrir hendi. Þá er mikil kynjaskipting í náms- og starfsvali og mun fleiri konur en karlar eru í hlutastörfum. Ráðstafanir og ákvarðanir varðandi ríkisfjármál hafa því mismunandi áhrif á konur og karla.

Í allri lagaumgjörð er skýrt talað um jafnrétti. Þannig er í stjórnarskrá kveðið á um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Í jafnréttislögum segir að „kynjasambættlingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinbera stofnana er starfa á málafnasviði þeirra“. Enn fremur hefur Ísland skuldbundið sig til að vinna markvisst að jafnrétti í ýmsum alþjóðasáttmálum, s.s. Kvinnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er því eitt af hlutverkum hins opinbera að tryggja að ekki séu kerfislegar forsendur fyrir hendi sem stuðla að eða viðhalda misrétti.

### JAFNRÉTTI



Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra

### Nýjar aðferðir

Íslendingar kölluðu á nýtt gildismat og nýjar aðferðir eftir hrun. Meiri sanngirni. Meira réttlæti. Í þessum anda hófu íslensk stjórnvöld árið 2009 innleiðingu á kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Skipuð var verkefnisstjórn til að móta innleiðingarferlið og árið 2010 var hafist handa við tilraunaverkefni. Nú er unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innleiðingu og vinna ráðuneytin verkefni í tengslum við hana.

Í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð felst greining á hvaða áhrif ráðstöfun og öflun opinbera fjármuna hefur á kynin. Ef greiningin leiðir í ljós mismun þarf að grípa til aðgerða til að meðferð opinbera fjármuna stuðli að jafnrétti í stað þess að misrétti sé viðhaldið eða jafnvel aukið.

Í þeim verkefnum sem unnið hafa verið á sviði kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar hefur ýmislegt forvitnilegt komið í ljós. Þar má nefna að biðtími kvenna eftir kransæðapræðingu var að meðaltali lengri en karla á árunum 2009 og 2010. Við höfum einnig öðlast betri þekkingu á kynjaáhrifum skattkerfisins, atvinnuleysisbótakerfisins og ýmissa sjóða- og styrkjakerfa. Þannig má nefna að millifæranleiki persónuafsláttar getur verið kerfisbundin hindrun varðandi þátttöku kvenna á vinnumarkaði. Tekjutenging atvinnuleysisbóta gagnast kynjunum misvel, styrkir til mjólkurframleiðslu eru í miklum meirihluta greiddir til karla og aðgerðir til að vinna gegn loftlagsáhrifum skapa frekar störf á karllægum sviðum, svo sem í landbúnaði og við véla- og tæknivinnu.

### Árangursríkt tæki

Öll ráðuneytin vinna nú að þriggja ára verkefnum í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Við væntum þess að verkefnið skili okkur heildstæðum greiningum

→ Í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð felst greining á hvaða áhrif ráðstöfun og öflun opinbera fjármuna hefur á kynin.

á þeim sviðum sem þau ná yfir ásamt því að gripið verði til aðgerða þar sem þess reynist þörf. Að auki munu verkefnið skila okkur færni þannig að aðferðafræðin verði okkur töm og notuð við dagleg störf. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð má nefnilega ekki ein-skorðast við þau verkefni sem nú eru í gangi heldur er brýnt að við nýtum okkur þetta tæki þar sem ætla má að ráðstöfun opinbera fjármuna hafi áhrif á stöðu kynjanna.

Það er ánægjulegt að fleiri eru að tileinka sér þessa aðferðafræði hérlendis. Reykjavíkurborg hefur hafið innleiðingu af krafti og mikilvægt er að fleiri sveitarfélög fylgi í kjölfarið. Þá er einnig brýnt að öflugar hreyfingar, á borð við kvennahreyfinguna, leggi orð í belg og taki þátt í þróun innleiðinganna. Markmiðið er að koma kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð ofar á forgangslistann.

Íslendingar eru jafnréttisinnuð þjóð. Flest viljum við jafnrétti og erum stolt af því að teljast framarlega í þeim málum á heimsvísu. Til að halda því þurfum við að tileinka okkur þær aðferðir sem þróaðar eru til að stuðla að jafnrétti. Með því að greina hvaða áhrif öflun og ráðstöfun opinbera fjármuna hefur á kynin og ýmsa hópa samfélagsins erum við betur í stakk búin til að setja okkur markmið og breyta hlutunum þannig að samfélagið verði réttlátara. Jafnrétti og efnahagsleg velferð fer saman en misrétti er okkur dýrkeypt. Við höfum því allt að vinna en engu að tapa með því að taka upp aðferðir sem veita okkur betri aðgang að upplýsingum sem eru mikilvægar við ákvarðanatöku. Það gerir okkur kleift að stuðla að betra og kraftmeira samfélagi.

## Samhjálp í 40 ár – til hjálpar í eyðimörk alkóhólismans

Þó að Samhjálp hafi starfað í 40 ár og aðrir bæst í hópinn með kröftugum hætti er greinilegt að þörfin fyrir hjálp og aðstoð við alkóhólisma fer síst minnkandi. Á hverjum degi eru mörg hundruð manns í beinum úrræðum vegna alkóhólisma í okkar fámenna landi.

Hér er ég að tala um úrræði Samhjalpar, SÁÁ, Krýsuvíkursamtakanna og 33a, ásamt áfangaheimilum sem rekin eru af Samhjálp, SÁÁ, Reykjavíkurborg og á vegum annarra samtaka og einstaklinga. Ef við bætum að auki við öllu því fólki sem fer í dag í einhvers konar viðtöl og stuðning með reglulegum hætti vegna afleiðinga sjúkdómsins má ljóst vera að fjöldinn skiptir enn fleiri hundruðum. Þá getum við einnig bætt við langflestum þeirra sem nú eru í fangelsi, en ástæðu fangadvalar fjölda fanga má rekja til alkóhólisma.

Þeir sem ekki eru alkóhólistar en þjást vegna þess að áfengi og önnur vímuefni eru í nánasta umhverfi þeirra eru gríðarlega margir. Svo getum við rakið margs kyns sjúkdóma, slys, óhöpp, annan óskunda og jafnvel fjölskyldu-

### SAMFÉLAG



Karl V. Matthíasson framkvæmdastjóri Samhjalpar

harmleiki til áfengis eða annarrar vímuefnaneyslu. Sjúkt sálarástand í kjölfar áfengis og annarrar vímuefnaneyslu er einnig ástæða heimilisofbeldis í mjög mörgum tilvikum.

### Ótrúlegur kostnaður

Það er alveg ljóst að áfengi og önnur vímuefni valda miklum þjáningum um allt samfélagið með ótrúlegum kostnaði. Fyrir um það bil einni öld var þjóðin spurð að því í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort áfengi skyldi vera lögleg neysluvara hér eður ei. Og þjóðin sagði nei – áfengi skal bannað. Og við getum spurt: Hvernig stendur á því að ein þjóð ákveður í einni þjóðaratkvæðagreiðslu að banna áfengi? Hvað hefur eiginlega gengið á til þess að svona bann yrði samþykkt? Svarið er náttúrulega augljóst: Áfengi hefur valdið miklum þjáningum og dauða.

Bannárin stóðu ekki lengi yfir en ljóst er að á þeim tíma sem bannið var í gildi má segja að fátækrahjálpin hafi þurft að deila út miklu, miklu minna fé en áður og lögreglan hafði eiginlega mjög lítið að gera, jafnvel svo lítið að

→ Samhjálp hefur þá hugsjón að rétta því fólki hjálparhönd sem orðið hefur fyrir barðinu á alkóhólismanum.

fangelsi voru um tíma notuð sem vörugeymslur.

En nú er öldin önnur. Í hverri einustu viku heyrum við og lesum um endalausar þjáningar, hörmungar karla, kvenna og barna sem brotna niður vegna þessa vá- og voðagests sem áfengi og önnur vímuefni eru.

Samhjálp hefur þá hugsjón að rétta því fólki hjálparhönd sem orðið hefur fyrir barðinu á alkóhólismanum og hefur hún unnið að því í 40 ár. Þjóðin fagnar með Samhjálp á þessu mikilvæga afmælisári því þúsundir hafa beint og óbeint notið hjálpar og stuðnings Samhjalparstarfsins sem eflist með degi hverjum.

Ekkert er gleðilegra en að komast út úr skuggalífi hinnar myrkrar neyslu og sjá fólki sem eitt sinn lifði í sorg sjúkdómsins, eynd og volæði verða að fólki sem eignast hamingjusamt og gleðiríkt líf. Að því mun Samhjálp halda áfram að vinna með kærleikann að leiðarljósi um ókomin ár.



# DEWALT®

# HÖRKUTÓL

## á heima hjá Sindra



10,8V Hleðsluborvél  
Patróna 10mm  
LED ljós  
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion  
Þyngd: 1,1Kg  
Gírar: 2

**KR. 29.900.-**



18V Hleðsluborvél  
Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2 \* 4,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 60 Nm  
Þyngd: 1,84 kg  
Gírar: 2  
Led ljós

**KR. 59.900.-**



18V Hleðsluborvél  
Patróna 13mm  
Rafhlaða 2 \* 1,5Ah Li-Ion  
Led ljós  
Hersla 60 Nm  
Þyngd 1,55kg  
Gírar 2

**KR. 49.900.-**

Sleðasög  
Afl 1300W  
Blað 165mm  
Þyngd 5,1 kg  
1,5 m sleði fylgir



**KR. 99.900.-**

Slípirokkur  
Afl : 850 W  
Skífur : 125mm  
Sn/mín : 10.000  
Þyngd : 2,1 kg



**KR. 13.900.-**

2 línu laser  
Sá allra vinsælasti.  
Virkar núna á  
móttakara  
Þyngd: 0,46kg  
3 x AA rafhlöður  
Veggfesting  
Nákvæmni +/- 0,3m



**KR. 39.900.-**

Höggborvél  
Afl: 650W  
Kraftur: 2,4j  
sn/mín: 0-1550  
Þyngd: 2,3 kg



**KR. 28.900.-**

Veltisög  
Afl: 2000 W  
sn/mín : 2850  
Blað : 250mm  
Þyngd: 37kg



**KR. 119.900.-**

Hleðsluútlitarp  
Hleður 7,2-18V Li-Ion  
Tengi fyrir  
MP3+CD  
USB Hleðsla



**KR. 45.900.-**

# SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000



# Iceland

## PIZZA & COKE

Ótrúlegt verð

Pizza með skinku og osti  
**399** kr. stk.

Pizza með fajitakjúklingi  
**399** kr. stk.

Tvöfalt pepperóni  
**399** kr. stk.

Fjögurra osta pizza  
**399** kr. stk.

Aðeins  
**75** kr. dósin!  
ef þú kaupir  
kassa

Coca Cola 33cl 12 dósir  
**899** kr. ks.

Opið frá kl. 11–20 alla daga  
Engihjalla og Granda

## Aðskilnaður systkina

Í nútímaþjóðfélagi er algengt að báðir foreldrar vinni úti. Fjölskyldumynstrið getur verið flókið og eiga mörg börn tvö heimili. Yngstu borgarbrúarnir verja jafnan stórum hluta af deginum í leikskóla. Starfsfólk leikskóla er mikilvægir þátttakendur í uppeldi barnanna og eru oft og tíðum þeir fullorönu einstaklingar sem börnin okkar umgangast mest utan heimilisins. Í dag er börnum í Reykjavík útlutað leikskólalássi eftir aldri í takt við jafnræðisreglu stjórnsýslulaga sem fylgt er í starfi leikskóla. Þótt þessi regla eigi að gæta fyllsta réttlætis felur hún í mörgum tilvikum í sér brot á jafnræði systkina á leikskólaaldri sem eru aðskilin og innrituð hvort í sinn leikskólann.

Við innritun barna í leikskóla verður að huga að velferð, tilfinningalegum og félagslegum þroska þeirra. Stuðningur við fjölskyldur borgarinnar er mikilvægur til að skapa sterka einstaklinga frá fyrsta degi. Í flóknu nútímasamfélagi þar sem börn eru stóran hluta dagsins frá foreldrum sínum er mikilvægt að styrkja tengsl systkina og tryggja að þau deili sameiginlegum reynsluheimi. Starfsfólk og börnin á leikskólanum eru hluti af honum.

### Aðlögun

Aðlögun yngri systkina hefst um leið og þau fylgja eldri systkinum í leikskólann ásamt foreldrum sínum. Barnið lærir á staðhætti og kemur jafnvel daglega í skólann. Starfsfólk og börn skólans þekkja barnið jafnan með nafni og það upplifir öryggi sem eldra systkini

Hvellur – ný kvikmynd um fyrsta „umhverfishryðjuverkafólkið“ á Íslandi er merkileg heimild sem skorar samtímann á hólmi. Enginn eftir nú um að það hafi verið rétt hjá Þingeyingum að sprengja Miðkvíslarstíflu í Laxá og koma í veg fyrir að Laxárdal og hluta Mývatnssveitar yrði sökkt. Landsvirkjun beitti öllu sínu afli til að knýja í gegn áform sem best er lýst sem klikkun í dag. Fyrirverandi umhverfisráðherra efast ekki andartak um að það hafi verið rétt ákvörðun hjá sér að berjast í gegn dauðadóm yfir lífríki Lagarfjöts. Hagsmunir réðu. Sams konar hagsmunir og Landsvirkjun taldi sig þjóna þegar hún vildi drepa Laxá.

### Nú eru fleiri mál á dagskrá

Nýsamþykkt Rammaáætlun um verndarnýtingu náttúrusvæða mun ekki gefa umhverfisverndarsinum tólm til að fagna. Brotaviljinn gegn náttúru landsins er eindreginn. Hér eru nokkur dæmi um stórsóknarfórnir í undirbúningi:

1. Orkuveitan hélt á dögum gott þing um vernd vatnsbóla Reykjavíkur í Heiðmörk. Mikilvægi þeirra er gríðarlegt, allir sammála um að verja þessa góðu auðlind. Varað við umferð, oliuleka, hestum, skokkurum, sumarhúsum, vegum og alls konar. Getum við sett vernd vatnsbólanna í forgang var spurt? Svárið er: Já, gerum það endilega og hættum við að leggja háspennulínu yfir Heiðmörk, tröllslegt mannvirki þar sem slysa- og mengunarhætta verður mikil við brunna- og verndarsvæði. Stjórn Orkuveitunnar samþykkti þessa línulögn á sínum tíma, svokallaða Suðvesturlínu. Hún er í hrópandi mótsögn við allt sem kom

### LEIKSKÓLAR



Hrafnhildur Hannesdóttir  
foreldri og doktorsnemi



Birna Hafstein  
foreldri, leikari og framleiðandi



Rannveig Sverrisdóttir  
foreldri og lektor

á næstu deild skapar því. Tengsl systkina verða þannig meiri og því einnig um hagsmuni eldra barnsins að ræða. Það er hagur leikskólakennara að systkini séu á sama leikskóla, fjölskyldutengslin verða meiri, sem er dýrmaett fyrir starfið, og komið er í veg fyrir óhjákvæmilegan flutning barna á milli skóla og rask sem því fylgir.

Borgaryfirvöld hafa svigrúm til þess að bjóða systkinum pláss í sama leikskóla og gæta samtímis jafnræðis gagnvart öðrum börnum sem boðin er leikskólavöl. Í reglum um innritun í leikskóla, 26. grein, segir að sveitarstjórn sé heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti leikskóli framlags úr sveitarstjóði. Þessar reglur séu annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

Innritun systkina á sama leikskóla er hagur allra. Fyrst og fremst er um að ræða hagsmuni barnanna en einnig fjölskyldunnar. Þar að auki má líta á þetta frá sjónarhorni samfélagsins og vinnumarkaðarins.

Starfsdagar eru ekki allir samræmdir á milli leikskóla og sumarlokun ekki endilega sú sama. Það fer meiri tími í ferðir á hverjum degi, hvort heldur gangandi, hjólandi eða akandi. Ef börn eru keyrd í leikskóla er mengunin meiri og óþarfa umferð um hverfin eykst.

### Meiri akstur

Aukinn tími í akstur og jafnvel meiri vinna til að mæta auknum kostnaði, leiðir til þess að minni tími er eftir handa börnunum. Þetta fyrirkomulag veldur því að

→ Innritun systkina á sama leikskóla er hagur allra. Fyrst og fremst er um að ræða hagsmuni barnanna...

börnin eru lengur á leikskólanum dag hvern en ella. Barnmargar fjölskyldur hafa þar að auki ekki sama sveigjanleika og litlar fjölskyldur. Foreldrar verða að deila tíma sínum og athygli milli barnanna.

Í nýsamþykktum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnaverndarlögum eru ákvæði sem kveða á um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Í samstarfslýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar frá 16. júní 2010 er tilgreint að með fyrstu verkum skuli vera að taka upp að nýju systkinaforngang í leikskólum borgarinnar. Nýtt skóla- og frístundasvið Reykjavíkur var stofnað til þess að „veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi“, eins og segir á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Hljómar vel, en eru þetta orðin tóm?

Miðað við núverandi ástand í Reykjavík eru mörg börn í dagvistun á þremur stöðum áður en þau byrja í grunnskóla; hjá dagforeldrum/í ungbarnaleikskóla og tveimur leikskólum vegna flutninga systkina.

Við teljum að allir sjái að það er börnunum, systkinunum, fjölskyldunum, leikskólunum, vinnuveitendunum, samfélaginu og umhverfinu fyrir bestu að vera í sama leikskóla og deila sama reynsluheiminum. Foreldraráð og foreldrafélag leikskólans Brákarborgar hafa hvatt skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar til að endurskoða afstöðu sína til innritunar systkina. Við skorum á ykkur að standa vörð um hagsmuni barna og fjölskyldna borgarinnar.

## Að fórna vatni

### NÁTTÚRU-VERND



Stefán Jón Hafstein  
sviðsstjóri hjá Práunarsamvinnustofnun

fram á málþinginu. Hér er tekin gríðarleg áhætta til að skila niðurgreiddu rafmagni í álver í Helgúvík. „Hagsmunirnir“ af orkusölu umni vegna engan veginn upp hættuspil með miklu meiri hagsmuni.

2. Atvinnuráðherra og þáverandi formaður umhverfisverndarflokksins, VG, kom í sjónvarp til að kynna niðurgreidda stórværsmiðju á Bakka við Húsavík. Tók sérstaklega fram að hún yrði knúin orku

frá gufaflsvirkjun við Bjarnarflag í Mývatnssveit. Langt er síðan umhverfismat fór fram vegna virkjunarinnar og síðan hefur þekking á eyðileggingarmætti þess konar virkjana aukist. Hvar ætti frekar að fara varlega en í ofurviðkvæmu lífríki Mývatnssveitar? Virkjunin byggir á því að hægt verði að dæla niður affallsvatni án þess að menga og trufla grunnvatnsstrauma til Mývatns – og því að brennisteinsvatni frá henni spilli ekki heilsu og gróurfari. Um þetta má stórefast í ljósi reynslunnar.

3. Reynsla af jarðvarmavirkjun á þekkri þeirri sem á að reisa í Bjarnarflagi er fyrir hendi á Hellisheiði. Orkuveitan leitar nú undanþágu frá viðmiðunarmörkum vegna brennisteinsmengunar sem hún ræður ekki við – að eigin sögn. Í nýlegri skýrslu frá heilbrigðisnefnd Kópavogs kemur fram að mengunartoppur sé enn vanda-mál á höfuðborgarsvæðinu, en það sem vekur upp er sú staðhæfing að enn sé lítið vitað um langtímaáhrif brennisteinsmengunar á fólk – þótt undir skilgreindum álagstoppum sé. Auðvitað verður undanþága veitt.

4. Við Svartsengi er jarðvarmavirkjun. Þar hafa menn nú gefist

→ Þingeyingar sýndu fádæma manndóm á sínum tíma þegar þeir björguðu Laxá. Hver harmar hvellinn í dag? Nú mun enn á reyna.

upp við að koma affallsvatni aftur niður í jörðina og ætla að gera milljarðaskurð til að koma því út í sjó. Mývatn? Einhver? Verður það sama uppi á Hellisheiði á næstu árum?

5. Á Nesjavöllum fer affallsvatnið beint út í Þingvallavatn. Erum menn alveg vissir um að það sé góð hugmynd? Reyndar ekki. Menn vita ekki – eða vilja ekki vita – hver langtímaáhrifin verða.

### Borgaraleg óhlýðni

Svona er ástandið á rányrkjubúinu Íslandi. Umhverfisstoffnum Evrópu segir í skýrslu um nýframkvæmdir: „Í 84 af 88 tilfellum sem rannsókuð voru, þar sem varað var við skaðlegum áhrifum á heilsu eða umhverfi, reyndust gagnrýnendur hafa haft rétt fyrir sér.“ (Fréttabl. 14. febrúar). Þetta segir mikið um gildi varúðarreglunnar. Hún skiptir þó litlu máli þegar brotaviljinn er eindreginn eins og hér á landi. Sannarlega eru þeir til sem telja fullkomlega réttlætlanlegt að drepa allt kvítt í einu stærsta vatni landsins fyrir meinta meiri hagsmuni. Ákvörðun um það var upplýst og enginn vafi lék á að sú yrði niðurstaðan. En hvað með vatnsból Reykjavíkinga? Mývatn? Þingvallavatn? Öndunarfæri þeirra sem búa í grennd við Hellisheiði? Þingeyingar sýndu fádæma manndóm á sínum tíma þegar þeir björguðu Laxá. Hver harmar hvellinn í dag? Nú mun enn á reyna.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## PÁSKALILJUR

Páskaliur eru fallegar hvort sem er í blómavasa eða í blómapotti. Afskornar páskaliur geta staðið í viku til tíu daga. Einungis þarf að gæta að hafa nægilegt vatn fyrir þær. Best er að hafa vatnið volgt. Páskaliur eiga ekki að vera í vasa með öðrum afskornum blómum.



### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.  
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-  
www.jarnkler.is



## ÖRYGGI BÍLSINS BYGGIR Á GÓÐUM HJÓLBÖRÐUM

**GÚMMÍVINNUSTOFAN Í SKIPHOLTI KYNNIR** Eitt þekktasta og elsta hjólabarðaverkstæði borgarinnar býður 20% afslátt af öllum hjólbörðum til páska. Gott er að ástandsskoða áður en haldið er í ferðalag.

**N**ú fer mikil ferðahelgi í gang. Sturla Pétursson, eigandi Gúmmívinnustofunnar í Skipholti, segir að miklu máli skipti að hjólabarðar bílsins séu í góðu lagi þegar lagt verður af stað í ferðalag. „Menn geta komið til okkar í skoðun og við metum ástandið á hjólbörðunum. Við bjóðum einnig bremsuklossa og rafgeyma. Það er mjög gott að láta fagmenn kíkja yfir bílinn áður en haldið er út úr bænum,“ segir Sturla.

Gúmmívinnustofan í Skipholti hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi og hefur marga fasta viðskiptavini. Sturla og eiginkona hans, Anna Björnsdóttir, reka fyrirtækið. Þau leggja mikla áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð. „Við erum með allar gerðir hjólabarða, allt þekkt gæðamerki. Eftir páska er síðan kominn tími til að fara yfir á sumardekkinn. Frá 15. apríl er bannað að aka á nagladekkjum,“ segir

Sturla og bendir á að þótt lítið hafi farið fyrir ófærð í Reykjavík í vetur verður ekki það sama sagt um landsbyggðina. „Sumir eru á slitnum dekkjum án þess að hafa tekið eftir því. Þess vegna er ágætt að láta yfirfara bílinn. Margir aka á heilsárs dekkjum sem slitna auðvitað með tímanum. Stundum þarf bara að jafna loftþrýsting og jafnvægisstillja bílinn. Það getur verið ágætt að koma til að jafna lofti í hjólbörðum og þess háttar.“

Sturla hefur starfað á Gúmmívinnustofunni í Skipholti í 28 ár, þekkir markaðinn vel og er reynslumikill. „Hingað koma okkar góðu viðskiptavinir aftur og aftur. Við erum vel tækjum búnir og veitum fyrsta flokks þjónustu. Einnig erum við með „dekkjahótel“ fyrir þá sem vilja nýta sér það.“

Gúmmívinnustofan er að Skipholti 35, sími 553 1055.

**HOKINN AF REYNSLU**  
Sturla Pétursson hefur starfað við hjólabarðaverkstæðið í 28 ár og hefur því mikla reynslu.  
MYND/PIETUR

## JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



### Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

## Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalausar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

VALHÖLL Svæðisskipt heilsudýna  
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - TIL Í MÖRGUM STÆRÐUM  
Stærð 120x200 cm  
**Tilboðsverð kr. 74.900.-**

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

**Svefn & heilsa** ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum





**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



**KÖFLÓTT POSTULÍN**


■ **SPEGLASPIL ÓLAFAR ERLU**  
Sýning á tertudiskum eftir Ólöfu Erlu Bjarnadóttur, keramikhönnuð, stendur nú yfir í neðri glugganum í Kirsuberjatrénu.

Diskarnir eru handgerðir úr postulínu og á fæti. Munstrin á diskana sækir Ólöf til köflóttra og rósóttra borðdúka og eru sumir þeirra skreyttir handgerðum rósum. Þess má geta að undir einum diskana er að finna 137 handgerðar postulínsrósir sem koma í ljós í speglaspili Ólafar.

Í sýningarrýminu Trénu inni í Kirsuberjatrénu er svo að finna aðalsýninguna Speglaspil sem listakonurnar sem koma að Kirsuberjatrénu taka allar þátt í.



**GEFÐU HÆNU**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar



**BORÐAR ÞÚ RÉTT?**

**CrossFit**  
30-40-30

1.690 kr

**Culiacan**  
Suðurlandsbraut 4a  
533 1033 www.culiacan.is



**Vorútsala**

**20%**  
afsláttur af öllum vörum

**Tösku og hanskabúðin**  
Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

**EINSTAKT EINRÚM**

**ATHVARF Í ÓLÁTUM** Í mörgum rýmum getur reynst erfitt að finna stað til að spjalla sökum mikillar hljóðmengunar. Sturla Már Jónsson innanhúsarkitekt kynnti á dögnum Einrúmið og Símaskjólíð sem lausn í þessum aðstæðum.

Í nútímaskrifstofuhúsnæði, skólum, bönkum eða hvar sem mikið af fólki er samankomið myndast kliður og hávaði. „Í slíkum aðstæðum get ég vel séð fyrir mér að Einrúmið komi sér vel. Til dæmis í skólum þar sem mikið er unnið saman í hópum. Þá er hægt að hafa tvo sófa saman sem mynda gott rými með fullkomnu næði og engin þörf fyrir fundarherbergi,“ segir Sturla um Einrúmið.

Sturla hannaði Einrúmið í samstarfi við verkfræðinginn Gunnar Pálsson sem afdrepp í rýmum með lítil hljóðgæði. Einrúmið er með háum hljóðeinangruðum veggjum sem umvefja þann sem situr í honum og mynda þannig fullkomið næði. „Veggirnir eru klæddir með sérstöku efni sem drepur hljóð. Að innan eru þeir svo fylltir með öðru efni sem tekur aðra tíðni. Með þessu móti náum við einstökum hljóðgæðum í sófanum. Að utan er hann alveg lokaður svo ekkert hljóð á að berast inn í hann.“

Sófinn var kynntur á Hönnunarmars og fékk frábærar viðtökur. „Fólk stóð í röðum til að setjast í hann. Ein kona sagði við mig að maður væri bara komin á trú nó um leið og maður settist í hann,“ segir Sturla og hlær. Einrúmið eykur einnig hljómgæðin í rými þar sem þau eru vandamál. „Við erum með þróunarherbergi hjá Axis með einstaklega slæmu hljóðumhverfi sem stórbatnaði við það eitt að setja sófann þar inn.“

Símtöl á margmennum og hljóðbærum stöðum geta verið vandkvæðum háð og næðið oft lítið. „Símaskjólíð er með sömu eiginleika og Einrúmið, þannig að hljóðið sleppur hvorki út né inn. Þar inni er hilla sem hægt er að halla sér á. Sé það hengt upp í slíku rými er því komið fullkomið næði fyrir símtal.“ Axis húsgagnaframleiðandi framleiðir bæði Einrúmið og Símaskjólíð í samstarfi við Sturlu. Þjóða þeir upp á þá þjónustu að aka Einrúminu til fyrirtækja og stofnana svo þau geti prufað það. Nánari upplýsingar er að finna á [www.axis.is](http://www.axis.is). ■ [vidir@365.is](mailto:vidir@365.is)



**MYNDAR NÆÐI**  
Einrúmið er með háum hljóðeinangruðum veggjum sem umvefja þann sem situr í honum og gefa þannig fullkomið næði.  
MYND/CHRISTOPHER LUND



**FRÁBÆR FUNDAR- AÐSTAÐA**  
Með því að setja saman tvö Einrúm má útbúa fyrirtaks fundaraðstöðu með góðu næði. Þannig má nota það í stað fundarherbergja fyrir minni og styttri fundi.



**Páskatilboð**

**KJÓLAR OG SKOKKAR**

Áður 14.990  
Nú 7.990

**FLASH**  
Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

Vertu vinur



**GÓÐ HUGMYND**

■ **SKIPULAG**  
Margir kannast við skipulagsleysi í skápnum. Þönnu er staflað saman og sömuleiðis eldföstum formum. Martha Stewart bendir á þessa lausn þar sem útbúin hefur verið nokkurs konar grind í skápnum til að raða þessum hlutum fallega. Látið hugmyndaflugjó ræða þegar raðað er í skápna.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Jónína María Hafsteinsdóttir**  
[jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson**  
[sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s 512 5432  
**Elsa Jensdóttir**  
[elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is) s. 512-5427



# ÚTIVIST

MÁNUDAGUR 25. MARS 2013

## Kynningarblað

Fatnaður, tækjabúnaður,  
nesti, göngur og góð ráð.



Á LEIÐ TIL ÚTLANDA

## OPTICAL STUDIO FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði í okkar fullbúnu  
gleraugnaverslun á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

**ALLT AÐ 50% ÓDÝRARI**  
EN SAMBÆRILEG VARA Á MEGINLANDI EVRÓPU

Ábyrgðar- og þjónustuaðilar:  
Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811





Á hraðleið inn í daginn

# Í bítíð

Heimir og Kolla  
Virka daga kl. 6.50 – 9



**BYLGJAN**  
989



## FARIÐ VEL MEÐ GÖNGU-SKÓNA SVO PEIR ENDIST

- **Best** er að máta gönguskó síðla dags og í þeim sokkum sem notaðir verða á göngu í skónum.
- **Vandið** valið á skóm eftir því hvers konar göngur á að nota þá í. Gangið helst á þeim upp og niður halla í búðinni og standið upp á tám í skónum.
- **Gakktu** skóna til í nokkra daga áður en lagt er í langa gönguferð til að forðast særindi á fótum.
- **Berðu** vatnsvörn á skóna, vax eða leðurfeiti eftir því sem við á, þannig endast þeir mun betur.
- **Þrifðu** skóna eftir hverja gönguferð. Ef þeir hafa blotnað er best að þurrka þá við stofuhita og troða dagblöðum ofan í skóna til að draga til sín rakann. Þurrkskápar geta farið illa með leðurskó.
- **Gott** er að vatnsverja skóna aftur eftir nokkrar gönguferðir ef þeir hafa blotnað oft.

# Grunnurinn að góðri ferð

Fátt gleður ferðalanga meira en gott nesti. Hvort sem farið er í bíltúr upp í sveit, klifið á fjöll eða lagt af stað í langa gönguferð er vel valinn nestisbiti hornsteinn góðrar ferðar. Það er lítið mál að útbúa gott nesti og sumt má gera tilbúið deginum áður. Það er þó algjör óþarfi að gleyma sér í hollustunni því hreyfingin vegur upp á móti smá sætmeti.

## Samlokan

Gamla góða samlokan er ekki frumlegur valkostur en góður og gildur. Það er óþarfi að halda sig við skinku og ost eða tilbúið salat, ef grannt er skoðað leynist ýmislegt í ísskápnum eða frystinum sem hægt er að setja á milli brauðsneiðanna. Upplagt er að elda heilar kjúklingabringur kvöldinu áður og skera í þunnar sneiðar. Afgangur af kjúklingi gærdagsins hentar líka mjög vel. Kjöt-bollur, skornar í helminga, eru fyrirtaksálegg og svínakjöt gærdagsins er herramannsmatur. Gott úrval af góðu salati fæst í flestum verslunum og annað grænmeti úr ísskápnum hentar vel, til dæmis paprika, rauðlaukur, tómatur, agúrka og harðsoðin egg. Ekki má gleyma sinnepi af ýmsum gerðum, sýrðum rjóma eða salsasósu. Þeir sem vilja ganga lengra geta prófað ólífur, beikon og sólburrkaða tómata. Ekki má gleyma ostinum! Fyrir utan hefðbundinn brauðost er upplagt að sneiða hvít- og blámygluost á samlokuna til að toppa meistaraverkið.

## Ávextir og grænmeti

Öll ferðalög, stutt og löng, ættu að innihalda ávexti og grænmeti í nestisboxinu. Fyrir utan að vera hollur og (yfirleitt) góður matur er það nú bara þannig að þegar litlir puttar komast í boxið úti í sveit bragðast ávextir og grænmeti yfirleitt betur en við eldhúsbörðið. Fyrir utan klassíska ávexti eins og banana, epli, vínber og perur er gaman að prófa úrval af melónum sem gjarnan má skera í minni bita. Jarðarber og bláber eru einnig góð og svo má auðvitað ekki gleyma appelsínunum sem gott er að skera í hentuga báta fyrir brottför. Grænmetið má líka vera með í för. Íslenskar gulrætur eru fyrirtaks snarl í ferðalagið auk þess sem blómkál og spergilkál, skorið niður í litla bita, leynir á sér. Agúrkan og paprika í rauðum, gulum og appelsínugulum lit eru einnig velkomnir gestir í nestisboxið.

## Dósamatur

Það er ekki hægt að borða heilsusamlegan mat 365 daga ársins. Stundum verður maður að leyfa sér syndsamlega góða rétti. Ef ferðalangar búa svo vel að eiga þrímus eða sambærilegar græjur er dásamlegt að ylja sér við heitar bakaðar baunir úr dós sem fást nú í mörgum útgáfum. Til að fullkomna máltíðina má skera pylsubita út í en nú fást ilmandi pylsur af öllum stærðum og gerðum í stórmörkuðum og sérbúðum. Hafi ferðalangar góðar græjur á annað borð má útbúa góða grýtu kvöldinu áður. Til að spara tíma er hægt að kaupa tilbúna krydd- og baunablöndu sem hægt er blanda við nautahakk, hvítlauk, chillipipar og hvaðeina sem hugurinn gírnast.



## Ýmislegt smásnarl

Hnetur og þurrkaðir ávextir eru mjög heppilegir fyrir ferðalagið. Bæði er um hollan skyndibita að ræða og svo tekur hann ekki mikið pláss, til dæmis á gönguferðum. Mikið úrval af hnetum fæst nú í mörgum stórmörkuðum og sérverslunum og því lítið mál að nesti sig upp af slíkum kræsingum. Það er síðan vel leyfilegt að kaupa sætindi enda allt gott í hóf. Vel valið súkkulaði gleður mannsins hjarta og sál. Hver kannast til dæmis ekki við gleðitilfinninguna sem hríslast um kroppinn þegar fyrsti súkkulaðibitinn er tekinn á fjallstoppi?

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Námskeið laugardaginn 6. apríl


# Sólpallar og skjólgirðingar

## Hönnun útfærsla og smíði

Þetta námskeið fjallar um hönnun og smíði tréþalla og skjólgirðinga. Góð hönnun tryggir notagildi og skjól á pallinum, á meðan vönduð smíði lengir líftíma palls og eykur fegurð umhverfis. Skoðaðar eru ýmsar útfærslur og hvernig hægt er að mynda gott samræmi milli húss, palls og skjólgirðinga. Sérstaklega er fjallað um veðurfar en skjól er forsenda þess að góðir útivistardagar á pallinum verði sem flestir. Farið er yfir gerð grindarteikninga, útfærslu og smíði. Einnig er farið yfir helstu timburtegundir, festingar, undirstöður og frágang.

Námskeiðið er í fyrirlestraformi stutt fjölda ljósmynda og teikninga. Kennari er höfundur bókarinnar „Draumagarður“ sem er hluti námskeiðsgagni.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt.
Staðsetning:	Skúlatún 2, Reykjavík.
Tími:	Laugardagur 6. apríl, kl. 9.00 – 16.00.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.



Skráning á  
idan.is



**IDAN**  
fræðslusetur  
idan@idan.is  
www.idan.is



# Sífelld fleiri velja skærar flíkur

Litadýrðin ræður ríkjum í Cintamani enda er vöruúrvalið í takt við þá tískustrauma sem hafa verið ríkjandi í útivistarfatnaði á heimsvísu og þar hefur litagleðin sjaldan verið meiri.

„Við erum með þó nokkuð af vörum í appelsínugulu sem er mjög vinsæll litur og eins seljast neonlitirnir mjög vel þessa dagana. Skærguli „retro“ liturinn hefur svo algerlega slegið í gegn sem og bleikar og skærbláar flíkur,“ segir Sigrún Guðný Markúsdóttir, vöruverkjastjóri og yfirmaður hönnunardeildar Cintamani. „Það þarf hugrekki til að klæðast lit og það vantar ekki hjá okkur Íslendingum enda sífelld fleiri sem falla fyrir litríkum flíkum. Þá er miklu praktískara að vera í lit enda sést fólk betur í umferðinni og eins ef það verður viðskila á fjöllum.“

## Lífsgleði, hugrekki og gæði

Einkunnarorð Cintamani eru lífsgleði, hugrekki og gæði og eru vörurnar í þeim anda. Cintamani frumsýndi haust- og vetrarlínuna 2013 til 2014 um síðustu helgi. Hún kemur í verslanir næsta haust og þar var ekki síður mikið um munstur og liti. Línan er að hluta unnin í samstarfi við myndlistarmanninn Tolla og innblásin af verkum hans. Línan í heild fékk mikið lof og því von á góðu.

## Tæknilegur tískufatnaður

Þó Cintamani sé fyrst og fremst útivistarmerki fyrir alla aldurshópa þá er um leið að ræða tískufatnað með sérstaka eiginleika. Í dag eru útivistarflíkur með tæknilega eiginleika farnar að færast nær og nær tiskunni og er orðatiltækið „Functional Fashion“ oft notað í þessu samhengi. „Þetta er praktískur tískufatnaður, ef svo má segja, fyrir alla fjölskylduna. Fólk notar fatnaðinn okkar ekki einungis í fjallgöngur, á skíðum eða á gönguferðum sínum um bæinn heldur einnig í hinu daglega lífi,“ segir Sigrún.

## Lagskipt lína

Hún segir Cintamani línunni skipt upp eftir lögum. „Það er algjört lykilatriði þegar útivist er stunduð að klæðnaður sé réttur og lagskiptur. Hugmyndin er að hleypa svitanum sem fyrst frá líkamanum og út í gegnum öll lögin. Ef útgufunin er góð helst líkaminn þurr og það er mikilvægt til að halda hita.“

Sigrún segir mikilvægt að innsta lagið sé úr réttu efni og hjá Cintamani er mælt með merino-ull. „Hún hefur þann einstaka eiginleika að halda á fólki hita jafnvel þó að hún blotni. Í mikilli útgufun frá líkamanum blotnar innsta lagið og það er mikilvægt að það lag sem er næst húðinni kólni ekki þegar það blotnar. Eins þarf innsta lagið að færa svitann strax frá húðinni og út í næsta lag. Ullin þornar fljótt og það eykur vellíðan og heldur hita.“

„Miðlagið hefur það hlutverk að einangra hita og færa svita frá innsta lagi og út í það ysta en við bjóðum upp á margs konar miðlög úr alls kyns efnum. Val á ysta lagi fer svo eftir veðri og við hvaða aðstæður á að nota flíkina. Ef útgufunin er góð helst líkaminn þurr og það er mikilvægt til að halda hita.“

## Gott úrval þriggja laga skelja

Cintamani býður að sögn Sigrúnar gott úrval þriggja laga skelja í mörgum litum. Þá tekur filman við svitanum og hleypir honum strax í gegn. Filman í þriggja laga skeljunum heitir Gelanots® og er frá japanska fyrirtækinu Toyota Tshusho®. Filman aðlagar sig að hitastiginu og raknum utan filmunnar.

Hún hleypir raka í gegn með Hi-Tech Polyurethane-filmu og er með einstaka endingu, vatns- og vindheldni. Efnið er styrkt til að notandinn geti reynt mikið á sig líkamlega. Það er sömuleiðis létt og mjúkt til að auka þægindi. Þriggja laga skeljarnar henta einnig vel sem skíðafatnaður og má æftar sjá fólk renna sér niður brekkurnar klætt Cintamani-skeljum.



Aðalsteinn Sigvaldason, verslunarstjóri í Bankastræti, ásamt Sigrúnu. Þau eru hér klædd vinsælum litum og ber Sigrún trefil úr nýjstu fylgihlutalínunni. Hann er með íslensku munstri sem er unnið upp úr gamalli íslensku munsturbók. Þrír nýir litir eru væntanlegir og koma í hús með vorinu.

MYND/GVA

## Primaloft

Cintamani-vörurnar eru margar fylltar með primalofti en það er nýjasta tæknin í einangrun útivistarfatnaðar. Primaloft® er einstaklega létt fylling úr polyester-þráðum sem hrindir frá sér vatni. Hún heldur sömuleiðis hita mjög vel á milli þráðanna. Kostir primaloft® eru helst

þeir að það er þunnt og létt og fer lítið fyrir því. Sigrún segir marga nota primaloft-flíkur sem miðlag og skel yfir. Þá nota sífelld fleiri primaloft fatnað sem ystu yfirhöfn.

## Flaggskipið í Bankastræti

Sigrún segir verslunina í Bankastræti flaggskip Cintamani. „Þetta er stærsta verslun okkar og úrvalið þar er mest. Þar erum við ekki einungis með fatnað fyrir fullorðna heldur einnig gott úrval af barna- og ungbarnafatnaði. Einnig er þar gott úrval af útivistar- og útilegubúnaði og mun úrvalið bara aukast þegar líða fer að vori.“

Sigrún segir verslunina sérstaklega vinsæla hjá smáfólkinu. „Það hefur gaman af því að skoða fiskana í tjörninni, renna sér í rennibrautinni og hlaupa um.“ Verslunin í Bankastræti verður tveggja ára 8. apríl og þá verður blásið til veislu.



Haust- og vetrarlína 2013 til 2014 var kynnt um síðustu helgi en hún er að hluta til unnin í samstarfi við myndlistarmanninn Tolla. Útstillingu með vörum má sjá í Bankastræti.



Neonlitir eru áberandi en vitaskuld fást yfirhafnir í svörtu og hvítu líka.

Cintamani-verslanirnar eru að Bankastræti 7, Austurhrauni 3 í Hafnarfirði, Kringlunni og Smáralind. Auk þess fást vörurnar hjá endursöluáðilum um allt land.



# Dótabúð útivistar- og dellufólksins

Garminbúðin selur fullkomin útivistarúr, GPS-tæki, gagnvirk Íslandskort, sólarþegla, vasaljós og fjölmargt annað sem gagnast útivistarfólki. Tækin gera ferðalögin áhugaverðari, eftirminnilegri og öruggari.

**G**arminbúðin er dótabúð útivistar- og dellufólksins. „Þegar Garmin-vörurnar komu fyrst á markað á Íslandi í kringum 1994 voru kaupendur aðallega björgunarsveitarmenn og skotveiðimenn sem héldu til á hálendinu. Útivistarfólkið bættist svo fljótlega við og það er stöðugasti viðskiptahópurinn í dag,“ segir framkvæmdastjórinn Ríkarður Sigmundsson.

Hann segir hin nýju Garmin Fenix-útivistarúr vekja mikla athygli, enda eru þau smekklegr og flott á hendi og geta rafhlöðurnar dugað eina helgi með kveikt á GPS-móttakaranum. Þau gera allt sem fullkomin útivistartæki gera utan þess að sýna kort; rita ferilinn, leggja út leiðir, mæla púls og margt fleira. Þá fást ýmsar aðrar gerðir útivistarúra í versluninni en þau eru mikið notuð af fólki sem stundar útivistarhlaup, þríþraut og göngur.

„Hin svokölluðu útivistartæki eru svo með litaskjá með skjástærð frá 2,2 tommum og allt upp í fjögurra tommu skjá og svo tvær týpur þar á milli, 2,6 tommur og 3 tommur, með eða án snertiskjá. Í þessi tæki er hægt að fá Íslandskort með miklum ítarupplýsingum; hæðarlínum, öllum vegum og vegslóðum á hálendinu, 40.000 örnefnum og 4.000 viðskiptatengdum stöðum eins og sundlaugum, bókasöfnum, bílaverkstæðum, verslunum, tjaldsvæðum, veitingastöðum og þar fram eftir götunum. Einnig er gaman að segja frá því að Íslandskortið var að lækka í verði úr 18.900 í 12.900, þökk sé því að Land-



Ríkarður Sigmundsson, Ólafur D. Ragnarsson, Einar B. Kristgeirsson og Finnur Þór Þráinsson leiðbeina við val á rétta búnaðinum. MYND/PIJETUR

mælingar Íslands gáfu kortagögn sín frí til afnota. Garmin-tækin nýtast bæði í hendi á göngu og í hvers kyns faratækjum. Þá eru í tækjunum hæðartölvur, áttaviti og ýmislegt fleira sem gagnast ferðalöngum sem sífellt fleiri geta ekki hugsað sér að vera án.“

Kortin er að sögn Ríkarðs líka hægt að setja upp í tölvum og finnst mörgum gott að geta skipulagt ferðalagið þannig eða sýnt eftir á hvert það fór; upp þetta gil, meðfram þessum kambi og svo framvegis. Sum tækin

eru einnig bún myndavélum og því hægt að skrá ferðasöguna á kortið í máli og myndum.

Meðal nýjunga í versluninni eru sólarþeglar og vararahlöður frá Powertraveller. Þeir eru með innbyggðri rafhlöðu sem hleðst við sólarljós og ferðamaðurinn hengir hann aftan á bakpokann sinn og hleðst rafhlaðan yfir daginn. Á kvöldin er svo hægt að hlaða símann, myndavélina eða önnur tæki. Þá þarf ekki að burðast með hleðslutæki og treysta á skála með rafmagni. Power



Með Solarmonkey Adventurer frá Powertraveller er hægt að hlaða rafhlöðu í sólarþeglinum yfir daginn. Á kvöldin er svo hægt að hlaða símann, myndavélina eða GPS-tækið eins og til dæmis Garmin Fenix sem er hér með á myndinni.

Traveller-vörurnar fást í ýmsum útgáfum. Speglnir eru vatnsheldir og hlaðast rafhlöðurnar jafnvel þótt ský dragi fyrir sólu. Garminbúðin selur auk þess höfuðljós og hágæða Surfir-vasaljós, myndbands-upptökuvélar til að nota við íþróttaiðkun og snjóflóðabúnað svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar er að finna á [www.garmin.is](http://www.garmin.is). Hún er til húsa að Ögurhvarfi 2 í Kópavogi en umboðsaðila er auk þess að finna um allt land sem sjá má á heimasíðu þeirra.




Unnið er að því að hreinsa alla göngu- og hjólastíga borgarinnar fyrir páska.

## Borgin undirbýr sumarið

Undanfarið hefur Reykjavíkurborg látið sópa göngu- og hjólastíga í borginni. Markmiðið er að ná að sópa sem flesta stíga fyrir páska til að leyfa íbúum að njóta útiverunnar.

Áhersla er lögð á að taka helstu stofnstíga, til dæmis frá Ægisíðu, Fossvoginn og upp Elliðaárdalinn og síðan meðfram Sæbrautinni og meðfram strandlengjunni upp í Grafarvog. Mikill sandur er á stígum og þarf að fara tvær umferðir til að ná öllu upp en sex vélsópar eru notaðir til verksins.

Reykjavíkurborg hvetur einnig garðeigendur til að huga að trjágróðri sem hindrar gangandi og hjólandi vegfarendur. Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa undanfarið snyrt þann gróður borgarinnar sem mögulegt er að muni skyggja á umferðarmerki þegar hann lafgast. Einnig hafa verið klipptar greinar á borgarlandi sem slúta inn á göngu- og hjólastíga. Trjágróður sem vex út fyrir lóðamörk getur skapað óþægindi og jafnvel hættu og því kjörið að nýta næstu daga til að klippa þann gróður. Þeir sem vilja benda á hvar trjágróður er til trafala geta fært inn ábendingu á [www.reykjavik.is/borgarland](http://www.reykjavik.is/borgarland).



## Gönguskór sem henta þér á öllum þínum ferðum

Þegar gengið er sér til heilsubótar eða skundað yfir fjöll eða farið í fjörur, er mikilvægt að skórnir séu af bestu gerð og fari vel með fætturna.

KIWI áburður fylgir öllum skópörum



Láttu verðið koma þér á óvart

Fjallgönguskórnir frá LOMER þykja einhverjir þeir bestu á markaðinum og hafa björgunarsveitameðlimir og þaulvanir gönguhrólfar hlaðið þá lofi.

Nú fást allir okkar skór í

**Útivist** Laugavegi 178,  
**ZO-ON** Bankastræti 10,  
Kringlunni og Smáralind  
**Útilegumaðurinn** Korputorgi  
og **Skátunum** Hraunbæ 123

  
**gonguskor.is**





## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarssdóttir  
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

## HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

Breiðhöfði – 110 Rvk. – Til leigu



Frábær staðsetning – 10.000 fm. afgirt lóð.

Höfum fengið í leigumeðferð vel staðsetta lóð og 540 fm. atvinnuhúsnæði (límrésskemma) á besta stað á höfðanum. Lóðin er óvenju stór, afgirt 9.800 fm. sem býður uppá mikla möguleika. Skammtíma og langtíma leiga kemur til greina.

Frekari uppl. gefur Helgi Jón sölustjóri í s. 893-2233

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

## Parhús á útsýnisstað

Fold fasteignasala kynnr: Fallett parhús með innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað við sjóinn í Hverafold.

Á aðalhæð er anddyri með flísum. Flísalagt hol. Gestasnyrting. Stofa með parketti. Eldhús með fallettri innréttingu og nýlegum tækjum. Ísskápur og eldavél fylgja með. Fallett útsýni frá stofu. Gengt þaðan út í garð sem snýr í suður. Innbyggður bílskúr. Stigi niður á neðri hæð en þar er forstofa með parketti. Þrjú svefnherbergi, dúkur á gólfi í tveimur en plastparkett í einu. Baðherbergi endurnýjað árið 2007 með nuddbaðkari, sturtuklefa og fallettri innréttingu. Sjónvarpsherbergi með flísum. Þvottahús með flísum á gólfi og glugga.

Í kjallara er u.þ.b. 45 fm rými sem mögulegt væri að tengja húsinu með hringstiga. Verið er að vinna að nýjum eignaskiptasamningi og ber seljandi kostnað við gerð hans.



Parhús á einstökum útsýnisstað við sjóinn í Grafarvogi. Skipti möguleg á minni eign í Fossvogshverfi og víðar.

Nánari upplýsingar á Fold fasteignasölu, Laugavegi 170, sími 552 1400.

Fallett útsýni er úr húsinu yfir sjóinn.



FRÍTT VERÐMAT  
HRINGDU NÚNA

820 8081

Sýlvía G. Walthersdóttir  
sylvia@remax.is



RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • [WWW.REMAX.IS](http://WWW.REMAX.IS)

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • Sími: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

Sigtún 37 - 105 Reykjavík



Laus strax

Rúmgóð og falleg 136,6 m<sup>2</sup> sérhæð á 1. hæð ásamt 31,5 m<sup>2</sup> bílskúr við Sigtún 37 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, hol, eldhús og baðherbergi. Íbúðinni fylgir sérgeymsla/herbergi auk salernis í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 42,0 m.**

Flyðrugrandi 10 - 107 Reykjavík



Laus strax

Mjög falleg 65,1 m<sup>2</sup> 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Flyðrugrandi 10 í Reykjavík. Eignin er með nýjum innréttingum, nýjum gólfefnum og ný máluð. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 26,5 m.**

Nýtt á skrá

Hverafold 19 - 112 Reykjavík



Nýtt á skrá

Falleg 56 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Hverafold 19 í Grafarvogi. Íbúðin er á jarðhæð í 4ra hæða, 8 íbúða stigagangi. Þetta er falleg og vel skipulögð íbúð á finum stað, rétt við verslunarmiðstöð, leikskóla og skóla. **V. 16,9 m.**



Laus strax

Nýtt á skrá

Austurborg 8 - 111 Reykjavík  
3ja herbergja 80,4 m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð ásamt 17,9 m<sup>2</sup> bílskúr við Austurborg 8 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 18,9 m.**



Reykás 21 - 110 Reykjavík  
Rúmgóð og björt 100,1 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 23,2 m<sup>2</sup> bílskúr við Reykás í Reykjavík. Falleg íbúð, gott skipulag og fallett útsýni. **V. 28,9 m.**



Laus strax

Nýtt á skrá

Sléttahraun 26 - 220 Hafnarfjörður  
Björt og vel skipulögð 88,7 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Sléttahraun 26 í Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 17,5 m.**



Litlabæjarvör 7 - 225 Álftanes  
Fallett 215,9 m<sup>2</sup> einbýlishús með tvöföldum bílskúr innst í botnlanga með miklu sjávarauðsýni við Litlabæjarvör 7 á Álftanesi. **V. 46,9 m.**

Akurholt 18 - 270 Mosfellsbær



Gott 214,2 m<sup>2</sup> einbýlishús með bílskúr á stórrí lóð við Akurholt 18 í Mosfellsbæ. Stór timburverönd með heitum potti og gróinn garður á þessum vinsæla stað í Mosfellsbæ. Húsið er talsvert endurnýjað. Gott skipulag. 5 herbergi og 2 stórir sólskálur. Skipti mögulega 4ra herbergja íbúð í Mosfellsbæ. **V. 46,9 m.**

Klapparhlíð 13, íbúð 205 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Mjög falleg 99,3 m<sup>2</sup>, 3-4ra herbergja endaíbúð á efstu í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Mjög fallegar innréttingar og gólfefni. Flott útsýni. Vinsæll staður, stutt í skóla, leikskóla, sund, líkamsrækt og gólfvöllinn. **V. 28,2 m. Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Skeljatangi 29 - 270 Mosfellsbær



Nýtt á skrá

3ja herbergja, 84,9 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð með sér inngangi og timburverönd í litlu fjölbýli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu. Eigninni fylgir köld útigeymsla við hlíð íbúðarinnar. **V. 24,3 m.**

Stórikriki 10 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 225,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Stórikriki 10 í Mosfellsbæ. Eignin er mjög vel skipulögð með fallettri innfældri lýsingu og mikilli loftshæð, glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. **V. 59,9 m.**





**Jón Guðmundsson**  
Sölustjóri  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Páll Þórólfsson**  
Sölumaður  
pall@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### 2JA HERBERGJA



#### BRÆÐRABORGARSTÍGUR- REYKJAVÍK

- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **26,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### SÓLVALLAGATA- REYKJAVÍK.

- Þjört 89,9 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi í vesturbænum.
- Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Rúmgóð stofa. 2 svefnherbergi.
- Gott gönguþæri við miðborgina. Stutt er í alla þjónustu.
- Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér staði í bíla- **34,5 millj.** geymslu.

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### ÁLFASKEIÐ- HFJ. NEÐRI SÉRHÆÐ

- 89,4 fermetra neðri sérhæð auk 31,4 fm. sér geymslu í kj.
- Stofa. Þrjú svefnherbergi
- Sameiginlegt þvottahús í kjallara.
- Íbúð sem er mikið upprunaleg, en í góðu **23,7 millj.** ásigkomulagi.

### SÉRBÝLI



#### ÞJÓRSÁRGATA- REYKJAVÍK.

- 112,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
- Mikið endurnýjuð húseign.
- 439,5 fm. eignarióð.
- Mögulegt að byggja bílskúr á lóðinni. **52,9 millj.**



#### BOÐAGRANÐI- REYKJAVÍK.

- 85,0 fm. íbúð á jarðhæð auk sér staðis í lokuðu bílskylki.
- Útgangur á verönd út af eldhúsi og stofu.
- Þvottaherbergi innan íbúðar.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **24,8 millj.**



#### ASPARÁS- GARÐABÆ

- Vönduð 116,0 fm íbúð á efri hæð með 66,7 fm. geymslu
- Sérinnangangur.
- Íbúðin er innréttuð eftir teikningum frá innanhússarkitekt.
- Falleg staðsetning við opið svæði. **36,8 millj.** Útsýni að Reykjanesi.



#### FÁLKAGATA – RVK. 6 HERBERGJA.

- 131,6 fm. 6 herbergja íbúð á 2. hæð.
- Samliggjandi stofur. 4 herbergi. Suðursvalir.
- Hús nýlega viðgert og málað að utan.
- Lokaður bakgarður. Tilvalin eign fyrir **37,9 millj.** barnafólk.



#### GNITAKÓR-KÓPAVOGI

- 343,8 fm. einbýli á tveimur hæðum að meðt. 36,0 fm. bílsk.
- 131,0 fm. efri hæð hússins er í dag ein íbúð.
- Tvær 85,0 fm. 2ja herb. íbúðir á neðri hæð.
- Húsið er vel staðsett á góðum útsýnis- **73,9 millj.** stað.



#### RAUÐAVAÐ – REYKJAVÍK

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnangangur auk sér staðis í bílageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottaherbergi innan **23,9 millj.** íbúðar.



#### HÖRÐUKÓR-KÓPAVOGI.

- Góð 96,6 fm. íbúð á 11. hæð í álkæddu fjölbýli.
- Frábært útsýni til suðausturs. Flísalagðar svalir.
- Opið eldhús með beykinnrétt. 2 rúmgóð herbergi.
- Sér staði í lokuðu bílskylki. **25,2 millj.**



#### NAUSTABRYGGJA – RVK. 7 HERB.

- 210,6 fm. 7 herbergja íbúð á tveimur hæðum.
- Sér staði í bílageymslu.
- 5 svefnherbergi. Stofa með gólfíðum gluggum.
- Glæsileg íbúð. Aukin lofthæð. **52,9 millj.**



#### ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.

- Fallett 306,6 fm. tvílyft einb. með 68,8 fm. innb. bílskúr.
- Stofur með arni. Nýlega endurnýjað eldhús. 6 herbergi.
- Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð hússins.
- Lóð nýlega endurnýjuð og visar að lang- **84,9 millj.** stærstum hluta til suðurs.



#### JÖRFABAKKI- REYKJAVÍK

- 69,0 fm. íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli í neðra Breiðholti.
- Stofa og borðstofa með útgengi á svalir.
- Þvottaherbergi inn af eldhúsi.
- Ytra býrið hússins er gott og í góðu **15,7 millj.** viðhaldi.



#### HÁALEITISBRAUT- RVK. LAUS STRAX.

- 92,0 fm. 3ja herbergja endaíbúð í kjallara.
- Endurnýjuð að hluta m.a. baðherb. og raflagnir.
- Gluggar í þrjár áttir. Góð staðsetning við opið svæði.
- Sérinnangangur. Laus til afhendingar strax. **23,9 millj.**



#### BOGAHLÍÐ – RVK. 4RA – 5 HERB.

- 126,2 fm. íbúð á jarðh. auk geymslu og bílas. í bílageymslu.
- Vandaðar innréttingar og gólfefni.
- Opið eldhús, rúmgóð setustofa, 2 svefnherbergi.
- Sér hellulögð verönd í suðvestur. **48,5 millj.**



#### HRÍSHOLT- GARÐABÆ.

- 250,9 fm. einbýlishús á mjög fallegum útsýnisstað.
- Stórar stofur. Sólskáli. 4 svefnherbergi.
- Stórar svalir til vesturs og verönd til suðurs. Heitur pottur.
- Auðvelt að útbúa sér 2ja herb. íbúð á **59,0 millj.** neðri hæð.



## LANGALÍNA

### LANGALÍNA 15-23 – SJÁLANDI GARÐABÆR – NÝJAR ÍBÚÐIR

Nýjar íbúðir í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Löngulínu 15-23 í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 2ja til 5 herbergja frá 67 fm. til 157 fm. ýmist með góðum svölum eða stórum timburverönd. Staði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðirnar verða afhentar í mars til september 2013 án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum. Innréttingar og innihurðir verða úr eik. **Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**



## ÁLFABREKKA

### ÁLFABREKKA- KÓPAVOGI.

Mikið endurnýjað einbýlishús sem stendur á fallegri og gróinni lóð með miklum veröndum og skjólveggjum. Eignin er hæð og kjallari 243,0 fm. að stærð að meðtöldum 30,7 fm. bílskúr. Stórar samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi innaf. Tvö önnur rúmgóð herbergi. Eldhús með nýlegum innréttingum. Víðáttumikils útsýnis nýtur frá eigninni m.a. að Esju, Skálafelli og víðar. **Verð 66,5 millj.**



## SÉRBYLI



### HAUKALIND-KÓP. ENÐARAÐHÚS

- Glæsilegt 201,6 fm. endaraðhús að meðt. 26,8 fm. bílskúr.
- Eign sem er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpshol. 3 herbergi. Fataherb. innaf hjónaherb.
- Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Híti í innkeyrslu og stéttum. **54,5 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### HOLTSG.- 4RA HERB. ÍB. ÁSAMT BÍLS.

- Vel skipulögð 95,3 fm íbúð á 3. hæð auk 47,3 fm. bílskúr
- Bílskúr er í dag innréttaður sem 2ja herb. íbúð.
- Björt stofa. 3 herbergi. Eldhús með eldri innréttingum.
- Stórar suðursvalir út af stofu.

36, millj.-

## EIGNIR ÓSKAST

- Sérhæð í Þingholtum
- Sérhæð á Högum eða Melum.
- Sérhæð við Ægisíðu með sjávarútsýni
- Einbýli í Vesturbænum
- Einbýli í Þingholtum
- Höfum kaupendur að nokkrum 2ja – 3ja herbergja íbúðum í pósthúsi 101. Staðgreiðsla í boði.
- Einbýlis- rað- og parhús í Garðabæ.
- Einbýlishús með fjórum svefnherbergjum í Mýrum eða Hæðum í Garðabæ fyrir mjög traustan aðila.



### ÁRAKUR - GBR. GLÆSILEGT ENÐAR.H.

- Glæsilegt 248,9 fm. endaraðhús með 29,4 fm. innb. bílskúr.
- Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt.
- Allar innréttingar sérsníðaðar og vandaðar. 5 herbergi. Svalir til vesturs og lóð til austurs og vesturs.



### KLAPPARSTÍGUR

- Glæsileg útsýnisíbúð á tveimur efstum hæðum
- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.
- Sér stæði í bilageymslu. Þrennar svalir til norðurs, austurs og suðurs.
- Glæsilegar stofur. Sjónvarpsstofa með gólfíðum gluggum.
- Mikil lofthæð er á efri hæð. Stórkostleg útsýni út á sundin.

## ATVINNUHÚSNÆÐI



### DUGGUVOGUR- TIL SÖLU EÐA LEIGU.

- 491,2 fm. iðnaðarhúsnæði með tvennum innkeyrsludryrum.
- 165,1 fm. iðnaðarhúsnæði með einum innkeyrsludryrum.
- 180,0 fm iðnaðarhúsnæði með einum innkeyrsludryrum.
- Frábær staðsetning. Gott athafnarými. Stór malbikuð lóð.



### HEGRANES- GBR. EINB. Á SJÁVARL.

- 258,8 fm. einbýlishús með inng. 41,5 fm. bílskúr.
- Frábær útsýnisstaður á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi.
- Setu- og arinstofa. Borðstofa með útgangi á lóð. 4 herbergi.
- Eignarlóð 1.517,0 að stærð. Frábær staðsetning.

99,0 millj.



### HÖRÐUKÓR 3- KÓP. 4RA HERBERGJA.

- Björt og vel skipulögð 115,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 8. hæð.
- Stórar og bjartar stofur. Yfirbyggðar svalir.
- Frábært útsýni úr herbergjum, stofum og af svölum
- Sér stæði í bílakjallara.

31,5 millj.



### SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR-TIL LEIGU

- Um 100 fm. skrifstofuhúsnæði í góðu steinhúsi.
- Stór móttaka. 3 skrifstofuherbergi.
- Frábær staðsetning í miðborginni.
- Laust til afhendingar strax.

TILBOÐ ÓSKAST.



### SVÖLUÁS- HAFNARFIRÐI.

- 205,8 fm. endaraðhús að meðt.25,3 fm. bílskúr.
- 16,6 fm. útsýnisvalir til suðurs.
- 4 svefnherbergi.
- Vandað baðherbergi.

45,0 millj.



### STIGAHLÍÐ – REYKJAVÍK.

- 149,4 fm. neðri sérhæð auk 28,5 fm. bílskúrs.
- 3 herbergi auk forstofuherbergis.
- Stofa/borðstofa með arni.
- Hús klætt að utan.

39,9 millj.




### LÓNSBRAUT - HAFNARFIRÐI

- 175,0 fm iðnaðarhúsnæði.
- Stór salur með góðri lýsingu og innkeyrsludryrum.
- Afhending getur verið fljótlega.
- Vel staðsett á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði.

24,0 millj.



## NÝHÖFN SJÁLANDI GARÐABÆ



## GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR. EINSTÖK STAÐSETNING

Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í vönduðu fjölbýlishúsi í Sjálandinu í Garðabæ. Um er að ræða íbúðir á 1. og 2. hæð og eru stærðir frá 152,4 fm. upp í 161,0 fm. Íbúðirnar eru með aukinni lofthæð og afhendast fullbúnar án gólfefna, nema baðherbergi og þvottaherbergi sem verða flísalögð. Innanhússarkitekt er Rut Káradóttir. Allar íbúðirnar eru með rúmgóðum bílskúr og góðri geymslu þar innaf. Að auki eru rúmgóðar svalir til suðurs.

Einstök staðsetning við litla smábátahöfn. Frábært útsýni.  
Nánari upplýsingar á skrifstofu.





Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali | Magnús Geir Pálsson, sölumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali | Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari | Guðrún Magnea Arnadóttir, ritari

## Reykjavíkurvegur Rvk- mjög góð staðsetning.



Fallegt og vel hannað nýlegt ca 200 fm einbýlishús á rólegum og friðsælum stað í gamla Skerjafirðnum. Húsið sem er á tveimur hæðum er búið vönduðum innréttingum og með góðri tengingu við góðan gróinn garð. Nánari upplýsingar veita Kjartan Hallgeirsson og Sverrir Kristinsson **V. 73,5 m.** 2410

## Hólmatún 37- Glæsilegt einbýli.



**OPIÐ HÚS**  
mánudag

Glæsilegt einstaklega vel staðsett 208,8 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 52,4 fm tvöf. bílskúr. Vandaðar innréttingar, 4 svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Mjög gott fjölskylduhús. Innangengt er í bílskúrinn. Hellulagt bílapiplan fyrir nokkra bíla. Stór afgirt timburvernd með heitum potti. Húsið stendur innst í botnlanga með óbyggt svæði suðvesturaf og sjávarútsýni. Eignin verður sýnd mánudag frá kl. 17:30 - 18:00 V. 53.9 m.2566

## Einbýli



**Steinasel - m. tvöf. bílskúr**  
Vel staðsett 237,1 fm einbýlishús með innb. tvöf. bílskúr. Neðri hæð skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, herbergi, sjónvarpsstofu, geymslu og bílskúr. Á efri hæð er herbergisgangur með fjórum svefnherbergjum og baðherbergi. Svalir til suðurs út frá hjónaherbergi. Eignin er laus til afhendingar. **V. 44,0 m.** 2540

## Hólahjalli 1A - einbýlishús



**OPIÐ HÚS**  
mánudag

Um er að ræða nýlegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á neðri hæð. Glæsilegt 282,9 fm einbýlishús í suðurhlíðum Kópavogs með einstöku útsýni. Húsið er á tveimur hæðum og góðum rúmgóðum bílskúr. Fallegur garður í rækt og stór hellulögð vernd. **EIGNIN VERÐUR SÝND MÁNUDAGINN 25. MARS FRÁ KL. 17:00-18:00 V. 78 M.** 2538

## Erluhólar 1 - mikið útsýni



**OPIÐ HÚS**  
Þriðjudagur

Gott 336 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3ja herbergja auka íbúð á neðri hæð á fallegum útsýnisstað við Erluhóla í Reykjavík. Auka íbúðin er endurnýjuð. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. **EIGNIN VERÐUR SÝND ÞRIÐJUDAGINN 26. MARS MILLI KL. 17:30 OG KL. 18:00 V. 52,9 m.** 2029



**Blómvangur - einbýli á einni hæð.**  
210 fm einbýlishús á einni hæð byggt úr forsteyptum einingum m. innbyggðum góðum bílskúr og sólskála. Hellulagt bílapiplan. 4 svefnherb. Endurnýjað eldhús. Parket. Góð staðsetning. Laust strax. **V. 42,0 m.** 2542



**Dvergsteinar - Stokkseyri - einbýlishús**  
Á Stokkseyri erum við með til sölu mjög fallegt 202 fm einbýlishús á stórra afgirtri lóð. Á 1. hæð er forstofa, stofa, opið eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi. Á rishæðinni er stór og falleg stofa með stórum svólum. Í kjallara er svefnaðstaða, þvottaaðstaða og baðkar. **V. 25 m.** 1400



**Stokkseyri - hús með ýmsa möguleika**  
Á Stokkseyri erum við með til sölu fallegt 202 fm steinhús á einni hæð. Frábær staðsetning við miðju þessa fallega bæjarfélags við ströndina. Húsið gæti hentað vel félagsamtökum eða fyrirtækjum tengd ferðabjónustu. Húsið skiptist í nokkur herbergi og stór opin rými og er m.a. óvenju stórt og fallegt eldhús. Lóðin er afgirt með stórra girðingu. **V. 34,9 m.** 1399

## Bergstaðastræti - 133 fm glæsileg eign.



Glæsileg 133,7 fm 4ra herbergja mikið endurnýjuð hæð með sameiginlegum inngangi í fallegu fjörbylisssteinhúsi á besta stað í Þingholtunum. Íbúðin var mikið endurnýjuð á afar smekklegan hátt fyrir nokkrum árum síðan. 3 herbergi. Rúmgóð stofa, opið eldhús. Góðar svalir. Sérbilastæði á baklóð. **V. 43,9 m.** 2527

## Laugarnesvegur 92 - íbúð 0202



**OPIÐ HÚS**  
mánudag

Björt og skemmtileg 4ra herbergja 91,4 fm enda íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin hefur mikið verið endurnýjuð og má þar nefna gólfefni, innréttingar og hurðir. Stofa er björt með útgangi út á stórar svalir. Íbúðin hefur glugga á þrá vegu og fallegt sjávarútsýni. **EIGNIN VERÐUR SÝND MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 - 18:00 V. 26,9 m.** 2567

## Mánatún 3 íb 604 - stórglæsileg íbúð á efstu hæð



**OPIÐ HÚS**  
mánudag

Stórglæsileg og vönduð 5 herbergja 198,3 fm íbúð á 6. hæð (efstu) við Mánatún. Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílageymslu. Sér inngangur er af flísalögðum svólum, aðeins tvær íbúðir á gangi. Útsýni er glæsilegt. Allar Innréttingar eru sérsmíðaðar frá Brúnási og eru þær klæddar hnotu. Á baðherbergjum eru granitborðplötur og vönduð blöndunartæki. Gólfefni eru 60x60 svargrár flísar og plankaparket úr sérmeðhöndlaðri eik. Innihurðir eru frá Trévík, geretalausar úr hnotu. Gólfhitakerfi er í öllum herbergjum. Stórir gluggar veita mikla og góða birtu. **EIGNIN VERÐUR SÝND MÁNUDAG 25 MARS FRÁ KL. 17:30 - 18:00 V. TILBOD** 1981

## Bólstaðarhlíð 68 0101 - talsvert endurn. eign.



**OPIÐ HÚS**  
Þriðjudagur

3ja herbergja 86,0 fm íbúð á 1. hæð til vinstri. Mjög gott skipulag. Rúmgott eldhús. Rúmgóð stofa, vestursvalir, parket. Endurnýjað gler og gluggar að miklu leiti. Nýlegar innihurðir. Mjög góð staðsetning miðsvæðis. Endurnýjað þak og sameign. **EIGNIN VERÐUR SÝND ÞRIÐJUDAGINN**

## Raðhús



**Brautarland - raðhús á einni hæð**  
Mjög vel staðsett raðhús á einni hæð neðarlega í Fossvogsdalnum ásamt bílskúr. Gengið er beint út í suður garð frá stofu. Gott aðgengi er að húsinu og næg bílastæði. Húsið er laust við kaupsamning. **V. 51,9 m.** 2367





**Bræðratunga 20 - radhús. Laust.**  
135,1 fm radhús á tveimur hæðum á mjög góðum stað í Kópavogi. Í dag eru í húsinu tvö til þrjú herbergi en miklir möguleikar á breytingum. Góður garður. Hellulögð verönd. Húsið er laust strax og sölumenn sýna. **Verð 31,9 millj.** 2545



**Birkigrund Kóp. - endaraðhús m. bílskúr.**  
Reynslan og fagmennskan gjörsamlega lak af Sálverjum á sviði Vodafone-hallarinnar á laugardagskvöldið þegar þeir fögnuðu 25 ára starfsafmæli sínu. Fjöldi Sálaraðdáenda var þar saman kominn til að fagna tímamótunum og boðið var upp á öll þeirra bestu lög í gegnum tíðina, auk eins glænýs. Fjöldinn allur af gestasöngvurum steig á svið, blástursleikararnir fóru hamförum og öll sveitin var í essinu sínu. Það er í raun ótrúlegt að eftir allan þennan tíma í bransanum er ekki að

finna vott af leiða eða hroka í Sálverjum. Reyndar var frekar erfitt að greina á milli hvort skemmtu sér betur á laugardaginn, trylltir aðdáendurnir eða sveitin sjálf. Þær eru ekki margar skemmtanirnar sem þrír ættliðir gætu sótt saman og allir skemmtu sér jafn vel, en svo virðist sem Sálarböll séu þar á meðal. Á tímabili var ég með hóp tvítugra krakka dansandi mér á vinstri hönd á meðan vel fullorðið par tók léttari dansspor hægra megin við mig. Öll voru þau syngjandi hátt og snjallt með hverju lagiinu á fætur öðru á meðan fæturnir tifuðu.

Tvítugur sonur Stebba Hilmars, Birgir Steinn, stal senunni að mínu mati. Hann flutti lagið Orginal með söngkonunni

hæfileikaríku Stefaníu Svavarsdóttur og ég er ekki frá því að flutningurinn hafi verið betri en „orginnallinn“. Svo virðist sem Stebbi sé búinn að ala upp son sinn til að taka við eftir sinn dag og hafi tekist þvílíkt vel. Ég gat að minnsta kosti ekki annað en brosað út í eitt og byrjað að hlakka til þess dags sem ég mæti á „Sálarboll“ með börnunum mínum og barnabörnum, eftir tugi ára, og Birgir Steinn verður þar í forgrunni. Hann virðist ekki ætla að verða neinn eftirbátur föður síns.

Tinna Rós Steinsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Sálverjar eru greinilega hvergi nærri dauðir þrátt fyrir langan tíma í bransanum.

**SMÁRABÍÓ**

FRÁ HOFRUNDI NOTEBOOK OG DEAR JOHN  
KEMLR SPENNANNDI AÐSTARSAGA

JOHN DORNAMES  
SILVIAHIS HÖLUR

**SAFE HAVEN**

**HÁSKÓLABÍÓ**

OWAYNE JOHNSON

**SNITCH**

JÓYGG Á SANNAH ÖÐRU

**FORSÝNINGAR**

**THE CROODS**

STÓRSKEMMTLEG ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 3-D OG 2-D.

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
SAFE HAVEN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12	SAFE HAVEN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
SAFE HAVEN LÚXUS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12	SNITCH	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
THE CROODS 3D ISL. TAL.	KL. 3.30	L	ANNA KARENINA	KL. 6 - 9	12
THE CROODS 2D ISL. TAL.	KL. 3.40	L	JAGTEN (THE HUNT)	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE CROODS 3D ENSKT TAL. ÁN TEXTA	KL. 5.45	L	<b>BORGARBIÓ</b>		
BROKEN CITY	KL. 8 - 10.30	16	BROKEN CITY	KL. 5.50	16
IDENTITY THIEF	KL. 5.30 - 8	12	SAFE HAVEN	KL. 5.50 - 8	12
21 AND OVER	KL. 8 - 10.10	14	SNITCH	KL. 8 - 10.10	16
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D	KL. 5.50	L	IDENTITY THIEF	KL. 10.10	12
DIE HARD 5	KL. 10.30	16			

**mid.is** LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is  
-bara lúxus sími 553 2075

Miðasala og nánari upplýsingar

**Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.**

LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar
SNITCH	8, 10, 20
THE CROODS 3D - ISL. TAL.	4
THE CROODS 2D - ISL. TAL.	2
THE CROODS 3D - ENS. TAL.	8 - ÓTEXTUÐ
BROKEN CITY	8, 10, 15
IDENTITY THIEF	10
OZ GREAT AND POWERFUL 3D	2, 5
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D/3D	2, 4, 6 / 6

**MATRIX** IMAGINE ALL YOU CAN BE

**TOTAL RESULT** vörurnar á 20% afslætti í mars

Eingöngu selt á hársnyrtistofum

Sími: 553 2075 - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

TILBOÐ KL. 2

**LAUGARÁS BÍÓ** TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS**

PETTA REDDAST	(12)	18:00, 20:00
HANNAH ARENDT	(12)	20:00, 22:10
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	17:50, 20:00, 22:10
KON-TIKI	(12)	17:50, 22:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is/klubburrinn

SKÓLANEMAR: 25% AFLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.



# Panasonic

## AIRPLAY SAMSTÆÐA



Glæsileg samstæða frá Panasonic með AirPlay tengingu, útvarpi og geislaspilara. Stæðan er þunn og tilvalin til að hengja á vegg.

#### Góður hljómur

Samstæðan er með 40w RMS magnara með D.Bass og Pure Direct Sound, innbyggðum tónjafnara og Nanosized Bamboo Conce hátölurum sem tryggir góðan hljómburð.

#### AirPlay, App og innbyggð vagg

Samstæðan er með AirPlay svo hægt er að senda í hana tónlist þráðlaust frá iPad, iPod, iPhone, PC eða Mac. Hægt er að niðurhala sérstöku forriti svo hægt er að stýra samstæðunni í gegnum iPad, iPod eða iPhone. Innbyggð iPod/iPhone vagg.

#### Útvarp með stöðvaminnum

Samstæðan er með FM/AM útvarpi og með tengingu við iPhone/iPad. Hægt er að hlusta á allar internet útvarpsstöðvar í henni.

#### Klukka og tengimöguleikar

Samstæðan er með klukku, vekjara og svefnrofa og er vel tengjum búin með USB tengi, heymartólstengi og Music port tengi fyrir MP3 spilara.

Hannað fyrir  
iPod iPhone iPad



Panasonic SCHC57

**59.990**

VERÐ ÁÐUR 79.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)

**Panasonic**  
ideas for life



## Prjú Íslendingalið í átta liða úrslitum

**HANDBOLTI** Sextán liða úrslitin í Meistaradeild Evrópu klárðust um helgina. Alls voru fimm Íslendingalið í 16 liða úrslitunum en þeim hefur nú fækkað um tvö.

Danska liðið Bjerringbro-Silkeborg, sem Guðmundur Árni Ólafsson leikur hjá, sá ekki til sólar gegn Barcelona. Lærissveinar Dags Sigurðssonar hjá Fúchse Berlin voru síðan sentímetrum frá því að komast áfram



en lokaskot liðsins gegn Atletico Madrid fór í stöngina og út. Stöngin inn og Berlin hefði komist áfram.

Pórir Ólafsson var markahæstur í liði Kielce frá Póllandi með átta mörk er liðið sló Pick Szeged úr keppni. Ólafur Gústafsson var í liði Flensburg og svo voru það Evrópumeistararnir í Kiel sem unnu upp tveggja marka tap gegn Medvedi frá Rússlandi.

Frábær kafli undir lok fyrri hálfleiks gerði nánast út um rímmuna. 17-10 í hálfleik og lið Alfreðs Gíslasonar leit aldrei til baka. - hbg

## Allt undir hjá Njarðvík og Skallagrími

Það er nóg um að vera í íslensku íþróttalífi í kvöld. Þá verður keppt í átta liða úrslitum í Dominos-deild karla í körfubolta og svo fer lokaumferðin fram í N1-deild karla í handbolta.

Hið unga lið Njarðvíkur var ekki fjarri því að stela sigri í Hólm-inum og tapaði með aðeins einu stigi, 79-78. Húnarnir eru því með bakið upp við vegginn í kvöld er þeir fá Snæfell í heim-sókn. Það lið sem fyrr vannur tvo leiki fer í undanúrslit.

Sömu sögu er að segja af Skallagrími í Borgarnesi sem steinlá, 103-86, í fyrsta leiknum gegn deildarmeisturum Grindavíkur.

Það er allt undir hjá Val og Aftureldingu í handbolta. Afturelding þarf að vinna til þess að bjarga sér frá falli í 1. deild. Valmönnum nægir jafntefli til þess að enda í sjöunda sæti. Liðið sem endar í því sæti þarf samt að fara í umspil um laust sæti í N1-deildinni næsta vetur. - hbg



Sigurður Þorsteinsson, leikmaður Grindavíkur.

## LEIKIR KVÖLDSINS

## DOMINOS-DEILD KARLA

**KL. 19.15 NJARÐVÍK - SNÆFELL**  
Staðan er 1-0 fyrir Snæfell. Vinna þarf tvo leiki til þess að komast áfram.

**KL. 19.15 SKALLAGRÍMUR - GRINDAVÍK**  
Staðan er 1-0 fyrir Grindavík. Vinna þarf tvo leiki til þess að komast áfram.

## N1-DEILD KARLA

**KL. 19.30 HAUKAR - FH**  
**KL. 19.30 FRAM - ÍR**  
**KL. 19.30 HK - AKUREYRI**  
**KL. 19.30 VALUR - AFTURELDING**

## ÚRSLIT

## DOMINOS-DEILD KARLA

**KR - PÓR 93-83**

KR: Brandon Richardson 22 stig/9 fráköst/5 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 19, Helgi Már Magnússon 16, Kristófer Acox 10, Martin Hermannsson 9, Darshwan McClellan 7, Finnur Atli Magnússon 7, Jón Orri Kristjánsson 3.

Pór: Benjamin Smith 23, David Jackson 20, Emil Karel Einarsson 11, Darrell Flake 10, Grétar Ingi Erlendsson 10, Þorsteinn Már Ragnarsson 5, Guðmundur Jónsson 4.

KR vann einvígi liðanna 2-0 og er komið í undanúrslit.

**KEFLAVÍK - STJARNAN 100-87**

Ekki höfðu borist neinar upplýsingar um stiga-skor er Fréttablaðið fór í prentun.

Staðan í einvígi liðanna er 1-1. Liðin þurfa að mætast í oddaleik.

## MEISTARAEILDIN Í HANDBOLTA

**BARCELONA - BJERRINGBRO 26-24**

Barcelona komst áfram, 58-50, samanlagt.

**VEZSPREM - ADEMAR LEON 33-25**

Veszprém komst áfram, 56-45, samanlagt.

**KIELCE - PICK SZEGED 32-27**

Pórir Ólafsson átti stóruleik fyrir Kielce og var markahæstur með 8 mörk.

Kielce komst áfram, 57-53, samanlagt.

**KIEL - MEDVEDI 30-26**

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði þrjú mörk fyrir Kiel og Aron Pálmarsson eitt.

Kiel komst áfram, 65-63, samanlagt.

**FÚCHSE BERLIN - A. MADRID 26-27**

Atletico komst áfram, 56-55, samanlagt.

**FLENSBURG - GORENJE VELENJE 27-25**

Ólafur Gústafsson skoraði 4 mörk fyrir Flensburg.

Flensburg komst áfram, 55-50, samanlagt.

**DINAMO MINSK - METALURG 22-24**

Metalurg komst áfram, 50-45, samanlagt.

Dregið verður í átta liða úrslitin á morgun. Í potti eitt eru: Hamburg, Veszprém, Kielce og Barcelona. Þau geta því ekki dregist saman.

Í potti tvö eru síðan Flensburg, Kiel, Metalurg og Atletico Madrid.

## visir.is

Meiri um leiki gærkvöldsins

## Hef alltaf haft trú á mér

Ólafur Gústafsson hefur slegið í gegn hjá þýska félaginu Flensburg þar sem hann fékk óvænt tækifæri er Arnór Atlason meiddist. Ólafur hefur farið vel með tækifærið og spilar stóra rullu í þýska liðinu. Hann viðurkennir að hafa verið í lélegra formi en hann hélt er hann kom út. Formið í dag sé hans besta.

**HANDBOLTI** Eins dauði er annars brauð í íþróttahæminum eins og víðar. Þegar Arnór Atlason varð fyrir því óláni að meidast illa fyrir í vetur fékk skyttan unga Ólafur Gústafsson óvænt tækifæri til þess að spila með einu besta félagi heims, Flensburg í Þýskalandi. Strákurinn hefur nýtt tækifærið vel og kemur örugglega ekki aftur til FH á næstu árum.

Um helgina tryggði Flensburg sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu er það sló út slóvenska liðið Gorenje Velenje. Ólafur átti stóran þátt í sigrinum. Hann skoraði fjögur mörk úr fjórum skotum, gaf stoðsendingar og var magnaður í vörninni.

Ólafur er sífellt að festa sig betur í sessi hjá Flensburg og vex ásmegin í hverri viku. Hann er mjög ánægður með hvernig hefur gengið hjá sér.

„Ég get ekki ekki kvartað. Þetta er þannig lið að það hafa allir sitt hlutverk. Það tók smá tíma að finna hvert mitt hlutverk ætti að vera. Lars Kaufmann er skytta númer eitt en þjálfarinn sagði að stundum myndi ég spila í 10 mínútur og stundum 50. Ég spilaði 50 núna í Meistaradeildinni,“ sagði Ólafur, en hann var ekki alveg klár í svo mikinn leiktíma er hann kom fyrst til Þýskalands.

„Ég viðurkenni að ég var ekki í nógu góðu formi er ég kom út. Ég hélt að ég væri í betra formi, en ég komst að því eftir fyrsta leik að ég var ekki í nógu góðu formi. Ég var alveg búinn á því eftir hann. Málið er líka að í Þýskalandi skipta menn sér ekki af velli af því þeir eru þreyttir. Hér vilja menn spila og eru að berjast um spiltíma. Maður labbar ekkert upp að bekknum og segir við þjálfarann: „Heyrðu gamli, ég þarf aðeins að pústa.“ Það gengur ekki upp,“ sagði Ólafur og hló dátt.



**Einbeittur** Ólafur hefur átt nokkra stóruleiki á síðustu vikum og er kominn með liðinu í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar. NORDICPHOTOS/BONGARTS

„Þetta var auðvitað mjög stórt stökk fyrir mig. Hér eru allir atvinnumenn í alvöru formi. Ég fann það líka strax í vörninni að strákarnir hér eru aðeins þyngri og þykkari en heima. Það þarf að hafa aðeins meira fyrir þeim herna úti.“

Eðli málsins samkvæmt hefur Ólafur æft mjög vel síðan hann fór út og er nú kominn í form sem hæfir atvinnumanni.

„Ég held ég hafi aldrei verið í betra formi en núna. Það get ég líka þakkað Vranjes þjálfara, sem er mjög gott að vinna með. Hann er mikið í nútímavísindunum og heldur manni vel á tánum. Hann

er sterkur í samskiptum við unga leikmenn. Við fáum að gera okkar mistök. Okkur er ekki bara kipt af velli og hent í ruslið eftir ein mistök. Maður finnur traustið frá honum og það er gott að hafa.“

Ólafur segir það líka hafa hjálpað til að hafa Arnór Atlason á svæðinu, en hann er enn í Flensburg þó svo að hann sé meiddur og á leiðinni til Frakklands næsta sumar.

„Það er mjög jákvætt að hafa hann herna hjá sér. Hann hugsar um mig og býður mér stundum í mat. Hann bauð mér í læri um daginn, sem var frábært. Sérstaklega þar sem ég er ekkert líklegur

„Ég komst að því eftir fyrsta leik að ég væri ekki í nógu góðu formi. Ég var alveg búinn eftir hann.“

Ólafur Gústafsson

til þess að henda sjálfur í læri á næstunni,“ sagði Ólafur léttur.

„Það hefur annars fát komið mér á óvart herna. Ég hef alltaf haft trú á sjálfum mér og því kom það mér ekkert á óvart þegar hlutirnir fóru að ganga vel. Ég vissi að þetta myndi taka smá tíma. Þó svo að þetta sé stórt stökk er þetta vel hægt ef maður hefur hæfileika og er til í að leggja mikið á sig. Það eru margir hæfileikaríkir leikmenn á Íslandi og þeir gætu vel plumað sig í stærri deildum ef þeir væru í betra formi. Það hefur ekkert truflað mig að vera að spila gegn stórum stjörnum. Maður bara spilar eins og alltaf. Ég byrjaði vel. Datt svo niður eftir meidsli og nú er allt á uppljó.“

Frammistaða Ólafs hefur vakið athygli og það er nokkuð ljóst að hann verður áfram erlendis en ekki er ljóst hvort það verður með Flensburg eða öðru félagi.

„Það var auðvitað heppni að ég komst hingað. Alveg eins og þegar Arnór komst hingað þar sem annar maður meiddist. Ég ætlaði mér alltaf að njóta tímans og nýta tækifærið til þess að sýna mig og sanna. Flensburg hefur aðeins rætt við mig um framhaldið en það skýrist allt á næstu vikum. Ég hef líka heyrt frá fleiri félögum þannig að það er ekki líklegt að ég spili með FH næsta vetur. Ég stefni að því að halda mér úti þó svo að það sé alltaf gott að vera í Firðinum.“ henry@frettabladid.is

**16BLS BÆKFLINGUR**  
STÚTFULLUR AF PÁSKALEGUM MARS TILBOÐUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**  
NETBÆKFLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS  
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

**PÁSKA TILBOÐ**  
PÁSKALEG MARSTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM

**ÆVINTÝRA PÁSKAEGG**  
PÝLDIR ÖLLUM TÖLVUM TIL PÁSKA MEÐAN BIRGDIR ENDAST

**SMELLTU Á KÖRFUNA**  
NETBÆKFLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS  
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

**OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00-18:30**

**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is



# DELTALIGHT

## 50% afsláttur

Við rýmum fyrir nýjum vörum og seljum ósóttar pantanir frá **Delta Light, Esedra** o.fl. með 50% afslætti næstu daga.

# Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800





**STJARNNA HELGARINNAR** Elsa Sæný fagnar hér eftir að hafa stýrt karlalíði HK til sigurs í Asics-bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Auðveldara að þjálfra stráka en stelpur

Elsa Sæný Valgeirsdóttir vann tvöfalt í blakinu í gær.

**BLAK** Stjarna helgarinnar í blakinu er Elsa Sæný Valgeirsdóttir, en hún varð tvöfaldur bikarmeistari í gær. Fyrst sem þjálfari karlalíðs HK og síðan sem leikmaður kvennaliðs HK.

„Það er ekki hægt að kvarta yfir þessum degi og helginni í heild sinni. Ég var aldrei í vafa með strákana en það er erfiðara þegar maður keppir sjálfur. Ég hafði samt trú á þessu og þetta var æðislegt,“ sagði Elsa, en hvort var skemmtilegra að vinna sem leikmaður eða þjálfari?

„Það er erfið spurning. Það var ótrúlega gaman að vinna sem leikmaður með systur minni en það var líka mjög ljúft að vinna sem þjálfari. Þetta var allt sætt.“

Elsa Sæný er að þjálfra blak í fyrsta skipti og fór beint í að þjálfra stráka en það eru ekki beint

margar konur í því. „Þetta hefur gengið mjög vel. Þeir hafa tekið mér mjög vel og ekkert vesen. Það er auðveldara að þjálfra stráka en stelpur. Ég væri ekki til í að taka stelpulið að mér. Ég veit hvernig stelpur eru. Það þarf oft að fara fínna í hlutina og það ekki alltaf mín sterka hlið,“ sagði Elsa, en hún lét sína menn hafa það óþvegið í leikhlið í gær og fór það leikhlið sem eldur í sínu um internetið í gær. Ræðan virkaði því eftir hana sneru hennar menn leiknum við.

„Stundum þarf að fara svona að hlutunum en það er leiðinlegt að verða þekkt fyrir svona. Það fer mér ekki. Svona er þetta samt stundum. Það þarf að byrja sig. Ég hefði ekki getað talað svona við stelpur. Það hefði engan veginn gengið upp.“

- hbg

# Vettel stal sigrinum af liðsfélaga sínum

Lítil hamingja var í herbúðum Red Bull-liðsins eftir að Sebastian Vettel tók fram úr félaganum sínum, Mark Webber, og stal sigrinum í Malasíu þrátt fyrir að hafa fengið skipanir um að gera það ekki. Webber var mjög ósáttur í lok mótsins.

**FORMÚLA 1** Heimsmeistarinn Sebastian Vettel vann malasíska kappaksturinn sem fram fór í gær. Liðsfélagi hans, Mark Webber, varð annar eftir að hafa leitt kappaksturinn mestan hluta mótsins.

Webber var langt frá því að vera ánægður með liðið sitt eftir mótið og barði í borð þegar hann svaraði Vettel þegar þeir biðu þess að komast út á verðlaunapallinn. Webber fannst hann hafa frekar átt að vinna enda hafði liðið gefið öllum mönnum skipun um að berjast ekki um fyrsta sætið.

Það voru því ekki allt of brosmild andlit á verðlaunapallinum. Christian Horner, liðsstjóri Red Bull, segir Vettel hafa vísvitandi farið gegn skipunum en Vettel heldur hinu fram, að hann hafi ekki tekið fyrsta sætið af yfirlögðu ráði.

„Eftir síðasta stoppið sagði liðið mér að keppnin væri búin. Við áttum því að slaka á og klára kappaksturinn rólega. Liðið tók sína ákvörðun en Seb tók aðra. Þrátt fyrir það verður staðið með honum eins og venjulega,“ sagði Webber alveg hundfúll.

Vettel á að hafa beðist afsökunar en hann vildi lítið ræða atvikið við fjölmiðla.

„Þetta er eðlilega mikið hitamál og við verðum að útkljá þetta mál innan okkar herbúða. Ekki í fjölmiðlum,“ sagði Vettel.

Lewis Hamilton varð þriðji, rétt



**SÚRSÆTUR SIGUR** Webber svarar þorstanum á meðan Vettel fylgist með hálf-skömmustulegur. NORDICPHOTOS/GETTY

á undan liðsfélaga sínum, Nico Rosberg, sem vildi ólmur komast fram úr en var bannað það af Ross Brawn, liðstjóra Mercedes. Hamilton gat ekki sótt á Red Bull-mennina því hann þurfti að spara eldsneytið um borð.

Fernando Alonso flaug út af brautinni þegar aðeins einn hringur var búinn af kappakstrinum. Hann eyðilagði fram-

vænginn í þriðju beygju eftir ræsinguna þegar hann ók örlítið aftan í bít Vettels. Alonso lauk ekki móttinu og sama máli gegndi um báða Force India-bíla og Pastor Maldonado.

Vettel er kominn í forystu í stigamóttinu því Kimi Räikkönen átti í basli með bílinn og lauk móttinu í sjöunda sæti.

birgirh@frettabladid.is

## Hágæða Fissler pottasett Varanleg brúðkaupsgjöf



**Fissler**

Fissler. Perfect every time.

ÚTSÖLUSTADIR:



**Einar Farestveit & Co. hf.**  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**TEKK KRISTALL**  
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

**byggto og búið**  
568 9400 byggto og búið.is | Kringlunni  
facebook.com/byggto og búið

**Life & List**  
S M A R A L I N D

**Heimilistæki** ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500  
Umboðsmenn um land allt



★★★★★

**luno**

Creative. Versatile. Inspiring.



★★★★★

**original-profi collection**

High-quality. Versatile. Impeccable.





Mjólkinn gerir gott betra





## STÖÐ 2 KL. 21.35

### Swimming with Killer Whales

Merkileg heimildarmynd frá BBC um háhyrninga, sem eru af mörgum talin einhver hættulegustu dýr hafsins og myndi fáum detta í hug að sækja mikið í nálægð við þá í hafinu. Dr. Ingrid Visser er hreint ekki á sama máli og hefur kynnt sér lífnaðarhætti háhyrninganna til hins ýtrasta. Við rannsóknir sínar komu í ljós óvenju mörg dauðsföll innan hóps háhyrninga og í kjölfarið komu í ljós afar skuggalegar staðreyndir um lífríki hafsins.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA? VALGEIR MAGNÚSSON UMBOÐSMAÐUR

Stundum vil ég horfa á innihaldsríka þætti í sjónvarpinu en stundum vil láta mata mig og horfa á eitthvað þar sem ég þarf ekkert að hugsa.



**1 Apasaga** „Ég horfi mikið á fræðsluþættina á Rúv. Ég get vonandi slegið um mig í einhverju partí með fróðleik úr þessum apaþætti.“



**2 Hawaii Five-O** „Þetta er ekta glæpakljúþáttur þar sem maður þarf ekkert að hugsa. Það skiptir engu máli hvort þú sást síðasta þátt eða ekki.“



**3 CSI** „Eftir fullt af fróðleik og tvo einfalda en góða glæpaþætti er passlegt að líta aðeins í Sagan öll og fara að sofa.“

## RÚV

- 08.00 Morgunstiðin okkar**
- 12.00 Heimskautin köldu – Á hjara veraldar (1:6)** (Frozen Planet) (e)
- 12.50 Heimskautin köldu – Á töku-stað (1:6)**
- 13.00 Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni (1:8)** (e)
- 13.30 Andraland (1:7)** (e)
- 14.00 Hvolpalíff (1:8)** (Valpekullet) (e)
- 14.30 Flikk Flakk (1:4)** (e)
- 15.15 Hróturinn Hreinn**
- 15.22 Fum og fát**
- 15.30 Silfur Egils (e)**
- 16.50 Landinn (e)**
- 17.20 Sveitasæla**
- 17.31 Spurt og sprellað**
- 17.38 Töfrahnötturinn**
- 17.51 Angelo ræður**
- 17.59 Kapteinn Karl**
- 18.12 Grettir**
- 18.15 Táknafréttir**
- 18.25 Innlit til arkitekta (5:8)** (Arkitektens hjem) (e)
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veðurfréttir**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Dýra líf - Apasaga – Apasaga (3:5)** (Planet Earth Live: A Monkey's Tale)
- 21.00 Löðrungurinn (4:8)** (The Slap)
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veðurfréttir**
- 22.20 Íslenski boltinn**
- 22.55 Glæpurinn III (7:10)** (Forbryðelsen III) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.55 Kastljós (e)**
- 00.20 Fréttir**

## BÍÓ

- 12.45 Pétur og kötturinn Brandur 2**
- 14.05 Big Miracle**
- 15.50 Cyrus**
- 17.20 Pétur og kötturinn Brandur 2**
- 18.40 Big Miracle**
- 20.25 Cyrus**
- 22.00 The Descendants**
- 23.55 The Special Relationship**
- 01.25 College**
- 03.00 The Descendants**

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
- 08.05 Malcolm in the Middle (18:25)**
- 08.30 Ellen (52:170)**
- 09.15 Bold and the Beautiful**
- 09.35 Doctors (110:175)**
- 10.15 Wipeout**
- 11.05 Drop Dead Diva (8:13)**
- 11.50 Hawthorne (4:10)**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Frasier (23:24)**
- 13.20 America's Got Talent (5:32)** (6:32)
- 14.50 ET Weekend**
- 15.35 Barnatími Stöðvar 2**
- 16.50 Bold and the Beautiful**
- 17.10 Nágrannar**
- 17.35 Ellen (55:170)**
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- 19.20 The Big Bang Theory (17:24)**
- 19.40 The Middle (17:24)**
- 20.05 Glee (12:22)**
- 20.50 Covert Affairs (15:16)**
- 21.35 Swimming with Killer Whales** Heimildarmynd frá BBC um háhyrninga, sem eru af mörgum talin einhver hættulegustu dýr hafsins. Dr. Ingrid Visser er hreint ekki á sama máli og hefur kynnt sér lífnaðarhætti háhyrninganna til hins ýtrasta. Við rannsóknir sínar komu í ljós óvenju mörg dauðsföll innan hóps háhyrninga og í kjölfarið komu í ljós afar skuggalegar staðreyndir um lífríki hafsins.
- 22.30 Man vs. Wild (15:15)**
- 23.15 Modern Family (15:24)**
- 23.40 How I Met Your Mother (14:24)**
- 00.10 Two and a Half Men (8:23)**
- 00.35 White Collar (1:16)**
- 01.20 Episodes (5:7)**
- 01.50 The Killing (8:13)**
- 02.35 Cattle Call**
- 04.00 Swimming with Killer Whales**
- 04.50 Covert Affairs (15:16)**
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

- 15.20 Meistaradeild Evrópu í handbolta: Fühse Berlin - Atletico Madrid**
- 16.45 Meistaradeild Evrópu í handbolta: Kiel - Medvedi**
- 18.10 Einvígið á Nesinu**
- 19.00 Dominos deildin: Njarðvík - Snæfell BEINT**
- 21.00 Meistaradeildin í handbolta: markaður**
- 21.30 Meistaradeild Evrópu: fréttar**
- 22.00 Dominos deildin: Njarðvík - Snæfell**

## SPORT 2

- 18.00 Premier League Review Show 2012/13**
- 18.55 Alfonso** Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar.
- 19.20 Tottenham - Chelsea**
- 21.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
- 22.00 Premier League Review Show 2012/13**
- 23.00 Football League Show 2012/13**
- 23.30 Liverpool - Southampton**

## krakkar

- 07.00 Harry og Toto**
- 07.10 Elías**
- 07.20 Áfram Diego, áfram!**
- 07.45 Waybuloo**
- 08.05 Svampur Sveinsson**
- 08.25 Latibær (5:18)**
- 08.50 Dóra konnuður**
- 09.15 Doddi litli og Eyrnastór**
- 09.25 UKI**
- 09.30 Strumparnir**
- 09.55 Histeria!**
- 10.15 Ofurhundurinn Krypto**
- 10.40 Ævintýri Tinna**
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
- 17.05 Hundagengið**
- 17.30 Leðurblökumaðurinn**
- 17.55 iCarly (15:45)**

## POP TV

- 17.05 Simpson-fjölskyldan (3:22)**
- 17.30 ET Weekend**
- 18.15 Gossip Girl (5:24)**
- 19.00 Friends (1:25)**
- 19.25 How I Met Your Mother (15:24)**
- 20.15 Don't Tell the Bride (1:6)** Breskir raunveruleikaþættir um pör í hjónabandshugleiðingum sem fá 25.000 pund til þess að halda draumabrukkaupið. Í hverjum þætti er fylgst með nýju pari en það er þó hængur á því parið verður að vera aðskilið í þrjár vikur eða fram að stóru stundinni. Brúðguminn þarf síðan að sjá um allan undirbúning, allt frá því að velja borðbúnað til brúðarkjól, brúðinni til mikilla mæðu.
- 21.15 FM 95BLÖ**
- 21.40 The Lying Game (7:20)** Spennuþættir frá höfundum Pretty Little Liars, og fjalla um eineggja tvíbúrasystur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urði gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni, þá fara dularfullir atburðir að gerast.
- 22.25 The O.C (14:25)** Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
- 23.10 Don't Tell the Bride (1:6)**
- 00.05 FM 95BLÖ**
- 00.30 The Lying Game (7:20)**
- 01.10 The O.C (14:25)**
- 02.00 Tónlistarmyndbönd**

## GULL

- 18.20 Doctors (162:175)**
- 19.00 Ellen**
- 19.40 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
- 20.40 Eldsnögg með Jóa Fel**
- 21.05 The Practice (9:13)**
- 21.50 Friends (5:24)**
- 22.15 Game of Thrones (7:10) (8:10)**
- 00.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
- 01.10 Eldsnögg með Jóa Fel**
- 01.40 The Practice (9:13)**
- 02.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40** Veðurfréttir **07.00 Fréttir 07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstiðin með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfréttir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfréttir **12.50** Dánarfréttir **13.00** Hringrás **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfréttir **18.53** Dánarfréttir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfréttir **22.10** Orð kvöldins **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið: Purple Rain - Prince **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

## SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil**
- 08.45 Pepsi MAX tónlist**
- 16.00 Kitchen Nightmares (9:13)**
- 16.45 Judging Amy (6:24)**
- 17.30 Dr. Phil**
- 18.15 Top Gear USA (5:16)**
- 19.05 America's Funniest Home Videos (9:48)**
- 19.30 Will & Grace (23:24)**
- 19.55 Parks & Recreation (20:22)** Leslie fer í kappreiðir við helsta keppinaut sinn á meðan sambandsslit eru yfirvofandi á deildinni.
- 20.20 Hotel Hell (5:6)** Skemmtileg þáttaröð frá meistara Gordon Ramsey þar sem hann ferðast um gervöll Bandaríkin í þeim tilgangi að gista á verstu hótélum landsins. Mikróstjórnun er sem myllusteinn um rekstur þessa hótels og bregður Ramsey á það ráð að fá hótelsstjórnann af stóru hóteli í heimsókn.
- 21.10 Hawaii Five-0 (5:24)** Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum. Trúarathafnir virðast hafa eitthvað að gera með morð sem framið er á Hrekkjavöku.
- 22.00 CSI (12:22)** Ted Danson er í hlutverki Russel, yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas. Þegar morð er framið á hæfileikaríkum tennisleikara þarf rannsóknardeildin að komast að því hvort fortíð eða nútíð eigi í hlut.
- 22.50 CSI (22:23)** Gamall og góður þáttur um rannsóknardeildina undir stjórn Gil Grissom.
- 23.30 Law & Order: Criminal Intent (5:8)**
- 00.20 The Bachelorette (7:10)**
- 01.50 Hawaii Five-0 (5:24)**

## SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **07.10** Arnold Palmer Invitational **2013 (4:4)** **10.10** Golfing World **11.00** Arnold Palmer Invitational **2013 (4:4)** **16.00** Tavistock Cup **2013 (1:2)** **21.00** Arnold Palmer Invitational **2013 (4:4)** **00.00** ESPN America
- 20.00** Bubbi og Lobbi, kosningakronika **20.30** Eldhús meistaranna **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Suðurnesjamasagín

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útlit Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útlit Boðun



## BAKAÐAR KJÚKLINGABRINGUR

Prófaðu bökuðu kjúklingabringurnar, fylltar með ferskum kryddjurtum og rjómaosti, ásamt fylltum paprikum. Bragðlaukarnir verða ekki sviknir af þessari hollustu.

Mikið úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is. Uppskriftavefurinn er jafn aðgengilegur í tölvunni, spjaldtölvunni og snjallsímanum.

Hollustan hefst á gottimatinn.is





# FERMINGARTILBOÐ



## STARLUX HEILSURÚM

90 x 200 cm  
Verð: 74.480.-


120 x 200 cm  
Verð: 93.250.-

140 x 200 cm  
Verð: 103.120.-

- Mjög sterkt og vandað gormakerfi
- Má snúa, tveir svefnfletir gefa tvöfalt betri endingu
- Þykkt efnismikið bólsturlag á sfvefnflötum gefur meiri þægindi og endingu.

- Stífir kantar tryggja stærri svefnflöt
- Á hverri dýnu eru tveir misstífir svefnfletir
- Mjög vandaður og sterkbyggður undirdívan klæddur svörtu eða hvítu leðurlíki og áföstum fótum í sama lit

### SATIN SÆNGURVER




Satin sængurver  
Frá Fussenegger  
Mikið úrval

**Tilboð**

Verð frá: **14.630.-**

### DÚNSÆNG/HEILSUKODDI



Heilsukoddi

Dúnsæng

**Tilboð**

**10.960.-**  
Verð áður: 13.700.-

**Tilboð**

**21.520.-**  
Verð áður: 26.900.-

### HRÚGÖLD



Hrúgöld  
Margir litir  
Flott gjöf í unglinga  
herbergið

**Tilboð**

**19.920.-**  
Verð áður: 24.900.-

**10.000.- kr. vöruúttekt fylgir keyptu fermingarrúmi**

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI\***

- > Mörkinni 4 > 108 Reykjavík > Sími: 533 3500
- > Hofsbót 4 > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
- > [www.lystadun.is](http://www.lystadun.is)





## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Perfect Day með Lou Reed.“

Íris Helga Baldursdóttir skólástjóri

## Syngja bæði á hebresku og úkraínsku

Friðrik Ómar, Regína Ósk og Selma Björns eru í stífri framburðarkennslu fyrir tónleikaröð.

„Það þýðir ekkert að standa á sviðinu og kunna ekki þessa texta. Þetta verður möppulaust „show“,“ segir Friðrik Ómar. Söngvararnir í sýningunni Saga Eurovision, Friðrik Ómar, Regína Ósk og Selma Björnsdóttir, hafa verið í stífri tungumála- og framburðarkennslu að undanförunu. Þau þurfa að syngja á fjölmörgum snúnum erlendum tungumálum í sýningunni, þar á meðal hebresku, úkraínsku, frönsku, slóvensku, ítölsku og þýsku.

„Þetta gengur ótrúlega vel. Það einhvern veginn liggur ótrúlega vel fyrir okkur að syngja á fullt af tungumálum. Við tökum þessa sýningu eins og leiksýningu. Við erum búin að æfa í mánuð og eigum sex vikur eftir.

Þetta er ekkert sveitaball,“ segir Friðrik Ómar og hlær.

Ellefu tónleikar eru fyrirhugaðir víða um land þar sem saga Eurovision-keppninnar verður rakin frá árinu 1956 til dagsins í dag. Fyrstu tónleikarnir verða í Hofi á Akureyri 19. apríl en þeir stærstu verða í Eldborg í Hörpu 4. maí. „Við förum þrjá hringi í kringum landið. Ég fékk frænda minn, sem er með meirapróf, til að keyra okkur. Fyrst ætluðum við að keyra sjálf en þetta er svo þétt prógram að við verðum að hvílast eitthvað,“ segir Friðrik Ómar, sem vonast til að sýningin fari til útlanda í framtíðinni. „Þetta „show“ er „international“. Við erum ekki að tjalda til einnar nætur.“ -fb



EUROBANDIÐ Eurobandið með þau Friðrik Ómar, Selmu Björnsdóttur og Regínu Ósk í fararbroddi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Ítalía heillar 11. - 18. júní

192.600 KR.-  
Mjög mikið innfalið

á mann í tvíbýli.  
Gist verður við Lago Maggiore í  
4 nætur og við Comovatt í 3 nætur.

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | URVALUTSYN.IS

### Um ferðina:

Þar sem Alþjóðin teygja sig suður á Ítalíu liggja nokkur undurfögur stöðuvötn, sum tilheyra alfarið Ítalíu, önnur eiga líka landamæri að Sviss. Í þessari fallegu ferð gefst einstakt tækifæri til að kynna nánar þessu einstaka svæði á Norður-Ítalíu.

Fararstjóri: Hlíf Ingibjörnsdóttir

## Bar hlutverkið fyrst undir foreldra sína

Svandís Dóra Einarsdóttir, dóttir Einars Bollasonar, fer með hlutverk í Hvörfum.

Svandís Dóra Einarsdóttir fer með hlutverk í leikritinu Hvörfum sem fjallar um Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Hún er dóttir Einars Bollasonar, sem sat saklaus í einangrun í 104 daga við rannsókn málsins.

„Rúnar Guðbrandsson leikstjóri hringdi í mig og spurði hvort ég vildi vera með,“ segir Svandís Dóra, sem þurfti að hugsa sig um í dálítinn tíma. Hún ákvað fyrst að bera málið undir foreldra sína. „Þau vissu ekkert að það ætti að setja þetta upp og að sjálfsgöðu brá þeim svoltið. En þau sögðu að þetta mál væri búið og að þau treystu mér. Ég treysti líka fólkinu sem ég er að vinna með til að búa til góða sýningu. Þegar ég sá hvernig það nálgadist þetta og hvað það ætlaði að gera með þetta mál sannfærðist ég.“

Rithöfundurinn Sjón skrifar handritið í samvinnu við Stefán Hall Stefánsson og leikstjórnann Rúnar. Auk Svandísar Dóru eru í leikhópnum Ólafur Darri Ólafsson, Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Arnar Jónsson, Friðrik Friðriksson og Stefán Hallur Stefánsson. Guðni Franzson sér um tónlistina og Eva Signý Berger hannar leikmynd. Sýningin verður sett á fjárlirnar í Þjóðleikhúsinu 4. maí.

Að sögn Svandísar Dóru byggir leiksýningin fyrst og fremst á staðreyndum úr skýrslunum í tengslum við málið. „Mér fannst flott að þeir eru ekki að búa til neina píslarvætti eða leggja neinn dóm á eitt eða neitt. Það er bara verið að skapa sýningu út frá staðreyndum.“

Persóna Einars, föður hennar, kemur við sögu í sýningunni en nöfn hans eða annarra í tengslum við málið koma ekki fram. „Þeir eru þarna fjórmenningarnir, krakkarnir, lögreglan og yfirvöld.“

Svandís Dóra var ekki fædd þegar atburðirnir áttu sér stað árið 1976. Hún kom ekki í heiminn fyrr en átta árum síðar.



TALADI VIÐ MÖMMU OG PABBA Svandís Dóra bar hlutverkið í leikritinu undir foreldra sína áður en hún samþykkti að vera með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Í einangrun í Síðumúlafangelsi

Árið 1976 sat Einar Bollason, ásamt þremur öðrum, saklaus í 105 daga í einangrun í Síðumúlafangelsinu eftir að Erla Bolladóttir og aðrir sakborningar í Geirfinnsmálinu höfðu bendlað hann við málið. Síðar meir fékk hann bætur frá ríkinu vegna þess.

Einar, sem er fyrrverandi körfboltamaður og -þjálfari, er einn stofnenda ferðabjónustufyrirtækisins Íshesta, sem fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu í fyrra. Um svipað leyti lét hann af starfi framkvæmdastjóra. Í fyrra var Einar í hópi fimm fjárfesta sem keyptu nokkur af þekktustu hótélum landsins, þar á meðal Hótel KEA á Akureyri og Hótel Borg í Reykjavík.

Aðspurð segist hún ekki kvíða sérstaklega fyrir hlutverkinu þrátt fyrir að það standi henni mjög nærri. „Maður fær alltaf hnút í magann fyrir hverja sýningu, hvort

sem það er þessi eða einhver önnur. Ég nálgast þetta eins og allar mínar sýningar. En þarna verður margt sem mun koma fólki á óvart.“

freyr@frettabladid.is

## BRÚÐKAUPSBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS KEMUR ÚT MIÐVIKUDAGINN 27. MARS



Meðal efnis í blaðinu eru siðir og venjur, veislumatur, förðun, brúðkaupsmyndir ásamt ýmsu skemmtilegu tengdu brúðkaupinu.

Tryggið ykkur pláss sem allra fyrst.

Umsjón auglýsinga  
í Brúðkaupsblaðið eru:

Elsa s: 512-5427 elsaj@365.is  
Jóna María s: 512-5473 jmh@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

## Vantar hóp fólks í bankaatriði

Auglýst eftir fólki til að taka þátt í stóru atriði í kvikmyndinni Vonarstræti.

Forsvarsmenn kvikmyndarinnar Vonarstræti hafa auglýst eftir fólki til að taka þátt í stóru atriði sem verður tekið upp á þriðjudaginn. Það gerist í samkvæmi árið 2006 í ótilgreindum banka. Um sextíu til sjötíu manns vantar í atriðið.

Aðspurður segir leikstjórinn Baldvin Z að tölur á Vonarstræti hafi gengið mjög vel en þær hófust í febrúar. Eitt atriði var tekið upp um daginn á skemmtistaðnum Óbladí þar sem allir helstu utangarðsmenn Reykjavíkur voru samankomnir. „Þeir voru mjög skemmtilegir,“ segir Baldvin Z um utangarðsmennina. Í atriðinu var drukkið tólf ára gamalt viskí, sem að sjálfsgöðu var ekki alvöru viskí. „Þetta var alltaf jafnsvekkjandi fyrir þá. En þeim fannst rosalega gaman að taka þátt í að leika í þessari mynd og þeir stóðu sig frábærlega.“

Vonarstræti, sem verður frumsýnd snemma á næsta ári, er dramatísk en um leið myndin samtímasaga. Í stærstu hlutverkum eru Hera Hilmarsdóttir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Þorsteinn Bachmann. Í smærri hlutverkum eru Edduverðlaunahafinn



HÖFUNDAR Leikstjórinn Baldvin Z og Birgir Örn steinarsson eru handritshöfundar Vonarstrætis.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Theódór Júlíusson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Anna Lís Hermansdóttir. -fb





Nº27  
2013

Listahátíð  
í Reykjavík



Frægustu danstónverk Stravinskys  
á Listahátíð í Reykjavík

24. maí, KL. 19:30

25. maí, KL. 15:00

@ Harpa, Eldborg

KR. 3.000–8.900

Einstakt tækifæri til að upplifa danstónverk sem breytt hafa tónlistarsögunni og sjá nútímaleg og klassísk dansverk við lifandi flutning Sinfóníunnar á Eldborgarsviði Hörpu. Aðeins tvær sýningar.

Dansar í Eldborg njóta stuðnings

vib

## Dansar í Eldborg

### Íslenski dansflokkurinn & Sinfóníuhljómsveit Íslands — Vorblótið & Petrúska

Miðasala hefst í dag KL. 12:00 á [listahatid.is](http://listahatid.is) og í miðasölu Hörpu í síma 528 5050

[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)

Samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Hörpu og Listahátíðar í Reykjavík með þátttöku Listaháskóla Íslands.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Landsvirkjun



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Smekkleysa og lúðagangur

Snorri Ásmundsson myndlistarmaður er óhress með hvernig staðið var að kosningum í stjórn Samband Íslenskra myndlistarmanna, SÍM, nýverið. Snorri telur konur í SÍM hafa bundist samtökum um að kjósa ekki karla og þykir lítið til jafnréttisins koma. Á Facebook-síðu Snorra mátti á föstudag lesa harðorða kláusu þar sem hann sakaði eina stjórnarkonu SÍM um að hafa sent fjöldapóst á konur í félaginu þar sem þeim var uppálagt að kjósa aðeins konur í stjórnina. Árangurinn hafi orðið sá að af þremur nýjum stjórnarmönnum séu þrjár konur. Snorri lýkur færslunni með þessum orðum:



„Engin lög brotin en fullkomin smekkleysa og lúðagangur að mínu mati og breytti viðhorfum mínum til félagsins. Því ég er jafnréttissinni og ég þoli ekki samsæri af neinum toga.“ - fsb

#### Þórhildur gerir ráð fyrir að hætta sem dómari

Fréttakonan og Gettu betur-dómarinn Þórhildur Ólafsdóttir gerir ráð fyrir því að hennar tíma í dómarsætinu sé lokið, en eins og flestir vita lauk Gettu betur þetta árið á laugardaginn. Þórhildur hefur verið dómari undanfarnin tvö ár og segir á Facebook-síðu sinni að tíminn hafi verið lærdómsríkur. Hún segir tvö ár „temmilegt“ og því taki væntanlega einhver önnur við á næsta ári. Aðdáendur Þórhildar hljóta þó að skora á hana að halda áfram þriðja árið í röð. - peb



#### Mest lesið

- 1 Íslendingar létust í fallhlífartökki á Flórída
- 2 Sefur í búri
- 3 Fallhlífarnar opnuðust ekki
- 4 Voru í sínu þriðja stökki
- 5 MR-ingar fögnuðu sigrinum vel



www.forlagid.is  
- alvöru bókabúð á netinu

## FERMINGARTILBOÐ

**DRAUMARÚM**

30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



120 x 200 cm rúm á fermingartilboði.


Verð frá **79.442**



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing\*

**LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGUGREINING**



Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

RúmGott er eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu.

Tilboð á arineldstæðum 20-65% afsláttur **SÍÐUSTU DAGAR**

Verð: 34.900



Verð: 44.900



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**



RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is